Skjal sótt af '0000000000' dags: 17.11 2026

Nýtt Aðalskipulag Kópavogs 2019 til 2040

Tillaga auglýst 20. mars 2021

Athugasemdafrestur til 27. maí 2021

Greinargerð /umsögn

Forsendur
Ferill málsins
Ábendingar, athugasemdir og umsagnir
Niðurstaða
Fylgiskjöl

Júlí 2021
Málsnúmer í one: 1901481, Aðalskipulag Kópavogs 2019-2040
1807024, Heimild til að hefja endurskoðun aðalskipulags
Afgreiðsla skipulagsráðs xx.xx. 2021
Afgreiðsla bæjarstjórnar xx.xx. 2021

Útgáfa 1a: Skýringarmynd uppfærð/leiðrétt 3. 9.2021 á blaðsíðu 42.

1. Inngangur – almennt um aðalskipulag 4
2. Forsendur endurskoðunar aðalskipulags Kópavogs 4
2.1 Endurskoðun aðalskipulags – helstu áherslur 4
3. Ferill máls 6
3.1 Ferill máls, yfirlit 6
3.2 Skipulagslýsing – febrúar 2019 7
3.3 Mikilvægisgreining – haust 2019 7
3.4 Vinnslutillaga aðalskipulags 2019 – 2031+ 8
3.5 Tillaga nýs aðalskipulags 2019-2040 9
3.5.1 Úrvinnsla vinnslutillögu 9
3.6 Umsagnaraðilar 10
3.7 Umsagnir frá umsagnaraðilum og athugasemdir/ábendingar 11
3.7.1 Yfirlit - Innsendar umsagnir, athugasemdir og ábendingar 11
3.7.2 **Athugasemd nr. 1** – Varðar eignina Digranesveg 81 13
3.7.3 Umsögn við athugasemd nr. 1 – Digran.v. 81 15
3.7.4 **Athugasemd nr. 2** – Forsætisráðuneytið, fjr 15
3.7.5 Umsögn við athugasemd nr. 2, fjr 15
3.7.6 **Athugasemd nr. 3** – Íbúi Huldubraut 48 15
3.7.7 Umsögn við athugasemd nr. 3, Huldubraut 48 16
3.7.8 **Athugasemd nr. 4** – Umhverfisstofnun, UST 17
3.7.9 Umsögn við athugasemd nr. 4, Umhverfisstofnun, UST 18
3.7.10 **Athugasemd nr. 5** – Garðabær 23
3.7.11 Umsögn við athugasemd nr. 5, Garðabær 24
3.7.12 **Athugasemd nr. 6** – Húsfélag Þorrasala (samrit) 25
3.7.13 Umsögn við athugasemd nr. 6, húsfélag Þorrasala 25
3.7.14 **Athugasemd nr. 7** – Isavia 26
3.7.15 Umsögn við athugasemd nr. 7, Isavia 26
3.7.16 **Athugasemd nr. 8** – Vinir Kópavogs 27
3.7.17 Umsögn við athugasemd 8 - Vinir Kópavogs 29
3.7.18 **Athugasemd 9** – Mosfellsbær 39
3.7.19 Umsögn við athugasemd 9, Mosfellsbær 40
3.7.20 **Athugasemd 10** – Reiðvegnefnd Spretts (sjá einnig 15, 16, (17), 20) 40
3.7.21 Umsögn við athugasemd 10, reiðveganefnd Spretts (15, 16, (17), 20) 41
3.7.22 **Athugasemd 11** – Vegagerðin, Vg 44
3.7.23 Umsögn við athugasemd 11, Vg 46
3.7.24 **Athugasemd 12** – Heilbrigðisnefnd/Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis, HHK 48
3.7.25 Umsögn við athugasemd 12 - Heilbrigðisnefnd/Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis, HHK 49
3.7.26 **Athugasemd 13** – f.h. íbúa Þinghólsbraut 73, 75, 78, 80 og 82 54
3.7.27 Umsögn við athugasemd 13, íbúar Þinghólsbraut 55
3.7.28 **Athugasemd 14** – f.h. lóðarhafa í ,,Nýrri Auðbrekku“ 57
3.7.29 Umsögn við athugasemd 14, „ný Auðbrekka“ 58
3.7.30 **Athugasemd 15** – Reiðveganefnd Kjalarnesþings hins forna (sjá einnig nr. 10) 58
3.7.31 Umsögn við athugasemd 15, reiðveganefnd Kjalarnesþings hins forna (sjá nr. 10) 58
3.7.32 **Athugasemd 16** – varðandi forsendur Kjóavalla (sjá einnig nr. 10) 59
3.7.33 Umsögn við athugasemd 16, forsendur, Kjóavellir (sjá nr. 10) 59
3.7.34 **Athugasemd 17,** Kjóavellir og nágrenni 61
3.7.35 Umsögn við athugasemd 17, Kjóavellir og nágrenni 62
3.7.36 **Athugasemd 18**, Kjóavellir og nágrenni (sjá nr. 17) 63

Skjal sótt af '0000000000' dags: 17.11.2026

3.7.37 Umsögn við athugasemd 18, Kjóavellir og nágrenni (sjá nr. 17) 63
3.7.38 **Athugasemd 19** – f.h. lóðarhafa í Auðbrekku 64
3.7.39 Umsögn Kópavogsbæjar við athugasemd 19, Auðbrekka 64
3.7.40 **Athugasemd 20,** hmf Sprettur (sjá nr. 10) 64
3.7.41 Umsögn við athugasemd 20, hmf Sprettur 66
3.7.42 **Athugasemd 21,** Kjóavellir og nágrenni (sjá nr. 17) 67
3.7.43 Umsögn við athugasemd 21, Kjóavellir og nágrenni (sjá nr. 17) 68
3.7.44 **Athugasemd 22,** Kjóavellir og nágrenni (sjá nr. 17) 69
3.7.45 Umsögn við athugasemd 22, Kjóavellir og nágrenni (sjá nr. 17) 69
3.7.46 **Athugasemd 23**, Kjóavellir og nágrenni (sjá nr. 17) 70
3.7.47 Umsögn við athugasemd 23, Kjóavellir og nágrenni (sjá nr. 17) 71
3.7.48 **Athugasemd 24** – Náttúrufræðistofnun Íslands, NÍ 71
3.7.49 Umsögn Kópavogsbæjar við athugasemd 24 (frá Náttúrufræðistofnun Íslands) 72
3.7.50 **Athugasemd 25,** Kjóavellir og nágrenni (sjá nr. 17) 74
3.7.51 Umsögn við athugasemd 25, Kjóavellir og nágrenni (sjá nr. 17) 74
3.7.52 **Athugasemd 26** – Svifflugfélag Íslands, SFÍ 75
3.7.53 Umsögn við athugasemd 26, SFÍ 76
3.7.54 **Athugasemd 27 - Veitur** 77
3.7.55 Umsögn við athugasemd 27, Veitur 77
3.7.56 **Athugasemd 28** - f.h. lóðarhafa í Auðbrekku 78
3.7.57 Umsögn við athugasemd 28, Auðbrekka 78
3.7.58 **Athugasemd 29** – Vatnsendaland, einn erfingja 79
3.7.59 Umsögn við athugasemd 29, Vatnsendaland, einn erfingja 79
3.7.60 **Athugasemd 30,** Kjóavellir og nágrenni (sjá nr. 17) 80
3.7.61 Umsögn við athugasemd 30, Kjóavellir og nágrenni 80
3.7.62 **Athugasemd 31**, Kjóavellir og nágrenni (sjá nr. 17) 81
3.7.63 Umsögn við athugasemd 31, Kjóavellir og nágrenni 82
3.7.64 **Athugasemd 32,** Bæjarlind, miðsvæði 82
3.7.65 Umsögn við athugasemd 32, Bæjarlind, miðsvæði 83
3.7.66 **Athugasemd 33**, Kjóavellir og nágrenni (sjá nr. 17) 83
3.7.67 Umsögn við athugasemd 33, Kjóavellir og nágrenni 83
3.7.68 **Athugasemd 34,** Kjóavellir og nágrenni (sjá nr. 17) 84
3.7.69 Umsögn við athugasemd 34, Kjóavellir og nágrenni 84
3.7.70 **Athugasemd 35**, Kjóavellir og nágrenni (sjá nr. 17) 85
3.7.71 Umsögn við athugasemd 35, Kjóavellir og nágrenni (sjá nr. 17) 85
3.7.72 **Athugasemd 36** – Veðurstofa Íslands, VÍ 86
3.7.73 Umsögn við athugasemd 36, VÍ 86
3.7.74 **Athugasemd 37** – Landsnet 87
3.7.75 Umsögn við athugasemd 37, Landsnet 88
3.7.76 **Athugasemd 38,** Minjastofnun Íslands, MÍ 89
3.7.77 Umsögn við athugasemd 38, Minjastofnun Íslands, MÍ 91
3.7.78 **Athugasemd 39,** Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins, SSH 92
3.7.79 Umsögn við athugasemd 39, SSH 92
3.7.80 **Athugasemd nr. 40** – Póst- og fjarskiptastofnun, Pfj 92
3.7.81 Umsögn við athugasemd 00 (Pfj) 92
3.8 Yfirlit yfir helstu skjöl verkefnis 93
3.9 Viðauki 1 94
3.9.1 Innkomnar athugasemdir ásamt fylgiskjölum. Skönnuð gögn, pdf. 94

Skjal sótt af '0000000000' dags: 17.11.2026

1. Inngangur – almennt um aðalskipulag

Aðalskipulag er eitt af meginstjórntækjum bæjarfélagsins og framtíðarsýn um þróun byggðar innan lögsögu sveitarfélagsins. Aðalskipulagið er unnið samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 og skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Aðalskipulag Kópavogs 2012-2024 var staðfest af Skipulagsstofnun 24. febrúar 2014 samkvæmt 3. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. **Með staðfestingu Aðalskipulags Kópavogs 2019-2040** fellur Aðalskipulag Kópavogs 2012-2024 úr gildi.

Með setningu laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 er kveðið á um að gerð sé grein fyrir umhverfisáhrifum nýs aðalskipulags og mögulegum mótvægisaðgerðum. Þar af leiðandi er umhverfismat aðalskipulagsins unnið samhliða og skipulagsákvarðanir metnar með tilliti til umhverfisáhrifa.

Aðalskipulag Kópavogs 2019 – 2040 og umhverfismat þess er unnið með hliðsjón af *Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.*

Stefna

Í aðalskipulagi er sett fram stefna sveitarstjórnar um þróun sveitarfélagsins varðandi, landnotkun, byggðarþróun, byggðarmynstur, samgöngu- og þjónustukerfi, umhverfismál o.fl. Aðalskipulag er grundvöllur fyrir gerð deiliskipulags í sömu málaflokkum.

Gerð var grein fyrir helstu forsendum endurskoðunar aðalskipulags í skipulagslýsingu sem kynnt var í apríl 2019. Sjá næsta kafla.

2. Forsendur endurskoðunar aðalskipulags Kópavogs

Forsendur

Forsendur aðalskipulagsins eru byggðar á lögum um skipulags- og umhverfismál, áherslum og markmiðum bæjaryfirvalda á þeim möguleikum sem felast í byggðaþróun bæjarfélagsins svo og takmörkunum á nýtingu bæjarlandsins frá náttúrunnar hendi – lögsaga, náttúrufar, eignarhald á landi, fjárhagslegar forsendur, byggðarþróun o.fl.

Einnig er gildandi aðalskipulag og aðrar skipulagsáætlanir á efri stigum forsendur endurskoðunar.

2.1 Endurskoðun aðalskipulags – helstu áherslur

Nýtt Aðalskipulag Kópavogs 2019-2040 byggir í megindráttum á Aðalskipulagi Kópavogs 2012-2024. Allt skipulagið hefur verið endurskoðað; uppdrættir, greinargerð og viðaukar og Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna hafa verið samþætt aðalskipulaginu. Miðað er við stöðu uppbyggingar í lok árs 2019.

Meginbreyting í nýju aðalskipulagi 2019-2040, frá fyrri áætlun (2012-2024), er;

1. Áætlanir um uppbyggingu 2019-2040 hafa verið endurskoðaðar.
    - Miðað er við mögulega aukningu íbúðar- og atvinnuhúsnæðis til 2040, m.a. með hliðsjón af möguleikum til uppbyggingar innviða svo sem skóla og leikskóla.
        - Við mat á uppbyggingu íbúðarbyggðar var fjölgun íbúða áætluð annars vegar til 2030 og hins vegar fullbyggð hverfi eftir 2031 eða til 2040.
        - Áætlanir í aðalskipulagi þessu ná til ársins 2040.
2. Þróunar- og uppbyggingarsvæði hafa verið rýnd og endurskoðuð. Settar eru fram hugmyndir um áframhaldandi uppbyggingu þróunarsvæða og tillögur að nýjum þróunarsvæðum. Uppbygging og/eða þétting er sett fram í nýjum talnagrunni sem m.a. má sjá í töflum í köflum 2. Byggð, 3. Atvinnulíf og í kafla 7. um hverfisáætlanir.
    - Rýni á grunnkerfum (innviðir) bæjarins.
    - Unnið út frá áætlun um hágæða almenningssamgöngur (Borgarlínu) með vísan til gildandi svæðisskipulags „Höfuðborgarsvæðið 2040“.
3. Endurskoðun á landnotkun í upplandi sveitarfélagsins.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 17.11.2026

Lögð er fram tillaga að landnotkun alls upplandsins, m.a. á Sandskeiði og norðan þess, að mörkum Mosfellsbæjar þar sem skipulagi var frestað í síðustu útgáfu aðalskipulags 2012-2024. Úrskurðað var um mörk bæjarfélaganna á svæðinu í Hæstarétti 29. október 2009, mál nr. 685/2008.

Tillögur að landnotkun „nýs landsvæðis“ innan Kópavogs sem áður var í Reykjavík. Miðað er við breytt sveitarfélagsmörk milli Reykjavíkur og Kópavogs með vísan til úrskurðar Hæstaréttar 16. nóvember 2017.

Skipulagi er frestað: Í Vatnsenda er aðalskipulagi enn frestað á um 35 ha landsvæði sunnan Vatnsvíkur í Elliðavatni. Sjá kafla 1.8.7 Skipulagi frestað.

4. Rammahluti aðalskipulags í kafla 7 er endurskoðaður, m.a. með það að markmiði að auka gæði byggðar í eldri hverfum bæjarins á ódeiliskipulögðum svæðum. Rammahluta aðalskipulags skal hafa til hliðsjónar við breytingar á deiliskipulagi í þegar byggðum hverfum.

   Unnið hefur verið að hverfisáætlunum sem eru leiðbeinandi um þróun og uppbyggingu hverfanna. Fjallað er um hverfisáætlanir í 7. kafla.

5. *Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun* og stefna bæjarstjórnar Kópavogs, sem byggð er á heimsmarkmiðunum, er innleidd í aðalskipulagið.

6. Gert er ráð fyrir Borgarlínu, m.a. með vísan til fyrri breytinga á aðalskipulagi Kópavogs og samkomulags sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins-*Höfuðborgarsvæðið 2040*.

7. Skipulagsáætlunin, Aðalskipulag Kópavogs 2012-2024, var jafnframt uppfærð og endurskoðuð með tilliti til annarra áætlana, s.s. landskipulagsstefnu, svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins – Höfuðborgarsvæðið 2040, aðalskipulags aðlægra sveitarfélags o.fl. Endurskoðuð áætlun er sett fram í **Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040** eins og að ofan greinir.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 17.11.2026

3. Ferill máls

3.1 Ferill máls, yfirlit

I. Undirbúningur sumar / haust 2018

Skipulagslýsing auglýst 23. mars 2019
-kynningarfundur 2. apríl 2019
-athugasemdafrestur til 23. apríl 2019

II. Gerð aðalskipulags; 2019-2021
Vinnsla
-stefna, markmið,heimsmarkmið – sumar 2019
Mikilvægisgreining, samráð, heimsmarkmið stefna haust 2019
- þrír vinnustofufundur í september og október 2019
- niðurstaða kynnt þátttakendum
- kynning á skipulagsdeginum 8. nóvember 2019
Nánari vinnsla;
-stefna, markmið,heimsmarkmið, mælivarðar o.fl.
-greinargerð, uppdrættir, þemakort o.fl.
Vinnslutillaga; fyrri hluti árs 2020;
- auglýst júlí 2020
- kynningarfundur 20. ágúst 2020
- athugasemdafrestur til 31. ágúst 2020

III. Skipulagstillaga auglýst; mars 2021
- bæjarstjórn samþykkti 3. desember 2020 að auglýsa tillöguna;
- umsögn Skipulagsstofnunar, febrúar 2021
- tillaga auglýst 19., 20. og 23. mars 2021
- kynningarfundur 15. apríl 2021
- athugasemdafrestur til 27. maí 2021
  - innkomnar athugasemdir lagðar fram á fundi skipulagsráðs 7. júní 2021
- skipulagsráð 21. júní 2021, umhverfis- og samgöngunefnd 29. júní 2021
  - innkomnar athugasemdir lagðar fram
  - drög, dags. 18. júní 2021, að umsögn skipulagsdeildar um forsendur, feril máls, ábendingar og athugasemdir – og umsagnir
  - minnisblað skipulagsdeildar, dög dags. 18. júní 2021, um helstu tillögur að breytingum/úrvinnslu með vísan til ábendinga
  -heimild til frestunar skipulags, bréf umhverfisráðherra dags. 11. júní 2021
  -auglýst tillaga að nýju aðalskipulagi 2019-2040, dags. 24. nóvember 2020, uppfærð í febrúar 2021, ásamt fylgiskjölum
- skipulagsráð 5. júlí 2021
  - umsögn skipulagsdeildar, dags. 2. júlí 2021 – forsendur, ferill máls, ábendingar og athugasemdir, umsagnir, niðurstaða, fylgiskjöl
  - minnisblað skipulagsdeildar, dags. 2. júlí 2021, um helstu tillögur að breytingum/úrvinnslu í ljósi ábendinga
  - tillaga að nýju Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2021, dags. 2. júlí 2021 – greinargerð, uppdrættir og vegaskrá – ásamt fylgigögnum; Fornleifaskrá(r) Kópavogs 2020 fyrir heimaland annars vegar og uppland hins vegar – umferðarspá 2019-2031+
  -heimild til frestunar aðalskipulags, bréf umhverfisráðherra dags. 11. júní 2021

FERILL, KYNNING OG UMFJÖLLUN Í NEFNDUM OG RÁÐUM:

Endurskoðun aðalskipulags. Skipulagsráð Kópavogsbæjar samþykkti 16. júlí 2018 að hefja endurskoðun Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024. Bæjarráð, í umboði bæjarstjórnar, staðfesti afgreiðslu skipulagsráðs, 26. júlí 2018. Skipulagsráð fjallaði um aðgerðaráætlun aðalskipulags 29. október og 19. nóvember 2018.

Fundað var 25. janúar 2019 með Skipulagsstofnun um undirbúning og almennar áherslur í endurskoðun aðalskipulags Kópavogs.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 17.11.2026

3.2 Skipulagslýsing – febrúar 2019

SKIPULAGSLÝSING

Skipulagslýsing. Á fundi skipulagsráðs 18. febrúar 2019 og fundi bæjarstjórnar 26. febrúar 2019 var skipulagslýsing (verkefnislýsing) samþykkt í samræmi við 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sameiginlegur fundur skipulagsráðs og umhverfis- og samgöngunefndar var haldinn 1. apríl 2019 um skipulagslýsingu. Sjá umfjöllun um helstu áherslur vinnunnar hér að framan í kafla „2.1 Endurskoðun aðalskipulags – helstu áherslur".

Skipulagslýsingin var kynnt á borgarafundi í Hörðuvallaskóla 2. apríl 2019. Skipulagslýsing var einnig send til umsagnar hjá Skipulagsstofnun og öðrum lögbundnum hagsmunaaðilum í samræmi við 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, „30. gr. Gerð aðalskipulags, kynning og samráð". Athugasemdir og ábendingar hagsmunaaðila voru kynntar á fundi skipulagsráðs 20. maí 2019.

Skipulagslýsing og íbúafundur voru auglýst í Fréttablaðinu 23. mars 2019 og á Facebook. Skipulagslýsingin var kynnt á vefsíðu Kópavogs.

Athugasemdafrestur var til og með 8. apríl 2019.

Skipulagslýsing var til umsagnar eftirfarandi:

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis
- Samgöngustofa
- Vegagerðin
- Minjastofnun Íslands
- Isavia ohf
- Veitur ohf
- Strætó
- Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu
- Sveitarfélög, aðliggjandi og aðilar að svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins:
    - Reykjavík
    - Garðabær
    - Mosfellsbær
    - Hafnarfjörður
    - Seltjarnarnesbær
    - Sveitarfélagið Ölfus
    - Grindavíkurbær

Umsagnir bárust frá Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun, Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, Samgöngustofu, Vegagerðinni, Minjastofnun Íslands, Isavia ohf, Veitum ohf, Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Reykjavík, Garðabæ, Mosfellsbæ, Seltjarnarnesbær, Sveitarfélagið Ölfus, Grindavíkurbær. Fundað var með Náttúrufræðistofu Kópavogs 26.apríl 2019. Auk þess bárust ábendingar og fyrirspurnir frá Halldóri Halldórssyni, Guðlaugu Jónsdóttur, Sóley Skúladóttur, Sylvíu G. Waltersdóttur.

Yfirlit skipulags- og byggingardeildar dags. 15. maí 2019, uppfært í júlí 2019, varðandi umsagnir hagsmunaaðila um skipulagslýsingu vegna endurskoðunar Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024.

3.3 Mikilvægisgreining – haust 2019

Mikilvægisgreining.

Við val á aðferðarfræði, til að samræma/aðlaga stefnumið aðalskipulags við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, var ákveðið að horfa til mikilvægismats (e. materiality assessment) sem framkvæmt er með mikilvægisgreiningu (e. materiality matrix).

Mikilvægisgreiningin var unnin út frá áherslum aðalskipulagsins þ.e. hvernig aðalskipulagið styður við eða stuðlar að markmiðum heimsmarkmiðanna um sjálfbæra þróun. Haldnir voru þrír vinnustofufundir um mikilvægisgreiningar í september og október 2019. Þátttakendur voru ólíkir hagsmunaaðilar. Vinnustofufundir voru eftirfarandi:

1. 3. sept. 2019: Vinnustofufundur með starfsfólki umhverfissviðs og stefnumótunarsviði Kópavogsbæjar auk fagaðila frá Skipulagsstofnun og Samtökum Sveitarfélaga á Höfuðborgarsvæðinu sem var haldin þann 3. september 2019.
2. 10. okt. 2019: Vinnustofufundur með fulltrúum atvinnulífsins í Kópavogi, félagasamtaka, íbúa, ungmenna- og öldungaráðs auk starfsfólks á menntasviði og velferðarsviði Kópavogs sem var haldin þann 10. október 2019.
3. 16. okt. 2019: Vinnustofufundur með fulltrúum bæjarráðs Kópavogs, skipulagsráðs og umhverfis- og samgöngunefndar sem var haldin þann 16. október 2019.

Þátttakendur í vinnustofufundum skilgreindu helstu áhrif aðalskipulags á sjálfbæra þróun í Kópavogi, bæði jákvæð og neikvæð áhrif. Þau átti að greina eftir megin viðfangsefnum aðalskipulags sem sett eru fram í nokkrum köflum í greinargerð aðalskipulagsins. Þessir kaflar eru: Umhverfi, samfélag, grunnkerfi, atvinnulíf og byggð. Í framhaldinu voru þátttakendur beðnir um velja mikilvægustu áhrifin og eftir það voru þau tengd við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Til að einfalda vinnunna voru áhrif flokkuð saman í yfirflokka og þeir tengdir við heimsmarkmiðin.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 17.11.2026

Niðurstöður vinnunnar/mikilvægisgreininga(r).

Niðurstöður voru kynntar þátttakendum á fundi í Safnaðarheimili Kópavogs 14. nóvember 2019.

Sagt var frá vinnunni á Skipulagsdeginum 8. nóvember 2019.

Greinargerð um vinnuna og niðurstöður er í viðauka *2 (kafla 10), Niðurstöður mikilvægisgreiningar, Heimsmarkmið SÞ.*

Við úrvinnslu á niðurstöðum mikilvægisgreiningar var annars vegar skoðuð heildarniðurstaða og hins vegar niðurstöður eftir meginköflum aðalskipulags. Niðurstöður voru notaðar í rýni og endurskoðun *markmiða* og *leiða* greinargerðar aðalskipulags og mælikvarðar skilgreindir.

Vinna við aðlögun aðalskipulags og Heimsmarkmiða SÞ, vinnustofufundir um mikilvægisgreiningar og úrvinnsla niðurstaðna var unnin af verkfræðistofunni Mannviti í samvinnu við skipulags- og byggingardeild Kópavogs. Einnig unnu ráðgjafarnir að skilgreiningu mælikvarða aðalskipulagsins í samvinnu við skipulags- og byggingardeild Umhverfissviðs, Stjórnsýslusvið Kópavogs og fleiri.

3.4 Vinnslutillaga aðalskipulags 2019 – 2031+

VINNSLUTILLAGA

Vinnslutillaga að Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2031+, dags. 3-7. júlí 2020.

Vinnslutillaga. Fundað var með Skipulagsstofnun um drög að vinnslutillögu 5. mars 2020.

Maí og júní 2020. Vinnslutillaga var rædd á fundum skipulagsráðs, umhverfis- og samgöngunefndar og haldnir voru vinnufundir með bæjarfulltrúum.

Vinnslutillaga, greinargerð og uppdráttur ásamt umhverfisskýrslu og öðrum viðaukum, var lögð fram í á-föngum;

- á fundum skipulagsráðs 4. og 18. maí og 2. og 12. júní 2020 og 7. júlí 2020,
- drög að vinnslutillögu voru send til nefnda, ráða og sviða Kópavogsbæjar 20. maí 2020,
- vinnslutillaga var lögð fram á fundi sameiginlegum fundi skipulagsráðs og umhverfis- og samgöngunefndar 2. júní 2020,
- á fundi með bæjarfulltrúum 11. júní 2020 (kynning vinnslutillögu, umferðarspár, heimsmarkmiða og umhverfisskýrslu),
- ný drög að vinnslutillögu send til nefnda, ráða og sviða Kópavogsbæjar 16. júní 2020,
- vinnufundir með bæjarfulltrúum 25. og 30. júní 2020,
- skipulagsráð samþykkir að kynna vinnslutillögu 7. júlí 2020.

Kynning/auglýsing vinnslutillögu

Vinnslutillaga nýs aðalskipulags (vinnslutillaga 2019-2031+) var kynnt samkvæmt 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 „30. gr. Gerð aðalskipulags, kynning og samráð.“ Tillagan var auglýst í Fréttablaðinu og á heimasíðu Kópavogsbæjar 11. júlí 2020. Frestur til að skila inn athugasemdum var til 31. ágúst 2020. Haldinn var opinn kynningarfundur 20. ágúst 2020. Sökum Covid var fundurinn rafrænn, boðið var upp á fyrirspurnir á fundartíma og upptaka af kynningum var aðgengileg á heimasíðu Kópavogsbæjar fram í október 2020. Kynningarfundurinn og breytt fyrirkomulag fundar þ.e. um að hann yrði rafrænn var auglýst á heimasíðu Kópavogs og í Fréttablaðinu 15. og 19. ágúst 2020. Vinnslutillagan var send til umsagnar/kynningar hjá hagsmunaaðilum samanber erindi dags. 10. júlí 2020.

Úrvinnsla vinnslutillögu með hliðsjón af ábendingum og athugasemdum við vinnslutillögu að lokinni kynningu samkvæmt 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga „30.gr. Gerð aðalskipulags, kynning og samráð“.

Athugasemdir og ábendingar og umsagnir hagsmunaaðila voru kynntar á fundi skipulagsráðs 7. september 2020. Skipulagsráð samþykkti að hefja vinnu við gerð tillögu að nýju aðalskipulagi Kópavogs fyrir tímabilið 2019-2031+ á grundvelli framlagðrar vinnslutillögu og umsagna og ábendinga er fram komu er vinnslutillagan var kynnt.

Vinnslutillaga var send til umsagnar eftirfarandi:

- Skipulagsstofnun
- Vegagerðin
- Umhverfisstofnun
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Náttúrufræðistofa Kópavogs
- Minjastofnun Íslands
- Samgöngustofa
- Veitur ohf
- Landsnet
- Orkustofnun

Skjal sótt af '0000000000' dags: 17.11.2026

- Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis
- Isavia ohf
- Strætó
- Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu
- Reykjavík, Umhverfis- og samgöngusvið
- Garðabær
- Mosfellsbær
- Hafnarfjörður
- Sveitarfélagið Ölfus
- Grindavíkurbær
- Seltjarnarnesbær
- Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins
- Veðurstofan
- Forsætisráðuneytið
- Sögufélag Kópavogs
- Skógræktarfélag Kópavogs
- Hestamannafélagið Sprettur
- Íþróttafélög; Breiðablik, HK, Gerpla, og íþróttafélagið Glóð
- Nefndir, ráð og svið Kópavogsbæjar
- Stefnumótun/heimsmarkmið, öldungaráð, ungmennaráð

Athugasemdir bárust frá

Skipulagsstofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands, Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis, Vegagerðin, Isavia ohf. Forsætisráðuneytið (Samráð við samstarfsnefnd um málefni þjóðlendna), Landsnet, Veðurstofa Íslands, Hestamannafélagið Sprettur, Minjastofnun Íslands, Garðabær, Mosfellsbær, Seltjarnarnes, Anna Elísabet Ólafsdóttir (lýðheilsufulltrúi, íbúi), eigendur að Digranesvegi 81 (Birgitta M. Guðlaugsdóttir, Magnús Ingjaldsson) Reynihvammur 25 Tryggvi Felixson (íbúi), Huldubraut 27 (Ástríður Birna Árnadóttir, Magnús Friðrik Einarsson, Einar Árni Magnússon og Eyja Gunnhildur Magnúsdóttir). Huldubraut 50 (Guðrún Árnadóttir og Ólafur H. Jónsson), Huldubraut 52 (Einar Hörður Sigurðsson), Huldubraut 24 (Páll Sveinsson), Huldubraut 56 Undirskriftalisti (Ingvar Tryggvason, Aðalheiður Sigurðardóttir og eftirfarandi að Huldubraut: 1, 2, 3, 4, 5, 7, 8, 10, 11, 15b, 16, 17, 18, 19, 22, 23, 25, 26, 27, 29, 30, 31, 32, 36, 48, 50, 52, 54, 58, 62, 64, 66 og 4 aðilar ekki með skráð heimilisfang. Samtals 42), Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Minjastofnun Íslands og húsafriðunarnefnd.

Í kjölfar athugasemda var haft samráð við ýmsa hagsmunaaðila um athugasemdir s.s. fundað með fulltrúum Umhverfisstofnunar og Minjastofnunar Íslands, haft samráð við Heilbrigðiseftirlit, Veitur, Landsnet o.fl.

3.5 Tillaga nýs aðalskipulags 2019-2040

Tillaga að Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040, dags. 24. nóv. 2020, uppfærð febrúar 2021

3.5.1 Úrvinnsla vinnslutillögu

TILLAGA, ÚRVINNSLA

Skipulagsráð samþykkti 30. nóvember 2020 að mæla með að tillaga að nýju Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 yrði auglýst í samræmi við 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga og 31. gr. sömu laga um auglýsingu aðalskipulags. Jafnframt fjallaði umhverfis- og samgöngunefnd á fundi 24. nóvember 2020 um uppfærslur á tillögunni.

Bæjarstjórn samþykkti 3. desember 2020 tillögu skipulagsráðs að leita heimildar Skipulagsstofnunar til að auglýsa tillöguna ásamt umhverfisskýrslu í samræmi við 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 31. gr. sömu laga og lög nr. 105/2006 lög um umhverfismat áætlana.

Tillagan var uppfærð/yfirfarin í febrúar 2021 með tilvísan í ábendingar Skipulagsstofnunar dags. 8. febrúar 2021.

Tillaga, dags. 24. nóvember 2020, uppfærð í febrúar 2021 var lögð fram á fundi skipulagsráðs 1. mars 2021. Skipulagsráð samþykkti með tilvísan til 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að vísa uppfærðri tillögu til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar og að hún verði auglýst í samræmi við 31. gr. ofangreindra laga. Jafnframt fjallaði umhverfis- og samgöngunefnd um uppfærða tillögu á fundi 4. mars 2021.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 17.11.2026

Bæjarstjórn samþykkti 9. mars 2021 tillögu skipulagsráðs að auglýsa uppfærða tillögu að nýju Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 ásamt umhverfisskýrslu í samræmi við 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Tillaga að endurskoðuðu/nýju Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 var auglýst

- í Fréttablaðinu 20. mars 2021,
- í Lögbirtingablaðinu 23. mars 2021
- og tillaga og gögn voru auglýst og sett á heimasíðu bæjarins 19. mars 2021.

Frestur til að skila inn athugasemdum var framlengdur til fimmtudagsins 27. maí (frá fimmtudeginum 6. maí) 2021.

Kynningarfundur var haldinn í beinu streymi fimmtudaginn 15. apríl 2021 kl. 16:30 til um 17.45.

ÁBENDINGAR OG ATHUGASEMDIR – DRÖG AÐ UMSÖGN SKIPULAGSDEILDAR

Alls bárust 40 erindi (númeruð 1-40, sjá kafla 3.6.1 hér á eftir) með umsögnum, athugasemdum og ábendingum.

Athugasemdir og ábendingar voru lagðar fram í skipulagsráði mánudag 7. júní 2021.

Drög að umsögn/greinargerð skipulagsdeildar, dags. 18. júní 2021, um athugasemdir og ábendingar var lögð fram í skipulagsráði 21. júní 2021. Jafnframt lagt fram minnisblað skipulagsdeildar, dags. 18. júní 2021, um helstu atriði í úrvinnslu tillögunnar. Sömu gögn voru lögð fram í umhverfis- og samgöngunefnd 29. júní 2021.

TILLAGA, ÁBENDINGAR OG ATHUGASEMDIR – UMSGÖGN SKIPULAGSDEILDAR

Á fundi skipulagsráðs 5. júlí 2021 er lögð fram *tillaga* að nýju aðalskipulagi fyrir bæinn, Aðalskipulag Kópavogs 2019-2040, dagsett 2. júlí 2021. Eftirfarandi gögn:

- Aðalskipulag Kópavogsbæjar 2019-2040. Tillaga að uppfærðri greinargerð og umhverfisskýrslu og viðaukum, dagsett 2. júlí 2021. Einnig vegaskrá, dags. nóvember 2020, uppfærð í febrúar 2021. Sjá kafla 5.1.2.1 í greinargerð aðalskipulagstillögunnar.
- Aðalskipulag Kópavogsbæjar 2019-2040. Tillaga að uppfærðum uppdráttum (þéttbýlisuppdráttur og sveitarfélagsuppdráttur) dagsett 2. júlí 2021.
- Umsögn/greinargerð skipulagsdeildar, dagsett 2. júlí 2021, um feril máls ábendingar og athugasemdir – umsagnir og niðurstöðu. Ábendingar og athugasemdir við auglýsta tillögu að Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 (40 erindi) eru fylgiskjal í umsögn skipulagsdeildar.

3.6 Umsagnaraðilar

Tölvupóstur/tölvubréf með upplýsingum um tillöguna og slóð á öll gögn var sendur til umsagnar og kynningar til eftirfarandi:

- Skipulagsstofnun
- Vegagerðin
- Umhverfisstofnun
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Náttúrufræðistofa Kópavogs
- Minjastofnun Íslands
- Samgöngustofa
- Veitur ohf
- Landsnet
- Orkustofnun
- Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis
- Isavia ohf
- Strætó
- Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu
- Reykjavík, Umhverfis- og samgöngusvið
- Garðabær
- Mosfellsbær
- Hafnarfjörður
- Sveitarfélagið Ölfus
- Grindavíkurbær
- Seltjarnarnesbær
- Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins

Skjal sótt af '0000000000' dags: 17.11 2026

- Veðurstofan
- Forsætisráðuneytið
- Fjármálaráðuneytið
- Póst og fjarskiptastofnun
- Ríkiseignir (Landsréttarreitur)
- Þríhnúkagígur
- Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins, Magnús Árnason
- Vatnsendabýlið, tengiliður, Sigurbj. Thorbergss.
- Sögufélag Kópavogs
- Skógræktarfélag Kópavogs
- Hestamannafélagið Sprettur
- Íþróttafélög; Breiðablik, HK, Gerpla
- Nefndir, ráð og svið/sviðsstjórar o.fl. hjá Kópavogsbæ

Skipulagsstofnun, Vegagerðin, Umhverfisstofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúrufræðistofa Kópavogs, Minjastofnun Íslands, Samgöngustofa, Veitur ohf, Landsnet, Orkustofnun, Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis, Isavia ohf, Strætó, Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Reykjavík, Umhverfis- og samgöngusvið, Garðabær, Mosfellsbær, Hafnarfjörður, Sveitarfélagið Ölfus, Grindavíkurbær, Seltjarnarnesbær, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins, Veðurstofan, Forsætisráðuneytið, Fjármálaráðuneytið, Póst og fjarskiptastofnun, Ríkiseignir (Landsréttarreitur), Þríhnúkagígur, Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins, Magnús Árnason, Vatnsendabýlið, tengiliður, Sigurbj. Thorbergss., Sögufélag Kópavogs, Skógræktarfélag Kópavogs, Hestamannafélagið Sprettur, Íþróttafélög; Breiðablik, HK, Gerpla. Auk þess var sama tölvubréf sent til nefnda, ráða og sviða/sviðsstjóra o.fl. hjá Kópavogsbæ.

3.7 Umsagnir frá umsagnaraðilum og athugasemdir/ábendingar

3.7.1 Yfirlit - Innsendar umsagnir, athugasemdir og ábendingar

Athugasemdir bárust frá eftirfarandi aðilum – samtals 40 erindi númeruð nr. 0-39

Póst- og fjarskiptastofnun, Eigendum Digranesvegar 81, Forsætisráðuneytið, íbúa Ragnari Guðmundssyni, Huldubraut 48, Umhverfisstofnun, Garðabæ, Húsfélagi Þorrasala 1-3, Isavia. Vinum Kópavogs, Mosfellsbæ, Reiðveganefnd hestamannafélagsins Spretts, Vegagerðinni, Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis/heilbrigðisnefnd, íbúum á Þinghólsbraut 73, 75, 78, 80 og 82, (Eggert Matthíasson), erindi f.h. nokkurra lóðarhafa í Auðbrekku (f.h. lóðarhafa Páll Gunnlaugsson, Jakob Líndal), Reiðveganefnd í Kjalarnesþingi hinu forna, Sveinbirni Sveinbjörnssyni félagsmanni hestamannafélaginu Spretti/eiganda hesthúss að Landsenda 1, Hestamannafélaginu Spretti (Lilja Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri), Náttúrufræðistofnun Íslands, Veitum, Sigríði Hjaltested (einn af eigendum og erfingjum Vatnsendalands), Stjórn Svifflugfélags Íslands, Lóðarhöfum Bæjarlindar 8-10, Veðurstofu Íslands, Landsneti, Minjastofnun Íslands, Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins.

Auk þess bárust erindi/athugasemdir frá eftirfarandi varðandi Vatnsendahlíð og nágrenni Kjóavalla: Snorri Freyr Garðarsson/Heimsenda 16B og Asparhvarfi 17c - Kolfinna Guðmundsdóttir/Félagi í Spretti - Arnhildur Halldórsdóttir, Heimsenda 16 - Oddný Erl., Guðmundur Hreiðarsson, Heimsenda 4 - Bjarni Benediktsson, Bjarnveig Eiríksdóttir, Hamraenda 7 - Elín Deborah Guðmundsdóttir, Hæðarenda 8 - Jóhanna Elka Geirsdóttir, Halldór Svansson, Landsenda 19-21 - Birna Kristín Hilmarsdóttir, Andvaravöllum 2 - María Gunnarsdóttir, Hæðarenda 5 - Sigrún L. Guðmundsdóttir, Heimsenda 14d - Svanur Snær Halldórsson, Landsenda 19-21.

	Dagsetning erindis		**Umsagnaraðili/málefni**	**Umsagnaraðili/tengiliður**
1	Erindi dags. 26. maí 2021. t.póstar með tilvísun í bréfið.		Digranesvegur 81. Eigendur.	Birgitta M. Guðlaugsdóttir, Magnús Ingjaldsson.
2	Erindi dags. 13.4. 2021.		Forsætisráðuneytið.	Egill Pétursson.
3	Erindi dags. 29.4.2021.		Íbúi Kársnesi.	Ragnar Guðmundsson, Huldubraut 48.
4	Erindi dags. 3. maí 2021.		Umhverfisstofnun.	Axel Benediktsson, Björn Stefánsson.
5	Erindi dags. 28. apríl og bókun dags. 10. maí 2021.		Garðabær. Umsögn skipulagsstjóra (28.4.21). bókun skipulagsnefndar Garðabæjar (10.5.21).	Arinbjörn Vilhjálmsson.
6	Samrit dags. 10. maí 2021.		Húsfélag Þorrasala 1-3. Samrit erindis sem sent var Tækni- og umhverfissviði Garðabæjar	Aðalsteinn Árni Baldursson.
7	Erindi dags. 11. maí 2021.		Isavia. Einnig fylgiskjöl til upplýsinga um fyrirhugaðar breytingar á skipulagsreglum fyrir Reykjavíkurflugvöll.	Karl Alvarsson.
8	Erindi dags. 12.5.2021.		F.h. Vina Kópavogs.	Tryggvi Felixson.
9	Erindi dags. 14.5.2021.		Mosfellsbær.	Kristinn Pálsson.
10	Erindi dags. 20. maí 2021.		F.h. Reiðveganefndar hestamannafélagsins Spretts ásamt fylgiskjölum.	Jón Magnússon formaður reiðveganefndar Spretts.
11	Erindi dags. 20. maí 2021.		F.h. Vegagerðarinnar.	Erna Bára Hreinsdóttir.
12	Erindi dags. 25. maí 2021.		F.h. Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis, HHK /heilbrigðisnefnd	F.h. heilbrigðisnefndar Páll Stefánsson.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 17.11 2026

13	Erindi dags. 26. maí 2021.		F.h, íbúa á Þinghólsbraut 73, 75, 78, 80 og 82.	Eggert Matthíasson .
14	Erindi dags. 26. maí 2021.		F.h. lóðarhafa í ,,Nýrri Auðbrekku“ -Nýbýlavegur 4,6,8 -Skeljabrekka/Auðbrekka -Auðbrekka 3, 6-12, 15 -Dalbrekka 4	F.h. lóðarhafa, ASK arkitektar, Páll Gunnlaugsson.
15	Erindi dags. 26. maí 2021.		Reiðveganefnd í Kjalarnesþingi hinu forna.	Sæmundur Eiríksson, formaður reiðveganefndar.
16	Erindi dags. 26. maí 2021.		Athugasemdir varðandi m.a. forsendur (frá 2006) um uppbyggingu Kjóavalla í stað Glaðheima.	Sveinbjörn Sveinbjörnsson. Félagsmaður í hestamannafélaginu Spretti og eigandi hesthúss að Landsenda 1.
17	Erindi dags. 27. maí 2021.		Athugasemdir varðandi Vatnsendahlíð og nágrenni Kjóavalla.	Snorri Freyr Garðarsson. Heimsendi 16B og Asparhvarf 17c.
18	Erindi dags. 27. maí 2021.		Athugasemdir varðandi Vatnsendahlíð og nágrenni Kjóavalla.	Kolfinna Guðmundsdóttir. Félagi í Spretti.
19	Erindi dags. 27. maí 2021.		F.h. lóðarhafa Auðbrekku 12 og 22. Varðandi -þróunarsvæði 2, -Auðbrekku 16-32.	Alark arkitektar Jakob Líndal.
20	Erindi dags. 27. maí 2021.		F.h. hestamannafélagsins Spretts. Erindi og fylgiskjöl.	Lilja Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri.
21	Erindi dags. 27. maí 2021.		Athugasemdir varðandi Vatnsendahlíð og nágrenni Kjóavalla.	Arnhildur Halldórsdóttir, Heimsendi 16.
22	Erindi dags. 27. maí 2021.		Athugasemdir varðandi Vatnsendahlíð og nágrenni Kjóavalla.	Oddný Erl. Guðmundur Hreiðarsson. Heimsendi 4.
23	Erindi dags. 27. maí 2021.		Athugasemdir varðandi Vatnsendahlíð og nágrenni Kjóavalla.	Bjarnveig Eiríksdóttir, Bjarni Benediktsson. Hamraendi 7.
24	Erindi dags. 27. maí 2021.		Umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um Aðalskipulag Kópavogs.	Snorri Sigurðsson.
25	Erindi dags. 27. maí 2021.		Athugasemdir varðandi Vatnsendahlíð og nágrenni Kjóavalla.	Elín Deborah Guðmundsdóttir. Hæðarendi 8.
26	Erindi dags. 27. maí 2021.		Athugasemdir SFÍ. Fyrir hönd stjórnar Svifflugfélags Íslands.	Þórhildur Ída Þórarinsdóttir, formaður SFÍ.
27	Erindi dags. 27. maí 2021.		Athugasemdir Veitna við Aðalskipulag Kópavogs.	Hólmfríður Bjarnadóttir.
28	Erindi dags. 27. maí 2021.		Erindi f.h. lóðarhafa Auðbrekku 4,6,9-11.	f.h. lóðarhafa. Alark, Jakob Líndal.
29	Erindi dags. 27. maí 2021.		Athugasemdir við breytingu á vatnsverndarmörkum.	Einn af eigendum og erfingjum Vatnsendalands. Sigríður Hjaltested.
30	Erindi dags. 27. maí 2021.		Athugasemdir varðandi Vatnsendahlíð og nágrenni Kjóavalla.	Jóhanna Elka Geirsdóttir, Halldór Svansson, Landsenda 19-21.
31	Erindi dags. 27. maí 2021.		Athugasemdir varðandi Vatnsendahlíð og nágrenni Kjóavalla.	Birna Kristín Hilmarsdóttir, Andvaravöllum 2.
32	Erindi dags. 28. maí 2021.		Athugasemdir varðandi umfjöllun um Bæjarlind 8-10.	Stjórnendur Á.Guðmundsson. Guðmundur Ásgeirsson.
33	Erindi dags. 27. maí 2021, móttekið 28. maí 2021.		Athugasemdir varðandi Vatnsendahlíð og nágrenni Kjóavalla.	María Gunnarsdóttir, Hæðarendi 5.
34	Erindi dags. 28. maí 2021.		Athugasemdir varðandi Vatnsendahlíð og nágrenni Kjóavalla.	Sigrún L. Guðmundsdóttir, Heimsenda 14d
35	Erindi dags. 27. maí 2021, móttekið 29. maí 2021.		Athugasemdir varðandi Vatnsendahlíð og nágrenni Kjóavalla.	Svanur Snær Halldórsson Landsendi 19-21.
36	Erindi dags. 1. júní 2021.		Veðurstofa Íslands	Barði Þorkelsson.
37	Erindi dags. 2. júní 2021.		Landsnet.	Einar Snorri Einarsson framkvæmdastjóri Stjórnunarsviðs.
38	Erindi dags. 2. júní 2021, móttekið 3. júní 2021.		Minjastofnun Íslands.	Inga Sóley Kristjönudóttir.
39	Erindi dags. 9. júní 2021.		Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins.	Jón Kjartan Ágústsson.
40	Erindi dags. 23.3.2021.		Póst- og fjarskiptastofnun.	Sigrún Davíðs skjalastjóri.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 17.11 2026

3.7.2 Athugasemd nr. 1 – Varðar eignina Digranesveg 81

Skráð dags: 26.5.2021, Höfundur:

Magnús Ingjaldsson, Birgitta Guðlaugsdóttir

Mótmæli vegna Aðalskipulags Kópavogsbæjar 2019-2040
Við mótmælum því harðlega að áfram verði einkalóð okkar/byggingarlóð með tilheyrandi mannvirkjum síðan fyrir 1940 að Digranesvegi 81 skráð sem grænt/opið svæði, til afnota fyrir almenning. Vekur það furðu okkar að í öllum fyrri aðalskipulagskortum hefur lóð okkar verið afmörkuð (Viðhengi 1), að vísu sem 1800fm lóð einhverra hluta vegna en ekki 6603fm eins og rétt er, en lóðin er ekki afmörkuð á neinn hátt í nýju skipulagstillögunni 2019-2040 og er lóðin því í raun ekki lengur til á nýju skipulagstillögunni (Viðhengi 2). Hér með fylgir í viðhengi (Viðhengi 3) ljósrit af loftmynd með hnitum sem við fengum sent frá Pálma Mássyni bæjarlögmanni sem er gert af tæknideild Kópavogsbæjar og ætti því að vera auðvelt að skrá lóðina rétt inn á skipulagstillöguna. Hver er ástæða þess að lóðin er ekki skráð/sýnd á nýrri skipulagstillögu (sjá Viðhengi 2) líkt og lóð Sorpu sem er við hliðina á lóð okkar og var til margra ára inni á okkar lóð? Taka má fram að lóð okkar var til margra ára skráð sem Lækjarhvammur við Dalveg (Númer 1, líkt og Sorpa í dag).

Við höfum ítrekað síðustu 22 ár, allt frá því Sorpa var sett í óleyfi inn á lóð okkar, orðið fyrir yfirgangi af hálfu Kópavogsbæjar varðandi lóð okkar að Digranesvegi 81, sem við keyptum af föður mínum (Magnúsar) Ingjaldi Ísakssyni árið 1969. Höfum við á tilfinningunni að okkur séu allar bjargir bannaðar viðkomandi þessa góðu byggingarlóð okkar eftir að við fengum staðfest með Hæstaréttardómi 626/2008 (Þórður Clausen Þórðarson gegn Karli Axelssyni, 2008) eignarrétt okkar á lóðinni eftir að Kópavogsbær reyndi að taka hana af okkur ófrjálsri hendi. Var það gert með þeirri aðferð að breyta þinglýstu skjali eigenda Fífuhvamms sem voru faðir minn Ingjaldur Ísaksson og hans systkini þegar að Fífuhvammur var seldur til Kópavogsbæjar. Okkur var ekki kunnugt um þessa breytingu á afsalinu enda var markmið breytingarinnar að við værum ekki lengur eigendur að lóð okkur að Digranesvegi 81 eins og haldið var fram árið 1999 þegar Sorpa var sett inn á lóð okkar og því haldið fram að við ættum einungis 900fm leigulóð sem Helgi Jóhannesson hrl mótmælti fyrir okkar hönd í bréfi dagsettu 14.júlí 2000 (sjá Viðhengi 6). Komið hefur fram að við höfum ekki gert athugasemdir við skipulagsbreytingar á lóðinni 1988-2008, 1992-2012 og 2000-2012 en skýringin á því er sú að við vissum ekki að átt hefði verið við þinglýsta afsalið af sölu Fífuhvamms með það í huga að gera lóðina að eign Kópavogs. Þann gjörning, að breyta þinglýstu afsali má kalla ýmsum nöfnum. Hæstiréttur tók árið 2008 af allan vafa um að lóðin væri okkar til einkanota en ekki að það væri verið að úthluta Kópavogsbæ útivistarsvæði á okkar kostnað enda ekki þekkt að einkalóðir séu teknar til almenningsnota án greiðslu eins og segir í Hæstaréttardómi 834/2017 (Jón Auðunn Jónsson gegn Ívari Pálssyni, 2017).

Því hefur verið haldið fram að aldrei hafi staðið til að Kópavogsbær keypti af okkur lóðina, en hér í viðhengi (Viðhengi 4 og 5) eru bréf (dagsett 16.júlí 2007 og 10.ágúst 2007) frá Lex Lögmannsstofu sem staðfesta að á fundi í apríl 2007 með Lex Lögmannsstofu og ráðamönnum Kópavogsbæjar kom fram að Kópavogsbær myndi leggja fram tilboð í lóðina. Þetta tilboð hefur ekki enn verið lagt fram, 14 árum síðar.

Það er fjarri öllum raunveruleika að halda því fram að þessi lóð okkar sé grænt eða opið svæði þar sem Kópavogsbær hefur eyðilagt gróður á stórum hluta hennar eins og lesa má um í dómsorðum Hæstaréttar hér að neðan úr Hæstaréttardómi 834/2017 (Jón Auðunn Jónsson gegn Ívari Pálssyni, 2017). Að auki var farið inn á lóðina árið 2007 að beiðni Kópavogsbæjar með stórvirkar vinnuvélar og skyldi þá jafna helming lóðarinnar út og hafa jarðvegsskipti. Við þennan gjörning eyðilagðist töluvert af trjágróðri og lóðinni umturnað að hluta eins og enn má sjá í dag. Í meðfylgjandi bréfi frá Lex lögmannsstofu frá 16.júní 2007 er þetta staðfest (Viðhengi 4).

Úr dómsorðum Hæstaréttardóms 834/2017:
„Í málflutningi fyrir Hæstarétti var því lýst yfir af hálfu stefnda að hann gæti ekki tekið land í eigu annars til almenningsþarfa nema á grundvelli samnings við eiganda eða að undangengnu eignarnámi. Þá var því lýst yfir að stefndi hefði ráðist í tilteknar framkvæmdir á lóð áfrýjanda, án þess að fyrir hafi legið samþykki hans eða eignarnám en á þeim tíma hafi stefndi talið sig vera eiganda lóðarinnar. Fram er komið að stefndi lagði göngustíg með bundnu slitlagi sem fór í gegnum syðsta hluta lóðar áfrýjanda. Eins kom stefndi fyrir malarlögðu bílastæði sem að hluta til er á vesturhorni lóðar áfrýjanda og í framhaldi af því göngustíg með bundnu slitlagi niður að Kópavogslæk. Einnig tók stefndi suðausturhluta lóðarinnar undir athafnasvæði Sorpu. Stefndi hefur fjarlægt girðingu af því svæði, en eftir stendur malbikað athafnasvæði, mön og akbraut sem tengist endurvinnslustöðinni. Auk þess

Skjal sótt af '0000000000' dags: 17.11 2026

mátti sjá við vettvangsgöngu að Sorpa nýtir enn þennan hluta lóðarinnar.
Þær framkvæmdir sem hér er lýst ná í heild sinni yfir tiltölulega stórt svæði lóðar áfrýjanda og hefur stefndi samkvæmt framansögðu ráðist í þær án eignarnáms eða heimildar áfrýjanda. Haldbærar upplýsingar um hvenær ráðist var í þessar framkvæmdir liggja ekki fyrir í málinu, en það mun hafa verið áður en aðalskipulagið 2012 til 2024 var samþykkt og í kjölfarið birt. Hvað sem þessum heimildarlausu framkvæmdum stefnda líður reisir áfrýjandi dómkröfur sínar einvörðungu á því að breyting á aðalskipulagi stefnda 2012 til 2024 hafi leitt til fjártjóns hans og verður dómur því ekki lagður á þær á öðrum grundvelli."

Þessi framkoma hefur valdið okkur ómældum skaða, hugarangri og kostnaði allt frá árinu 1999 er við þurftum fyrst að fá lögfræðing til þess að vinna fyrir okkur þegar Sorpa var sett inn á lóð okkar í leyfisleysi. Árið 2000 þurftum við að fá aðstoð lögfræðings, Helga Jóhannessonar hrl, til þess að gera Kópavogsbæ það ljóst að lóðin væri ekki 900fm og ekki leigulóð heldur, eins og hann orðar það í bréfinu „að hús umbj. míns stendur á eignarlóð og um það hefur aldrei verið deilt" (Viðhengi 6). Höfum við síðan þá þurft að leita aðstoðar lögfræðinga nær óslitið allt til dagsins í dag til þess að verjast ágangi Kópavogsbæjar.
Við ætlum að vonast til þess að þessum yfirgangi geti lokið, Kópavogsbæ að kostnaðarlausu, með því að okkur verði heimilað að selja lóðina undir Svansvottaðar byggingar fyrir eldri borgara eða litlar íbúðir fyrir ungt fólk. Yrði það bænum að kostnaðarlausu enda er þetta skipulag tilkynnt sem skipulag til þéttingar byggðar. Í framhaldi af því hafa stórir byggingaraðilar sýnt lóðinni áhuga. Nýlega fékk einn þessara byggingaraðila afdráttarlausa neitun um að fá að byggja mjög hagkvæmar byggingar á lóðinni, án þess að málið hafi verið tekið formlega fyrir í bæjarstjórn. Okkur er fyrirmunað að skilja hvers vegna ekki fæst leyfi til þess að byggja á lóðinni en í skipulagstillögu 2019-2040 (Viðhengi 2) er lóð Sorpu að Dalvegi 1 skilgreind sem Verslunar- og þjónustusvæði nr. 22 (gulur reitur) en sú lóð var síðustu 20 ár að hluta til inni á okkar lóð og því raunverulega um sömu lóð að ræða. Því hlýtur sá hluti lóðar okkar sem nýttur hefur verið undir Sorpu, c.a. 900fm, að vera skilgreindur á sama hátt.

Það skal áréttað að okkur hefur ekki verið boðin formleg greiðsla fyrir lóðina af hálfu Kópavogsbæjar. Ef að menn vilja ekki samþykkja að byggt verði á lóðinni þá er löngu orðið tímabært að við fáum greitt fyrir þessa fallegu byggingarlóð sem ekki fæst að nota. Það ætti ekki að vefjast fyrir neinum að finna réttu upphæðina þar sem fyrir liggur mat á lóðinni frá 2017 og einnig er til staðfest kauptilboð í lóðina frá 04.09.2020 upp reiknað til greiðsludags sem Kópavogsbær gæti gengið inn í. Hagstæðari leið fyrir Kópavogsbæ væri þó að leyfa okkur að selja lóðina eins og áður var getið.

Þar til niðurstaða fæst í þessu máli ætlum við að girða lóðina af á kostnað Kópavogsbæjar eins og hún var girt fyrir árið 1998 en Kópavogur hefur fjarlægt allar þær girðingar í leyfisleysi. Gerum við þær kröfur að Kópavogsbær fjarlægi allt það út af lóðinni sem framkvæmt hefur verið í leyfisleysi af Kópavogsbæ, þar með talið göngustíga, gangstéttir, mön sem var gerð vegna ærandi hávaða frá Sorpu og allar þær rafmagnslagnir og aðrar lagnir sem kunna að hafa verið lagðar í jörðu. Einnig að bæta okkar þann skaða sem unninn hefur verið á lóðinni.

Af gefnu tilefni sendum við öllum bæjarfulltrúum afrit af þessu mótmælabréfi varðandi skipulag á lóð okkar þar sem við höfum orðið fyrir því að fyrri mótmælabréf okkar varðandi lóðina hafa ekki skilað sér sem skyldi á réttan stað. Einnig verður þetta mótmælabréf sent á Umhverfisráðherra og til Skipulagsstofnunar.

Vinsamlegast staðfestið móttöku erindisins, Virðingarfyllst, Birgitta Guðlaugsdóttir,
Kt: 281045-2969, Magnús Ingjaldsson, Kt: 111042-4039

Viðhengi: Viðhengi 1 - Mynd úr Aðalskipulagi Kópavogs 2012-2024, Viðhengi 2 - Mynd úr skipulagstillögu 2019-2040, Viðhengi 3 - Loftmynd með hnitum frá Pálma Mássyni bæjarlögmanni Kópavogs, Viðhengi 4 - Bréf Lex lögmannsstofa 16.júlí 2007, Viðhengi 5 - Bréf Lex lögmannsstofa 10.ágúst 2007, Viðhengi 6 - Bréf Helgi Jóhannesson 14.júlí 2000

Erindið ásamt fylgiskjölum má finna í viðauka greinargerðar (pdf útgáfu) „Viðauki 1: Umsagnir, athugasemdir og ábendingar".

Skjal sótt af '0000000000' dags: 17.11.2026

3.7.3 Umsögn við athugasemd nr. 1 – Digran.v. 81

Umsögn um athugasemd nr. 1

Þakkað er fyrir ábendingar og athugasemdir.

Bæjarstjórn Kópavogs fer með skipulagsvaldið innan marka sveitarfélagsins, sbr. 3. mgr. 3. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Það er því á valdi bæjarstjórnar að hafa áhrif á og þróa byggð með bindandi hætti. Umrætt svæði hefur verið skilgreint sem grænt/opið svæði um áratuga skeið og er ekki vilji til þess að breyta þeirri landnotkun.

Aðalskipulag er skipulagsáætlun fyrir sveitarfélag þar sem stefna sveitarstjórnar um þróun varðandi landnotkun, byggðarþróun, byggðarmynstur, samgöngu- og þjónustukerfi og umhverfismál, sbr. 1. mgr. 28. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Aðalskipulag er því stefnumótandi plagg og lóðir því ekki afmarkaðar þar. Lóðir og byggingarreitir eru hins vegar tilgreindir í deiliskipulagi, sbr. 1. mgr. 37. gr. sömu laga.

Hvað varðar lóð Sorpu þá er lóðin sjálf ekki afmörkuð í aðalskipulagi heldur er aðeins skilgreind landnotkun svæðisins. Hins vegar er bent á að samkvæmt nýu aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 er gert ráð fyrir því að iðnaðarsvæði I-1 verði breytt í verslun og þjónustu VÞ-22 og haft minna en núverandi iðnaðarsvæði.

3.7.4 Athugasemd nr. 2 – Forsætisráðuneytið, fjr

Skráð dags: 13.4.2021, Höfundur: Forsætisráðuneytið, Egill Pétursson

Tilvísun í mál: FOR21030160

„Forsætisráðuneytið gerir ekki athugasemd við tillöguna, en tekur fram að mikilvægt er að áfram verði haft samráð við ráðuneytið við skipulagsvinnu í sveitarfélaginu.

Minnt er á að allar framkvæmdir og jarðrask innan þjóðlendna sem vara lengur en í eitt ár eru háðar samþykki ráðuneytisins skv. 3. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998 og að leyfi ráðherra þarf fyrir nýtingu vatns- og jarðhitaréttinda og vindorku innan þjóðlendna skv. 2. mgr. 3. gr. sömu laga.

Haft var samráð við samstarfsnefnd um málefni þjóðlendna, sbr. 1. mgr. 4. gr. laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, við afgreiðslu erindisins.

Kveðja,
Egill Pétursson.“

Erindið má finna í viðauka greinargerðar (pdf útgáfu) „Viðauki 1: Umsagnir, athugasemdir og ábendingar“.

3.7.5 Umsögn við athugasemd nr. 2, fjr

Umsögn um athugasemd nr. 2

Þakkað er fyrir ábendingar.

Áfram verður haft samráð við forsætisráðuneytið varðandi afgreiðslu erinda innan þjóðlendunnar og vakin verður athygli á þessu í greinargerð aðalskipulagsins m.a. í kafla 1.8.3 Þjóðlendur.

3.7.6 Athugasemd nr. 3 – Íbúi Huldubraut 48

Skráð dags: 29.4.2021, Höfundur:Ragnar Gudmundsson

Ágæti viðtakandi

Undirritaður vill benda á nauðsyn þess að það komi undirgöng undir Kársnessbraut á móts við Kársnesbraut 41 og á milli Huldubrautar 23 og 25 þar sem gönguljós eru nú þegar til staðar.

Sívaxandi og nokkuð hröð umferð er um Kársnesbraut samfara mikilli uppbyggingu íbúðarhúsnæðis og atvinnustarfsemi auk þess sem gatan þjónar þungaflutningum til og frá Kópavogshöfn. Nýtt skipulag sem nú er auglýst bætir enn í umferðarþunga. Engin hraðahindrun er nálægt þessum götuljósum og hvorugu megin eru hús nálægt götu, sem leiðir til mikils umferðarhraða. Þá eru gönguljósin er ekki mjög áberandi í umhverfinu. Þarna er að veruleg slysahætta þegar börn fara yfir, til dæmis í og úr skóla, ekki síst í hálku og myrkri. Þá eru aðstæður neðan við ljósin mjög varhugaverð í hálku, en þar er mjög brattur stigi sem er illfær öllu fólki í hálku, og enn frekar þeim sem fara um á reiðhjólum og rafbrettum eins og algengt er um yngstu vegfarendur. Snjómokstur er alls ekki forgangi neðan við Kársnesbrautina í bröttum stiga og brattri gönguleið á milli Huldubrautar 23 og 25.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 17.11 2026

Þegar skipulag vegna uppbyggingar á landfyllingu við Naustavör var í auglýsingu og umræða á sínum tíma, sendu íbúar athugasemdir við aukna umferð um Kársnesbraut og óskuðu eftir undirgöngum á þessum stað fyrir umferð á milli Sæbólshverfis (Sæbólsbraut/Marbakkabraut/Helgubraut/Huldubraut) annars vegar og sundlaugar og skóla hins vegar auk annarrar umferðar. Þáverandi bæjarstjóri Kópavogs og formaður skipulagsráðs lofuðu á sérstökum fundi um málið að samfara samþykkt á uppbyggingu íbúðarhúsnæðis á uppfyllingu við Naustavör færu undirgöngin á dagskrá Kópavogsbæjar, en til þessa hafa efndir engar verið og loforðið líklega gleymst. Rétt er geta og þakka ágæta þjónustu skólabíla við Sæbólshverfið á tilteknum tíma dags, að meðaltali annan hvern dag ársins, en þessi þjónusta leysir þó ekki nema mjög lítinn hluta allrar almennrar umferðar.

Það er móðgun við íbúana að halda því fram að mannlífsás getir orðið til í skugga og vindsveipum eins og gert er í lýsingu á bls. 47. Í þessu samband má vísa í rýni Arkís á deiliskipulagstillögu frá því í september 2020. Það getur ekki dulist að þar er hörð gagnrýni á áformin, þó hún sé kurteislega fram sett.

Til að ná markmiðum um skjólsælt og sólríkt umhverfi þarf að halda hæð bygginga í lágmarki, eða á bilinu þrjár til fimm hæðir. Í framlagðri tillögu er sagt að 12 hæðir komi til greina. Það eru háhýsi. Það sést vel þegar 12 hæða bygging ausan við Gjábakka að Fannborga 8 er skoðuð í samanburði við 8 hæða byggingu að Fannborg 8. Viðmið fyrir hæð húsa ættu að ná til sem flestra áforma á miðbæjarsvæðinu sem annars staðar; sunnan og norðan við Digranesveg, Traðarreit vestur, Fannborgarreit.

Lega borgarlínu er lykilatriði við gerða skipulag í miðbæjarkjarna Kópavogs. Umferð um svæðið getur haft mikil áhrif á möguleika viðskiptalífs og bæjarbrag. Í dag eru um 1,5 milljón innstig á ári í strætó í Hamraborg samanborið við 1 milljón á Lækjartorgi. Þessi umferð mun væntanlega aukast til mun við tilkomu borgarlínu. Þvílíkt tækifæri finnst varla á öðrum staða á höfuðborgarsvæðinu.

Í framlagðri tillögu er sýnt að borgarlína fari niður Vogatungu og austur Fífuhvammsveg að Smáralind2. Heillabetra er að borgarlína fari austur Digranesveg, þjóni fjölmennum vinnustað MK og verði þannig liður því að draga fólk í nýja skjólsælan og sólríkan mannlífstorg við vestanverðan Dirgranesveg, með fjölþættri þjónustu bæði sunnan og norðan við veginn.

Áformuð skiptistöð ætti að fá alveg sérstakan sess í skipulaginu. Setja ber markmið um að hún veðri bæjarprýði3 í framtíðinni, eins og Kópavogskirkja og menningarhúsin eru í dag. Þar yrðu einnig pláss fyrir þjónustu, menningu og mannlíf.

Ekki má gleyma að meta þarf menningarsögulegt gildi gamla Félagsheimilisins af óháðum aðila, en ekki lóðarrétthafa eins og gert hefur verið í trássi við leiðbeiningar þar um. Er betra að nýta húsið og þannig spara marþætt neikvæð áhrif niðurrifs? Sögufélag Kópavogs hefur sett fram rökstuddar ábendingar um söguleg verðmæti þess. Hver er betur dómbær um það en það félag? Aldrei á að spilla byggingarefni nema fyrir því séu rík rök. Kópavogsbær hefur lofað að fylgja heimsmarkmiðum Sþ! Hér er tækifæri til að efna það loforð.

Framangreindar ábendingar benda til þess að endurreikna þurfi áformað byggingarmagn með framangreindar forsendur um mannvænt umhverfi að leiðarljósi. Eins og Skipulagsstofnun hefur ítrekað bent á, **áform Kópavogs eru langt umfram markmið svæðisskipulagsins um þéttingu byggðar. Mestu skiptir að búa til gott umhverfi fyrir Kópavogsbúa.**

(2 Á bls. 124 segir: Gert er ráð fyrir að Borgarlínan fái aukið sérrými að Smáralind, leiðin mun að öllum líkindum liggja um Hafnarfjarðarveg og Fífuhvammsveg en einnig hefur verið rætt umhún fari Digranesveg, sá möguleiki er sýndur á þemakorti. Samanburður mun verða gerður síða
3 Sjá ábendingara Skipulagsstofnunar um byggingalist í bréfi 8.2.2021.)

Heimsmarkmiðin

Víða er vísað til heimsmarkmiða Sþ um sjálfbæra þróun og jafnvel tilgreindar leiðir til að ná þeim (m.a. á bls.74). En við lestur er ekki ljóst hvernig markmið hafa haft bein áhrif á sjálfa skipulagsuppdrættina.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 17.11 2026

Annað hvort þarf að greina betur frá því hvernig staðið var að því að innleiða heimsmarkmið í skipulagsuppdrættina eða hætta þeim leiða vana að skreyta skipulagið með innihaldslitlum frösum hér og þar.

Nýlegar mælingar sýna að bæjarfélagið er því miður er ekki á réttri leið við innleiðingu heimsmarkmiðanna4 og eftirfylgni bæði í loftslagsmálum og úrgangsmálum hefur verið afar takmörkuð fram til þessa.

Ein leið til að ná markmiðum er að **setja skilyrði um vottun til að tryggja gæði húsnæðis og að tillit sé tekið til umhverfisáhrifa** (sjá einnig athugasemdir Skipulagsstofnunar frá 8. 2. 2021).

Lokaorð
Kópavogsbúar hafa lengi saknað mannvæns miðbæjar verslunar og þjónustu í hjarta Kópavogs þar sem boðið væri upp á skjólgott og sólríkt umhverfi og um leið svigrúm fyrir fjölbreytt mannlíf íbúa svæðisins, verslunar, þjónustu og gesta. Það yrði góð viðbót við hin ágæta menningarmiðbæ sem liggur austan megin við Borgarholtið. Nú er tækifærið til að láta þennan draum rætast. Framlögð tillag er því miður ekki skref í þá átt. Þess vegna verða bæjaryfirvöld að taka upp í alvöru samtal við bæjarbúa og hlusta vel á raddir þeirra. Fram til þessa virðist sem mest hafi verið hlusta á lóðarréttahafa og byggingarfyrirtækja sem sækjast eftir sem mestu byggingarmagni til að bæta afkomu sína sem mest. Að öðru leyti er vísað til athugasemdir frá Vinum Kópavogs vega tillögu að breyttu aðalskipulagi og deiliskipulagi Kópavogs vegna áform um Fannborgarreit og Traðarreit vestur, dagsett 22.2.2021.

Með vinsemd og virðingu, F.h. Vina Kópavogs, *Tryggvi Felixson, kt. 140155-2099 /vinirkopavogs@gmail.com*

(4 Sjá frétt um heimsmarkmiðsvísitölu Kópavogs: https://www.kopavogur.is/is/frettirtilkynningar/heimsmarkmidavisitala-kopavogs)

Erindið má finna í viðauka greinargerðar (pdf útgáfu) „Viðauki 1: Umsagnir, athugasemdir og ábendingar“.

3.7.17 Umsögn við athugasemd 8 - Vinir Kópavogs

Umsögn um athugasemd nr. 8.

Þakkað er fyrir ábendingar og athugasemdir.

1. Samráð o.fl.

Inngangur

Umhverfissvið Kópavogsbæjar hefur unnið að endurskoðun aðalskipulags Kópavogs. Samvinna um verkefnið hefur verið við önnur svið og nefndir bæjarins auk samráðs við íbúa, aðra hagsmunaðila og umsagnaraðila.

Aðalskipulag fjallar um meginmarkmið og framtíðarsýn Kópavogsbæjar um notkun og nýtingu lands og fyrirkomulag byggðar. Samkvæmt lögum er gildistími aðalskipulags minnst 12 ár.

Á fundi skipulagsráðs Kópavogsbæjar 16. júlí 2018 var samþykkt að hefja vinnu við endurskoðun aðalskipulagsins. Bæjarráð, í umboði bæjastjórnar, staðfesti afgreiðslu skipulagsráðs á fundi 26. júlí 2018.

Vinna við gerð Aðalskipulags Kópavogs 2019-2040 mótast m.a. af áherslum í umhverfislögum, sem tóku gildi árið 2006, og skipulagslögum nr. 123/2010 og skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Almennt um þróun verkefnisins, heimsmarkmiðin, samráð – og önnur verkefni sem hafa áhrif.

Tillaga að nýju Aðalskipulagi Kópavogsbæjar 2019-2040 er endurskoðun á gildandi Aðalskipulagi Kópavogsbæjar 2012-2024 og er byggt á því hvað varðar stefnumið og helstu áherslur. Í þeirri vinnu var viðamikið samráð m.a. með hverfaráðum – mótun og úrvinnslu tillögunnar.

Í skipulagslýsingu verkefnisins stendur m.a. Núgildandi stefna aðalskipulagsins hefur í stórum dráttum haldið. Helstu breytingar gildandi aðalskipulags (2012-2024) hafa verið á talnagrunni þess m.a. fjölgun íbúða á ákveðnum svæðum og er það í takt við stefnu svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins sem tók gildi 2015 eftir gildistöku núgildandi aðalskipulags.

Sjá nánar í kafla „3.1 Skipulagslýsing-febrúar 2019“ og „2.1 Endurskoðun aðalskipulags – helstu áherslur“ hér framar í greinargerð þessari. Sjá einnig umfjöllun hér á eftir undir „Skipulagslýsing“.

Vinna við að samþætta/aðlaga „Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna“ var umfangsmikil og breytingar á gildandi aðalskipulagi (2012-2024) urðu fleiri og stærri en í upphafi var áætlað. Ákveðið var að vinna aðlögun heimsmarkmiða í samráðsferli á vinnustofufundum mikilvægisgreiningar (sjá neðar).

Skjal sótt af '0000000000' dags: 17.11.2026

Samhliða vinnu við heildarendurskoðun á aðalskipulagi bæjarins hefur verið unnið að breytingum á aðalskipulaginu (2012-2024) m.a. vegna þéttingar byggðar á Traðarreit-eystri og í Hamraborg (á Fannborgarreit og Traðarreit-vestari). Jafnframt hafa verið gerðar deiliskipulagsáætlanir á reitum þessum sem og í Glaðheimum.

Bent skal á að Kópavogsbær hefur lagt mikla áherslu á íbúasamráð almennt. Samráð á sér stað í ýmsum íbúaverkefnum - má þar nefna Okkar Kópavog, í skipulags- og samgöngumálum, innleiðingu heimsmarkmiða, samráð við gerð fjárhagsáætlunar sveitarfélagsins, Barnasáttmálann, samráð við gerð hverfisáætlana (eins og áður er komið fram) og fleira. Kynningar hafa verið haldnar, samráðsfundir og samtöl. Samráð við kynningar á hverfisáætlunum á hverfisfundum og á öðrum þéttingarsvæðum aðalskipulagsins s.s. Glaðheimum, Hamraborgarsvæði og Traðarreit-eystri.

Öll ofangreind vinna hefur kallað á ítarlegt samráð bæði, við íbúa sem og aðra umsagnar- og hagsmunaaðila, sem hefur haft bein og óbein áhrif á vinnu við endurskoðun aðalskipulagsins. Starfsfólk Kópavogsbæjar, kjörnir fulltrúar, sérfræðingar og aðrir ráðgjafar hafa tekið þátt í því samráði.

Almennt - Ferill, samráð, skipulagslög.

Ferill og samráð við gerð nýs aðalskipulags 2019-2040 hefur verið samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, „30. gr. Gerð aðalskipulags, kynning og samráð.“ og „31. gr. Auglýsing aðalskipulagstillögu“. Skipulagsvinnan, samráð og kynningar (ferillinn) hefur tekið tíma og verið umfangsmikill.

Úr skipulagslögum nr. 123/

„30. gr. Gerð aðalskipulags, kynning og samráð.

☐ *Þegar vinna við gerð aðalskipulagstillögu hefst skal sveitarstjórn taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu þar sem fram kemur hvaða áherslur sveitarstjórn hafi við aðalskipulagsgerðina og upplýsingar um forsendur og fyrirliggjandi stefnu og fyrirhugað skipulagsferli, svo sem um kynningu og samráð við skipulagsgerðina gagnvart íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum. Leita skal umsagnar um hana hjá Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum og kynna hana fyrir almenningi. Í skipulagsreglugerð er kveðið nánar á um lýsingu aðalskipulagsverkefnis og kynningu hennar.*

☐ *Áður en tillaga að aðalskipulagi er tekin til afgreiðslu í sveitarstjórn skal tillagan, forsendur hennar og umhverfismat, þegar við á, kynnt íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum á almennum fundi eða á annan fullnægjandi hátt. Skal kynningin auglýst með áberandi hætti. Einnig skal tillagan kynnt sveitarstjórnum aðliggjandi sveitarfélaga og svæðisskipulagsnefnd á þeim svæðum þar sem starfandi er slík nefnd. Tillagan skal jafnframt kynnt öðrum sveitarfélögum sem kunna að eiga hagsmuna að gæta vegna skipulagsins.*

☐ *Að lokinni kynningu skv. 2. mgr. skal aðalskipulagstillagan lögð fyrir sveitarstjórn til afgreiðslu. Sveitarstjórn skal að lokinni umfjöllun sinni senda Skipulagsstofnun tillöguna til athugunar. Hafi Skipulagsstofnun ekki gert athugasemdir innan fjögurra vikna frá því að tillagan barst henni skal tillagan auglýst óbreytt skv. 31. gr. Telji Skipulagsstofnun að tillagan fullnægi ekki settum kröfum um aðalskipulag skal hún leita samkomulags við sveitarstjórn um breytingar. Náist ekki samkomulag er sveitarstjórn engu síður heimilt að auglýsa tillöguna en athugasemdir Skipulagsstofnunar skulu þá jafnframt auglýstar og liggja frammi með tillögunni.*

■ ***31. gr.*** Auglýsing aðalskipulagstillögu.

☐ *Sveitarstjórn skal auglýsa tillögu að aðalskipulagi með áberandi hætti, svo sem í dagblaði sem gefið er út á landsvísu. Tillagan skal einnig auglýst í Lögbirtingablaðinu. Tillagan skal liggja frammi hjá Skipulagsstofnun og á skrifstofu hlutaðeigandi sveitarfélags eða á öðrum opinberum stað og vera auk þess aðgengileg á netinu.*

☐ *Í auglýsingu skal tilgreina hvar tillagan er til sýnis og hve lengi og skal sá tími ekki vera skemmri en athugasemdafrestur. Í auglýsingu skal hverjum þeim aðila sem telur sig eiga hagsmuna að gæta gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna innan ákveðins frests sem eigi skal vera skemmri en sex vikur frá birtingu auglýsingar. Tekið skal fram hvert skila skuli athugasemdum.“*

Skipulagslýsing.

Í upphafi var unnin skipulagslýsing / verkefnislýsing verkefnisins. Lýsingin var kynnt samkvæmt 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga um gerð aðalskipulags, kynningu, samráð.

Skipulagslýsingin (verkefnislýsingin) og kynningarfundurinn var auglýst á heimasíðu bæjarins og í Fréttablaðinu 23. mars 2019. Jafnframt var kynningarfundur/opinn íbúafundur í Hörðuvallaskóla, 2. apríl 2019, auglýstur aftur sérstaklega í Fréttablaðinu 23. mars 2019 og á heimasíðu bæjarins, Facebook og í útvarpinu (RUV).

Fundurinn var vel sóttur og skrifað var um hann á heimasíðu bæjarins og Facebook.

Skipulagslýsing var jafnframt send til hagsmunaaðila til umsagnar.

Frestur til að skila inn athugasemdum var til 23. apríl 2021.

Sjá einnig umfjöllun í kafla 3.1 framar í greinargerð þessari í kafla „3.1 Skipulagslýsing – febrúar 2019“.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 17.11.2026

Mikilvægisgreining. Samráð.

Við val á aðferðarfræði, til að samræma/aðlaga stefnumið aðalskipulags við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, var ákveðið að horfa til mikilvægismats (e. materiality assessment) sem framkvæmt er með mikilvægisgreiningu (e. materiality matrix).

***Mikilvægisgreiningin** var unnin út frá áherslum aðalskipulagsins þ.e. hvernig aðalskipulagið styður við eða stuðlar að markmiðum heimsmarkmiðanna um sjálfbæra þróun. Haldnir voru þrír vinnustofufundir um mikilvægisgreiningar í september og október 2019. Þátttakendur voru ólíkir hagsmunaaðilar. Vinnustofufundir voru eftirfarandi:*

1. *3. sept. 2019: Vinnustofufundur með starfsfólki umhverfissviðs og stefnumótunarsviði Kópavogsbæjar auk fagaðila frá Skipulagsstofnun og Samtökum Sveitarfélaga á Höfuðborgarsvæðinu sem var haldin þann 3. september 2019.*
2. *10. okt. 2019: Vinnustofufundur með fulltrúum atvinnulífsins í Kópavogi, félagasamtaka, íbúa, ungmenna- og öldungaráðs auk starfsfólks á menntasviði og velferðarsviði Kópavogs sem var haldin þann 10. október 2019.*
3. *16. okt. 2019: Vinnustofufundur með fulltrúum bæjarráðs Kópavogs, skipulagsráðs og umhverfis- og samgöngunefndar sem var haldin þann 16. október 2019.*

Þátttakendur í vinnustofufundum skilgreindu helstu áhrif aðalskipulags á sjálfbæra þróun í Kópavogi, bæði jákvæð og neikvæð áhrif. Þau átti að greina eftir megin viðfangsefnum aðalskipulags sem sett eru fram í nokkrum köflum í greinargerð aðalskipulagsins. Þessir kaflar eru: Umhverfi, samfélag, grunnkerfi, atvinnulíf og byggð. Í framhaldinu voru þátttakendur beðnir um velja mikilvægustu áhrifin og eftir það voru þau tengd við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Til að einfalda vinnunna voru áhrif flokkuð saman í yfirflokka og þeir tengdir við heimsmarkmiðin.

Niðurstöður vinnunnar/mikilvægisgreininga(r) – aðlögun/samþætting heimsmarkmiða og stefnu aðalskipulags.

Niðurstöður voru kynntar þátttakendum á fundi í Safnaðarheimili Kópavogs 14. nóvember 2019.

Sagt var frá vinnunni á Skipulagsdeginum 8. nóvember 2019. Þessi mikla vinna, við að aðlaga og samþætta heimsmarkmiðin í stefnu aðalskipulags var brautryðjendastarf hér á landi sem vakti m.a. mikla athygli á Skipulagsdeginum 2019.

Greinargerð um vinnuna og niðurstöður er í greinargerð aðalskipulagstillögunnar í viðauka 2 (kafla 10), Niðurstöður mikilvægisgreiningar, Heimsmarkmið SÞ.

Við úrvinnslu á niðurstöðum mikilvægisgreiningar var annars vegar skoðuð heildarniðurstaða og hins vegar niðurstöður eftir meginköflum aðalskipulags. Niðurstöður voru notaðar í rýni og endurskoðun markmiða og leiða greinargerðar aðalskipulags og mælikvarðar skilgreindir.

Vinna við aðlögun aðalskipulags og Heimsmarkmiða SÞ, vinnustofufundir um mikilvægisgreiningar og úrvinnsla niðurstaðna var unnin af verkfræðistofunni Mannviti í samvinnu við skipulags- og byggingardeild Kópavogs. Einnig unnu ráðgjafarnir að skilgreiningu mælikvarða aðalskipulagsins í samvinnu við skipulagsdeild Umhverfissviðs, Stjórnsýslusvið Kópavogs og fleiri.

Vinnslutillaga.

Vinnslutillaga (tillaga á vinnslustigi) 2019-2031+ var kynnt samkvæmt 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 um gerð aðalskipulags, kynningu, samráð.

Vinnslutillagan var auglýst í Fréttablaðinu og á heimasíðu Kópavogsbæjar 11. júlí 2020 – auk þess var kynningarfundur 20 ágúst 2020 auglýstur í sömu auglýsingu.

Sökum samkomutakmarkana vegna Covid 19 var haldinn opinn rafrænn fundur. Skipulagsdeild ráðfærði sig við Skipulagsstofnun áður en fyrirkomulag rafrænna funda var ákveðið.Formaður skipulagsráðs stýrði fundinum. Boðið var upp á að senda inn fyrirspurnir í tölvupósti á meðan á kynningunni stóð.

Upptaka af kynningum var síðan aðgengileg á heimasíðu Kópavogsbæjar eftir fundinn sem og allt kynningarefnið.

Kynningarfundurinn og breytt fyrirkomulag fundar þ.e. um að hann yrði rafrænn var auglýst á heimasíðu Kópavogs og í Fréttablaðinu 15. og 19. ágúst 2020.

Vinnslutillagan var send til umsagnar/kynningar hjá hagsmunaaðilum með erindi 10. júlí 2020.

Frestur til að skila inn athugasemdum var til 31. ágúst 2020.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 17.11.2026

Úrvinnsla vinnslutillögu *með hliðsjón af ábendingum og athugasemdum við vinnslutillögu að lokinni kynningu samkvæmt 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga „30.gr. Gerð aðalskipulags, kynning og samráð".*

Athugasemdir og ábendingar/umsagnir *hagsmunaaðila voru kynntar á fundi skipulagsráðs 7. september 2020. Skipulagsráð samþykkti þá á grundvelli framlagðrar vinnslutillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi Kópavogs og umsagna og ábendinga er fram komu er vinnslutillagan var kynnt – að hefja vinnu við gerð tillögu að nýju aðalskipulagi Kópavogs fyrir tímabilið 2019-2031+.*

Í kjölfar athugasemda sem bárust við vinnslutillöguna var haft samráð við ýmsa hagsmunaaðila um athugasemdirnar; fundað var með fulltrúum Umhverfisstofnunar og Minjastofnunar Íslands, haft var samráð við Heilbrigðiseftirlit, Veitur, Landsnet o.fl.

Vinnufundir voru haldnir með bæjarfulltrúum sumarið 2020 og haust/vetur 2020.

Sjá einnig umfjöllun í kafla 3.3 framar í greinargerð þessari í kafla „3.3 Vinnslutillaga aðalskipulags 2019-2031+".

Tillaga að Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040

Skipulagsráð samþykkti 30. nóvember 2020 að mæla með að tillaga að nýju Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 yrði auglýst í samræmi við 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga og 31. gr. sömu laga um auglýsingu aðalskipulags.

Bæjarstjórn samþykkti 3. desember 2020 tillögu skipulagsráðs að leita heimildar Skipulagsstofnunar til að auglýsa tillöguna ásamt umhverfisskýrslu í samræmi við 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 31. gr. sömu laga.

Tillagan var uppfærð/yfirfarin í febrúar 2021 með tilvísan í ábendingar Skipulagsstofnunar dags. 8. febrúar 2021.

Tillaga, dags. 24. nóvember 2020, uppfærð í febrúar 2021 *var lögð fram á fundi skipulagsráðs 1. mars 2021. Skipulagsráð samþykkti með tilvísan til 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að vísa uppfærðri tillögu til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar og að hún verði auglýst í samræmi við 31. gr. ofangreindra laga. Jafnframt fjallaði umhverfis- og samgöngunefnd um uppfærða tillögu á fundi 4. mars 2021.*

Bæjarstjórn samþykkti 9. mars 2021 tillögu skipulagsráðs að auglýsa uppfærða tillögu að nýju Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 ásamt umhverfisskýrslu í samræmi við 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Tillaga að endurskoðuðu/nýju Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 var auglýst í Fréttablaðinu 20. mars 2021,

í Lögbirtingablaðinu 23. mars 2021 og og tillaga og gögn voru auglýst og sett á heimasíðu bæjarins 19. mars 2021.

Frestur til að skila inn athugasemdum var framlengdur til fimmtudagsins 27. maí (frá fimmtudeginum 6. maí) 2021.

Kynningarfundur var haldinn í beinu streymi fimmtudaginn 15. apríl 2021 kl. 16:30 til um 17.45.

Alls bárust 40 erindi (númeruð 1-40, sjá kafla 3.6.1 í skjali þessu) með umsögnum, athugasemdum og ábendingum.

Athugasemdir voru lagðar fram í skipulagsráði mán. 7. júní 2021.

Drög að umsögn þessari (greinargerð) lögð fram í skipulagsráði Kópavogs 21. júní 2021

2.

Þétting byggðar, gæði o.fl.

Markmið um þéttingu byggðar eru í samræmi við gildandi svæðisskipulag Höfuðborgarsvæðisins 2040 og gildandi aðalskipulag Kópavogs. Eitt meginstefið í Aðalskipulagi Kópavogs 2012-2024 er:

Stuðla skal að góðri nýtingu lands og landsgæða með umhverfis-og verndarsjónarmið að leiðarljósi. Mótun byggðarinnar skal tryggja sjálfbærni og hagkvæma uppbyggingu. En í því felst m.a. að horft er í ríkari mæli til þéttingu byggðarinnar og þannig er vægi vistvænni samgangna aukið. Í endurskoðuðu aðalskipulagi er jafnframt byggt á þessu.

Þétting byggðar er og hefur einnig verið megin stefið í aðalskipulagi nágrannabyggða Kópavogs sérstaklega í Reykjavík.

Segja má að hugmyndirnar um þéttingu byggðar í skipulagi Kópavogs hafi komið fram fyrir um tveimur áratugum síðan og því eldri en stefnumörkun í gildandi aðalskipulagi: Kópavogstún, Bryggjuhverfið og Lundur allt hverfi sem tekin voru til skipulags á árunum 2003-2005.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 17.11 2026

Markmiðið er einnig í samræmi við fyrirhugaða uppbyggingu hágæða almenningssamgangna (Borgarlínu), áherslur á breyttar ferðavenjur, uppbyggingu traustra innviða fyrir virka ferðamáta í samhengi við loftlagsbreytingar og kröfur um trausta innviði m.t.t. áherslna á meðhöndlun yfirborðsvatns með innleiðingu blágrænna ofanvatnslausna. Áherslur sem eru í samhengi við loftslagsáætlanir og innleiðingu samgöngumiðaðs og loftlagsmiðaðs skipulags og svæðisskipulags Höfuðborgarsvæðisins 2040.

Greinargerð tillögu að endurskoðun á Aðalskipulagi 2019-2040 fjallar á greinargóðan og upplýsandi hátt um byggð í kafla 2, atvinnulíf í kafla 3, umhverfi í kafla 4, grunnkerfi í kafla 5 og samfélag í kafla 6. Helstu viðfangsefni kafla um byggð eru m.a. meginmarkmið þróunarsvæða, markmið og leiðir til að ná fram þeim meginmarkmiðum ásamt umfjöllun um þéttingarsvæði.

Áhersla er lögð á að stuðla skuli að góðri nýtingu lands og landsgæða með umhverfis- og verndarsjónarmið að leiðarljósi. Að mótun byggðar tryggi sjálfbærni og hagkvæma uppbyggingu og stuðla að fjölbreyttu framboði af húsnæði, þjónustu og greiðum samgöngukerfum. Vísað er til þess að styrkja stoðir sjálfbærrar þróunar og efnahags á þróunarsvæðum sem er m.a. gert með því að fjölga og innleiða græn svæði, grænt yfirbragð, græn þök, þakgarða, orkuskipti, aðskilið stígakerfi, skjólmyndun, sólarsvæði, torgsvæði, verslun og þjónustusvæði, leiksvæði, stöllun byggðar og blágrænar ofanvatnslausnir svo eitthvað sé nefnt – til að veita innsýn í leiðir að innleiðingu.

Við gerð endurskoðunar aðalskipulagsins og gerð deiliskipulags almennt er miðað við stefnumótandi áherslur gildandi Aðalskipulags Kópavogsbæjar 2012-2024 og tillögu að endurskoðun á Aðalskipulagi Kópavogsbæjar 2019-2040 varðandi þéttingu byggðar, gæði byggðar og þau viðmið sem horft er til varðandi umhverfisþætti, byggðar, samgangna o.fl.

Sérstök áhersla er lögð á gæði byggðar m.a. í kafla 2. Byggð, kafla 2.1.1.1 Skilgreiningar, markmið og leiðir - nýtingarhlutfall húsagerða, aldursdreifing - undir markmiðum og leiðum m.a.

MARKMIÐ

- ……..
- Þéttleiki byggðar verði mestur næst miðju en næst jaðrinum verði byggðin strjálli og tengsl við ósnortna náttúru meiri.
- Horfa skal til þéttingar byggðar í anda stefnu um sjálfbært skipulag þéttbýlis.Stuðla skal að verndun og viðhaldi þess menningarsögulega arfs sem fólginn er í sögu og þróun byggðar í Kópavogi á þann hátt að einstök hús, húsaraðir og götumyndir verði vernduð. Verði það samkvæmt viðmiðum rammaákvæða aðalskipulags í 7. kafla greinargerðar þessarar í samræmi við heimsmarkmið 11.4 um verndun náttúru og menningararfleifðar.
- Hvert hverfi verði aðlaðandi, sérkenni þess njóti sín og hafi miðkjarna ef þess er kostur.
- Lögð er áhersla á gæði í byggðu umhverfi; byggðarmynstur og staðaranda, göngufjarlægðir, götuna sem borgarrými, almenningsrými, rými milli bygginga, skjól, útvistarsvæði, hönnun og arkitektúr.
- o.fl. o.fl.

LEIÐIR

- …….
- Unnið verði áhættumat vegna áhrifa loftslagsbreytinga. Þar sem niðurstaða áhættumats er „veruleg neikvæð áhrif“ verði gripið til aðgerða í samræmi við heimsmarkmið 13.2 um ráðstafanir vegna loftslagsbreytinga.
- Unnið verði deiliskipulag fyrir þróunarsvæðin með sjálfbæra þróun og gæði byggðar að leiðarljósi.
- Lögð er áhersla á gæði byggðar við gerð deiliskipulags. Horft verði til gæða húsnæðis og nærumhverfis s.s. birtuskilyrða, dýpt húsnæðis, hljóðgæða og loftgæða í íbúðum. Einnig verði hugað að inngörðum og nærumhverfi, hæð bygginga, fjarlægð á milli bygginga. Hugað verði að torgum og útisvæðum til leiks og dvalar þar sem sólar nýtur.
- Gerðar verði leiðbeiningar/viðmið um gæði byggðar sem hafðar verði til hliðsjónar við skipulagsgerð.
- Gæði byggðar eru m.a. skilgreind í hverfisáætlunum og gátlistum þeim tengdum. Sjá einnig 7. kafla um rammahluta aðalskipulags, markmið fyrir hverfin fimm í Kópavogi þ.e. Kársnes, Digranes, Smára, Fífuhvamm og Vatnsenda.
- o.fl. o.fl.

Þróunarsvæði.

Þróunarvæði sem afmörkuð eru á aðalskipulagstillögunni eru ekki ný af nálinni. Þau voru fyrst skilgreind og afmörkuð fyrir um 10 árum í gildandi aðalskipulagi 2012-2024. Afmörkun og ákvæði þróunarreita hafa tekið breytingum í yfirstandi vinnu við aðalskipulagstillögu - sem hefur verið kynnt bæði sem vinnslutillaga og tillaga - og í upphafi gerð grein fyrir verkefninu í skipulagslýsingunni/verkefnislýsingu.

Sumir þróunarreitir hafa breyst (afmörkun hefur breyst) og þeir aðlagaðir að svæðum sem eru þróun og uppbygginu m.a í Smáranum, Glaðheimasvæðinu og Auðbrekku. Í Digranesi og Kársnesi vestanverðu hafa þróunarsvæði verið stækkuð og ná nú yfir Traðarreitina, Háveg og gjána yfir Hafnarfjarðarveg og á svæði á vestanverðu Kársnesinu.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 17.11 2026

Áhersla á gæði byggðar hefur verið mikil í Kópavogi til fjölda ára og birtist það meðal annars í stefnumótun, í stefnumótun í aðal- og deiliskipulagsáætlunum sveitarfélagsins.

Á þróunarvæði í Hamraborg, ÞR-3, er til dæmis bent á að helstu markmið deiliskipulags séu meðal annars að metnaðarfullur arkitektúr og umhverfisvænar byggingalausnir móti gæði byggðar og myndi umgjörð um mannlíf og lýðheilsu. Mótuð verði aðlaðandi almenningsrými fyrir fólk á öllum aldri með aðgengi fyrir alla. Ennfremur er ákvæði um sjálfbærar ofanvatnslausnir til að tryggja gróðurvænt umhverfi og til að minnka álag á veitukerfi, ákvæði um góða lýsingu utandyra til að tryggja öryggi í almenningsrýmum, góða aðstöðu til geymslu á hjólum til að hvetja til aukinnar notkunar reiðhjóla og margt fleira.

Einnig hefur verið lögð áhersla á að þróa rammaákvæði sem hafa það markmið að auka gæði byggðar í eldri hverfum bæjarins á ódeiliskipulögðum svæðum. Gæði byggðar eru m.a. skilgreind í hverfisáætlunum og gátlistum þeim tengdum. Sjá einnig 7. kafla um rammahluta aðalskipulags, markmið fyrir hverfin fimm í Kópavogi þ.e. Kársnes, Digranes, Smára, Fífuhvamm og Vatnsenda.

Í deiliskipulagsáætlunum er skal varðandi „hönnun húsa og lóðar" miða við að hvoru tveggja falli sem best að því landi sem fyrir er á viðkomandi lóð. Leitast skal við að í öllum íbúðum hússins komi dagsljós úr tveimur höfuðáttum. Jafnframt skal leitast við að mynda skjólgóð dvalarsvæði á lóð sem snúa í suður - vestur. Mikilvægt er að hönnuðir kynni sér hönnun húsa á næstu lóðum (áform) með það í huga að skapa gott samspil húsa hvað varðar útlit og frágang s.s. þakfrágang, efnisval, áferð og litaval á einstökum byggingarhlutum.

Skipulagsáætlunum fylgja skýringar(hefti B) þar sem sýnd eru m.a. dæmi um fjölbreytni í efnisvali og útliti, fyrirmyndir um þakgarða og sameiginleg útirými, frágang lóða og opin svæði innan lóða og marga fleiri þætti sem hafa áhrif á gæði byggðarinnar og lífsgæði íbúa hennar.

3.

Ferðatími - Umferð, umferðarspár o.fl.

Umferðarspár sýna að umferðartafir bifreiða munu aukast verulega með óbreyttu ferðamynstri þrátt fyrir uppbyggingu stórra samgöngumannvirkja.

Umferðarspár sýna að markmið um breyttar ferðavenjur hafa jákvæð áhrif á umferð, hljóðvist og loftgæði. Svæðisskipulag Höfuðborgarsvæðisins 2040 tiltekur áherslu á uppbyggingu hágæða almenningssamgangna, svæðisnýtingarhlutfall, farþegagrundvöll og áherslu á breyttar ferðavenjur til að ná fram markmiðum um samgöngu- og loftslagsviðmið og stefnur í þeim málaflokkum sem settar hafa verið af ríki og sveitarfélagi.

Markmiðið er að fækka hlutdeild bílferða heildarferðafjölda á höfuðborgarsvæðinu úr 81% (2017) í um 58% árið 2040. Samhliða því að auka hlutdeild þeirra sem ferðast með almenningssamgöngum úr 4% í 12% hlutdeild allra áætlaðra ferða árið 2040. (Ferðamátakönnun Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu 2017)

Gert er ráð fyrir að með breyttum ferðavenjum ferðist fleiri með almenningssamgöngum og hágæða almenningssamgöngum (Borgarlínu) eða nýti virka ferðamáta.

Umferðarspá 2019-2031+ (2040). Umsögn/svar, ábending.

Spáin sýnir berlega fram á að mikilvægt er að sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu fylgist vel með þróun samgöngumála og ferðatíma og endurskoði reglulega langtímamarkmiðin og stefnumótun í samgöngumálum.

Í framkominni athugasemd gætir misskilnings; 28% aukning á ferðatíma er ferðatíminn í spá sem miðar við að ***ekkert verði að gert*** *til að breyta ferðavenjum og er því einungis til samanburðar við spá aðalskipulagsins og miðar því ekki við þær þéttingaráætlanir og samgönguframkvæmdir og aðgerðir sem tillaga að Aðalskipulagi Kópavogsbæjar 2019-2040 miðar við að verði.*

- *Spáin sýnir að gangi markmið um breyttar ferðavenjur eftir er þróun ferðavenja til 2030 mjög ásættanleg og aukninga á ferðatíma engin.*
- *Langtímaspáin þ.e. þar sem spáin miðar við um 2050 (10 árum fram yfir gildistíma aðalskipulagstillögunnar) sýnir aukningu á ferðatíma um 20%. Lengri ferðatími fylgir að hluta til byggðarþróun höfuðborgarsvæðisins undanfarna áratugi. Byggð á höfuðborgarsvæðinu - og Kópavogi - hefur þanist út (stækkað landfræðilega) og nýtt land hefur verið tekið undir byggð. Ferðir verða því að hluta til lengri vegna þess.*

Skjal sótt af '0000000000' dags: 17.11 2026

4.

Verklag, ferlar o.fl.

Forsendur endurskoðunar/verkefnisins á gildandi Aðalskipulagi Kópavogsbæjar 2012-2024 og tillögu að Aðalskipulagi 2019-2040 eru byggðar á lögum um skipulags og umhverfismál, áherslum og markmiðum bæjaryfirvalda á þeim möguleikum sem felast í byggðarþróun innan lögsögu sveitarfélagsins.

Tillaga að Aðalskipulagi Kópavogsbæjar 2019-2040 byggir í megindráttum á gildandi Aðalskipulagi Kópavogsbæjar 2012-2024. Farið var yfir öll gögn og þau endurskoðuð s.s. uppdrættir, greinargerð og viðaukar – auk þess sem Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna hafa verið samþætt/aðlöguð aðalskipulaginu.

Sjá einnig umfjöllun undir lið 1. hér að framan um: 1. Samráð o.fl., Inngangur, Almennt um þróun verkefnisins, heimsmarkmiðin, samráð – og önnur verkefni sem hafa áhrif.

Samhliða vinnu við endurskoðun aðalskipulags hefur verið unnið með breytingar á gildandi aðalskipulagi 2012-2024 m.a. vegna þéttingar byggðar á Traðarreit-eystri og í Hamraborg á Fannborgarreit og Traðarreit-vestari. Samhliða voru unnar tillögur að deiliskipulagi sömu svæða. Sjá næsta lið.

Aðalskipulagsbreyting fyrir miðsvæði Kópavogs. Umsögn/svar.

Aðalskipulagsbreyting fyrir miðsvæði Kópavogs. Fannborgarreitur og Traðarreitur–vestur fól í sér breytingu á núgildandi aðalskipulagi Kópavogs 2012-2024 og var samþykkt í bæjarstjórn 25. maí 2021. Breytingar á landnotkun í nýju aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 er í takt við þær aðalskipulagsbreytingar. Ekki er verið að gera efnislegar breytingar á skipulagi á greindu skipulagssvæði.

Samkvæmt 2. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er sveitarstjórnum veitt heimild til þess að auglýsa aðalskipulagsbreytingar sem samsvarar tillögu deiliskipulag áður eða samhliða, ef deiliskipulagstillaga er ekki í samræmi við gildandi aðalskipulag. Í núgildandi skipulagslögum er heimilt bæði að auglýsa og samþykkja slíkar aðalskipulagsbreytingar samhliða deiliskipulagstillögu. Í greinargerð sem fylgdi með frumvarpi laganna segir að greind breyting væri lögð til þar sem að fyrra fyrirkomulag, þ.e. að þurfa að bíða eftir staðfestingu ráðherra á afgreiðslu aðalskipulags áður en sveitarstjórn samþykki viðkomandi deiliskipulag hafi tafið afgreiðslur deiliskipulagstillagna. ***Er því ekki um undantekningu að ræða heldur víðtækari heimild til handa sveitarstjórnum til að koma í veg fyrir óþarfa tafir á afgreiðslu deiliskipulags og því um hagræðissjónarmið að ræða.***

Einnig er bent á að aðalskipulag og deiliskipulag er sitthvort skipulagsstigið og eru deiliskipulagsáætlanir yfirleitt mun ítarlegri en aðalskipulagáætlanir og ættu því að gefa mun betri upplýsingar um fyrirætlanir sveitarfélagsins. Íbúar ættu því að vera mun betur upplýstir og jafnframt betur í stakk búnir til þátttöku í samráði.

5.

Línur að nýjum miðbæ í Hamraborg - heimsmarkmiðin

Tenging Hamraborgar sem miðbæjarkjarna og Borgarlínustöðvar er mikilvægur þáttur í uppbyggingu hágæða-almenningssamgangna og til að stuðla að breyttum ferðavenjum á höfuðborgarsvæðinu í samræmi við áherslur um breyttar ferðavenjur fyrir árið 2040.

Í kafla 5.1.4 í greinargerð tillögu Aðalskipulags Kópavogs 2019-2040 kemur fram að ekki liggur fyrir endanlega ákvörðun um legu Borgarlínu á milli Hamraborgar og Smáralindar.

Ráðgert er að fara í samanburðargreiningu á þeim valkostum sem liggja fyrir – um Digranesveg í Smára eða Hafnarfjarðarveg og Fífuhvammsveg í Smára. Farið verður í samanburðargreiningu á kostum og göllum beggja leiða síðar í samráði við verkefnastofu Borgarlínu og Vegagerðina. Jafnframt er áformað að ráðast í sérstakt þróunarverkefni sem tekur á framtíðarþróun Borgarlínustöðva.

Varðandi tillögur að breyttu skipulagi á miðsvæði í Hamraborg.

Auk umfjöllunar hér á eftir er vísað í umsögn tengda áður kynntum skipulagstillögum á Hamraborgarsvæðinu sem auglýstar voru samhliða - annars vegar breyting á gildandi Aðalskipulagi Kópavogs 2021-2024 og hins vegar deiliskipulagstillaga sama svæðis. Skipulagssvæðinu var skipt í reiti annars vegar Fannborgarreit (B1-1) og hins vegar Traðarreit-vestur (B-4).

Sjá einnig umsögn Kópavogsbæjar varðandi Fannborgarreit – Traðarreit-vestur, greinargerð dags. 22.4.2021 sjá á heimasíðu Kópavogsbæjar, fundargerðir, skipulagsráð, fund 99, tvö erindi merkt nr. 4 og 5 á dagskrá - greinargerð dags. 22.4.2021 er undir máli nr. 5. Tengill á 99. fund skipulagsráðs er:
https://www.kopavogur.is/is/stjornsysla/fundargerdir/skipulagsrad/3090

Skjal sótt af '0000000000' dags: 17.11.2026

Hér á eftir verða nokkur atriði talin upp.

- *Samkvæmt greiningum Örugg verkfræðistofu og Eflu verkfræðistofu verða vindaðstæður á reitunum að mestu leyti betri. Þó koma fram svæði þar sem vindur gæti aukist – og eru þar fyrirhugaðar mótvægisaðgerðir til að bregðast við og bæta úr því.*
- *Í skipulagi miðsvæðis er hæðum bygginga háttað á þann veg til að auka sólarljós á mannlífsásnum, byggingar eru stallaðar í hæð, inndregnar og byggð mótuð til að draga sem mest úr myndun skuggavarps.*
- *Utanaðkomandi sérfræðingar voru fengnir til að rýna skipulag miðbæjarsvæðisins - og farið var yfir þá rýni - og viðbrögð og breytingar á skipulagstillögu í samræmi við rýni sérfræðinga, þar á meðal rýni Arkís og Yrkis arkitekta, á fundi skipulagsráðs.*
- *Meginmarkmið breytinga er uppbygging á samgöngumiðuðu skipulagi og þéttingu byggðar innan miðsvæðis Harmaborgar. Hamraborgin er skilgreind sem „kjarni“ í svæðisskipulagi Höfuðborgarsvæðisins-Höfuðborgarsvæðið 2040 samanber:*
  - *Kort 2: „Kjarnar og vaxtarmörk“ (bls 31) í gildandi svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins*
    https://ssh.is/images/stories/Hofudborgarsvaedid_2040/HB2040-2015-07-01-WEB_Undirritad.pdf
  - *Sama kort 2 með breytingum - (mynd F): „Kjarnar og vaxtarmörk“, mynd F, miðkjarnar, þannig að kort sýni einnig samgöngu- og þróunarása (bls 11)*
    https://ssh.is/images/stories/svaedisskipulag/Borgarlina/2018_05_Stadfesting/180525_ssk_tillaga_stadfest.pdf
- *Þétting byggðar er í takt við meginmarkmið í gildandi Aðalskipulagi Kópavogsbæjar 2012-2024. Lögð er áhersla á að stuðla að sjálfbærri þróun þar sem m.a. bætt lífsgæði íbúa og fjölbreytt mannlíf verði í fyrirrúmi.*
- *Á Fannborgarreit og Traðarreit-vestur er lögð áhersla á fjölbreytt framboð íbúða sem taki mið af húsnæðismarkaði og skýrslu Kópavogsbæjar um stöðu húsnæðismarkaðarins.*
- *Fram kemur í greinagerð tillögu að deiliskipulagi fyrir Fannborgarreit og Traðarreit-vestur verði blönduð byggð sem byggir á sveigjanleika og sjálfbærni.*
- *Byggðin er blönduð byggð íbúða og fjölbreyttrar atvinnu- og menningarstarfsemi þar sem lögð er sérstök áhersla á sjálfbærni til framtíðar.*
- *Fyrirhuguð uppbygging á Fannborgarreit og Traðarreit-vestur samræmist meginmarkmiðum svæðisskipulags Höfuðborgarsvæðisins 2040, s.s. varðandi landnotkun og samgöngukerfi, þéttingu og blöndun byggðar og sjálfbæra þróun.*
- *Breytingin er í samræmi við áherslu um að beina uppbyggingu í auknum mæli að miðkjarna og öðrum miðlægum svæðum sem eru samgöngumiðuð.*
- *Skipulagsbreytingin er í samræmi við fyrirhugaða/áætlaða fjölgun íbúa höfuðborgarsvæðisins um a.m.k. 60.000 til ársins 2040 og verði þá um 275.000 íbúar á höfuðborgarsvæðinu sem mun að öllum líkindum fela í sér aukna umferð. Til að bregðast við þessari þróun hefur verið farið í innleiðingu á uppbyggingu Borgarlínu og á samgöngumiðuðu skipulagi.*
- *Borgarlína er grundvöllur þess að sveitarfélögin geti þétt byggð í miðkjörnum og þróunarásum og vaxið án þess að brjóta nýtt land undir byggð utan skilgreindra vaxtarmarka.*
- *Byggingarmagn var mótað á Fannborgarreit og Traðarreit-vestur með sól og skjól í huga, hæð bygginga sem snúa að mannlífsásnum var breytt (í vinnsluferli) til að takmarka skuggavarp niður á mannlífsásinn og að Hamraborg 30-36. Það var gert með því að stalla hæð húsa niður að mannlífsásnum - við það eru byggingar á einni hæð sem snúa að mannlífsásnum á reit B1-1 (Fannborgarreit) og á reit B4 (Traðarreit-vestur) – þ.e. byggingar við mannlífsásinn eru að jafnaði á einni hæð.*
- *Skuggavarp niður á mannlífsásinn frá byggð á reit B1-1 (Fannborgarreit) og B4 (Traðarreit-vestur) er takmarkað með mótun byggðarinnar. Varpar byggðin litlum skugga niður á mannlífsásinn sjálfan og við það skapast sólrík svæði á mannlífsásnum.*
- *Byggð er stölluð á Fannborgarreit og Traðarreit-vestur til að draga úr skuggamyndun á svæðið í heild sinni þ.e. með sérstaka áherslu á að stuðla að minna skuggavarpi á aðliggjandi byggð, torgsvæði, almenningssvæði, leiksvæði og mannlífsás. Lögun bygginga er breytt m.a. áætlaðri byggingu Fannborgar 4 (F04) er breytt til að breyta vindflæði, sama gildir um lögun á byggingu við norðaustur hlið Fannborgar 8.*

Skjal sótt af '0000000000' dags: 17.11 2026

- *Sama bygging, Fannborg 4, (F04) er/var lækkuð úr 13 hæðum niður í fjórar hæðir og inndreginn fyrir miðju til að draga verulega úr skuggavarpi inn á torgsvæði og mannlífsás og vinna á móti skuggavarpsmyndun inn á Hamraborg 38 yfir sumarmánuði og takmarka skuggavarp allt árið.*
- *Kvöldsól skín þar af leiðandi, út af ofangreindum aðgerðum, beint inn mannlífsásinn frá vestri eftir kl. 17 yfir alla sumarmánuðina og torgsvæði við Fannborg 4 (F04) sem skapar mjög sólríkt svæði yfir sumarmánuðina.*
- *Byggð á Fannborg 4 (F04) var mótuð ásamt vestari hluta byggðar fyrir miðju Fannborgarreits (B1-1) með vind og vindáhrif í huga.*
- *Hæð bygginga á Traðarreit-vestur var breytt úr 9 hæðum í 7 hæðir við Digranesveg til að stuðla að meiri birtu og sól inn á svæðið og til að draga úr skuggavarpi.*
- *Hæð byggingar á Traðareit-vestur á vesturenda er breytt til að stuðla að því að mynda ekki skuggavarp á svæðinu yfir sumarmánuði.*
- *Byggingarmagn á reit B1-1 (Fannborgarreit) fyrir miðju á reitnum fyrir framan Fannborg 1-5 var mótað til að skuggavarp frá byggðinni nái ekki inn að Hamraborg 30 – 36 yfir sumarmánuðina og yfir höfuð yfir árið þegar sól er lágt á lofti, miðað við skuggavarp sem myndast frá Fannborg 1-5. Fannborg 1 sem er tíu hæða bygging, er farin að varpa skugga á Hamraborg 30-36 áður en það myndi myndast skuggavarp frá byggð á B1-1 (Fannborgarreit).*
- *Byggð á suðurhlið á reit B4 (Traðareit-vestur) er stölluð og lækkuð í hæð við Digranesveg til að draga úr skuggavarpi og inn á Digranesveg og að auka opnun fyrir dagsljós inn í inngarð á B4 (Traðareit-vestur) og að byggðinni á B4 (Traðareit-vestur).*

Með skipulagsbreytingu þessari (Fannborgarreit og Traðarreit-vestur) er m.a. fylgt eftir stefnu svæðisskipulagsins en þar segir m.a. í aðgerð 2.2.1 „...Lega samgöngu- og þróunaráss og uppbygging hans skal bundin í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins þegar hún liggur fyrir með breytingu eða endurskoðun sbr. töflu 3. Sveitarfélögin innleiða jafnframt samgöngu- og þróunarás í aðalskipulagsáætlanir“. Með þeirri breytingu er verið að leggja grunninn að því að sveitarfélögin nái fram markmiðum svæðisskipulagsins, m.a.:

• að hlutdeild almenningssamgangna í öllum ferðum innan svæðisins vaxi í a.m.k. 12% og að hlutdeild göngu og hjólreiða í öllum ferðum innan svæðisins verði a.m.k. 30% árið 2040 (markmið 2.2 og 2.3).

https://ssh.is/images/stories/Hofudborgarsvaedid_2040/HB2040-2015-07-01-WEB_Undirritad.pdf (bls 43 og 46)

• tryggja hagkvæman vöxt höfuðborgarsvæðisins þannig að 66% íbúðabyggðar svæðisins verði á kjörnum og samgöngumiðuðum svæðum árið 2040 (markmið 1.2).

• fjölga eftirsóknarverðum uppbyggingarsvæðum og styrkja alþjóðlega samkeppnishæfni höfuðborgarsvæðisins (markmið 3.1).

• stíga markviss skref til að auka gæði nærumhverfisins sem mótist af viðmiðum 20 mínútna hverfisins (markmið 5.1).

Umrædd skipulagsbreyting á miðbæjarsvæði Hamraborgar er í samræmi við markmið 1.2 í Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2040 sem er segir. „Meginþunga vaxtar verður beint á miðkjarna og önnur samgöngumiðuð þróunarsvæði. Hlutfall íbúðabyggðar á þeim svæðum vaxi úr 30% í 66%“ (bls 29) *https://www.ssh.is/images/stories/Hofudborgarsvaedid_2040/HB2040-2015-07-01-WEB_Undirritad.pdf*

Skipulag á þróunarsvæðum hágæðaalmenningssamgangna, Borgarlínu, miðast við að vera samgöngu- og loftslagsmiðað skipulag í þeim skilningi að lögð skal áhersla á að almenningssamgöngur séu í göngufæri við íbúa og byggðin sé þétt og blönduð til að gera fólki betur kleift að fara ferða sinna og sækja þjónustu fótgangandi eða á reiðhjóli og dregið sé úr losun gróðurhúsalofttegunda og stuðlað að bindingu með blágrænum ofanvatnslausnum, þakgörðum og grænu yfirbragði.

Með vísan til húsakönnunar fyrir byggingar á skipulagssvæði Fannborgarreits og Traðarreits-vestur er varðveislumat varðandi Fannborg 2 m.a. eftirfarfarandi:

- *Listrænt gildi/byggingarlist - Fannborgar 2 er talið miðlungs - byggingartækni og efnisval er hefðbundið dæmi síns tíma.*
- *Menningarsögulegt gildi er metið hátt þar sem byggingin var áður félagsheimili svæðisins og hefur að auki hýst leikfélag, bókasafn, kvikmyndahús og bæjarskrifstofur Kópavogsbæjar. Umhverfisgildi er metið lágt, ekki áberandi hluti af götumynd og byggingin umlukin bílastæðum.*
- *Upprunalegt gildi er metið miðlungs þar sem töluvert hefur verið átt við bygginguna í gegnum árin og hún breyst frá upprunalegu útliti.*

Skjal sótt af '0000000000' dags: 17.11 2026

- *Tæknilegt ástand er metið lágt þar sem bágborið ástand gerir það að verkum að byggingin er talin ónýt, meðal annars sökum myglu og skerts burðarvirkis.*
- *Heildarvarðveislugildi er metið miðlungs þar sem byggingin á sér merkilega sögu en ástand hennar í dag er bágborið.*

Í greinagerð tillögu að Aðalskipulagi Kópavogsbæjar 2019-2040 koma fram viðmið um svæðisnýtingarhlutfall (í kafla 2), markmið um þéttleika byggðar á samgöngumiðuðum þróunarsvæðum í samræmi við svæðisskipulag Höfuðborgarsvæðisins 2040.

Áhersla á vistvænar samgöngur á þéttingarsvæðum miðast við að ná fram viðmiðum um svæðisnýtingarhlutfall fyrir meginstöð samgangna á Höfuðborgarsvæðinu í samræmi við breytingar á svæðisskipulagi Höfuðborgarsvæðisins 2040 með tilkomu Borgarlínu. Við þá vinnu voru skoðaðir valmöguleikar á samsetningu byggðar á skipulagssvæðinu í heild sinni til að ná fram svæðisnýtingarhlutfalli, efla við aðdráttarafl bæjarkjarnans og styrkja við bæjabrag svæðisins. Þétting byggðar á kjarnasvæði (Hamraborg og Smára) er til þess fallin að hækka svæðisnýtingarhlutfall byggðar við kjarnastöðvar hágæðaalmenningssamgangna (Borgarlínu).

Bent skal á að svæðisnýtingarhlutfall er ekki það sama og nýtingarhlutfall lóða.

Svæðisnýting eða svæðisnýtingarhlutfall er nýtingarhlutfall sem segir til um hversu mikið byggingarmagn er á svæði í hlutfalli við byggjanlegt svæði. Þetta eru bæði fermetrar sem tilheyra íbúðarbyggð og atvinnuhúsnæði. Land sem fer undir s.s. innra gatnakerfi, stígar og minni almenningsrými teljast vera hluti hins byggjanlega svæðis við útreikning. Heimild: Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins, Höfuðborgarsvæðið 2040. Svæðisnýtingarhlutfall er ætíð lægra en nýtingarhlutfall lóða. Í fyrra Aðalskipulagi Kópavogs 2012-2024 var talað um meðalnýtingu svæðis eða reits, stundum kallað reitanýting, sú skilgreining fellur undir skilgreiningu um svæðisnýtingu. Í Aðalskipulagi Kópavogs er tekið fram hvort bílakjallarar teljast með eða ekki.

Sjá einnig umsögn Kópavogsbæjar varðandi Fannborgarreit – Traðarreit-vestur, greinargerð dags. 22.4.2021- á heimasíðu Kópavogsbæjar, fundargerðir, skipulagsráð, fund 99, tvö erindi merkt nr. 4 og 5 á dagskrá - greinargerð dags. 22.4.2021 er undir máli nr. 5. Tengill á 99. fund skipulagsráðs er:
https://www.kopavogur.is/is/stjornsysla/fundargerdir/skipulagsrad/3090

Heimsmarkmið og aðalskipulag

Bent er á í framkominni athugasemd að „.... við lestur (tillögunnar innskot) er ekki ljóst hvernig markmið hafa haft bein áhrif á sjálfa skipulagsuppdrættina. Annað hvort þarf að greina betur frá því hvernig staðið var að því að innleiða heims-markmið í skipulagsuppdrættina....". *Þessu er til að svara að aðalskipulag er sett fram í skipulagsgreinargerð og á skipulagsuppdrætti og eftir atvikum á þemauppdráttum. Skipulagsgreinargerð aðalskipulags skal lýsa rök-studdri stefnu sveitarstjórnar um landnotkun, byggðaþróun, byggðamynstur, samgöngu- og þjónustukerfi og umhverfismál í sveitarfélaginu ásamt umhverfismati aðalskipulagsins. Skipulagsuppdráttur aðalskipulags skal aftur á móti sýna staðbundnar ákvarðanir um landnotkun, vernd og aðrar takmarkanir á landnotkun svo og samgöngu- og þjónustukerfi.*

Að tvinna saman aðalskipulag og „Heimsmarkmið Sameinu þjóðanna" er nýtt verklag sem á efalaust eftir að taka breytingum. Enn fremur má leiða líkum að því að framsetning þeirra í skipulagsáætlunum svo sem í aðalskipulagi muni einnig taka breytingum. Um er að ræða brautryðjendaverkefni sem vakið hefur athygli og var m.a. kynnt á Skipulagsdeginum 8. nóvember 2019.

Heimsmarkmiðin voru tekin markvist inn í aðalskipulagsáætlunina í kjölfar mikilvægisgreiningar.

Fjölmörg markmið og leiðir að þeim hafa verið skilgreind í greinargerð aðalskipulagsins og tengingar við mælikvarða heimsmarkmiðanna. Nefna má sem dæmi kafla 3.2.4 og Athafnasvæði og kafla 4.1.1.1 um Loftslag.

Kafli 3.2.4 Athafnasvæði

„MARKMIÐ

- Dregið verði úr skaðlegum umhverfisáhrifum tengdum atvinnurekstri, meðal annars með því að bæta loftgæði og meðhöndlun úrgangs í samræmi við heimsmarkmið 11.6 um lágmörkun skaðlegra umhverfisáhrifa og 12.5 um minni úrgang, aukna endurvinnslu og minni sóun.
- Umgengni og frágangur við athafnasvæði verði ávallt til fyrirmyndar. Komið verði í veg fyrir að starfsemi á atvinnusvæðum ógni heilsu manna og umhverfi í samræmi við heimsmarkmið 11.6 um lágmörkun skaðlegra umhverfisáhrifa.

Skjal sótt af '000000000000' dags: 17.11 2026

- Við skipulag atvinnusvæða skal horft til mögulegra áhrifa loftslagsbreytinga í samræmi við heimsmarkmið 13.2 um ráðstafanir vegna loftslagsbreytinga.“

„LEIÐIR

- Gengið verði eftir því með reglubundinni vöktun og hvatningu að umgengni og frágangur á atvinnusvæðum verði til fyrirmyndar í samræmi við heimsmarkmið 11.6 um lágmörkun skaðlegra umhverfisáhrifa og 12.5 um minni úrgang, aukna endurvinnslu og minni sóun
- Unnið verði áhættumat vegna áhrifa loftslagsbreytinga. Þar sem niðurstaða áhættumats er „veruleg neikvæð áhrif“ verði gripið til aðgerða ef þörf krefur í samræmi við heimsmarkmið 13.2 um ráðstafanir vegna loftslagsbreytinga.“

„MÆLIKVARÐAR

- Fjöldi atvinnusvæða þar sem frágangur er til fyrirmyndar samkvæmt úttekt sem fram fer a.m.k. tvisvar á ári í samræmi við heimsmarkmið 11.6.
- Fylgst verður með hlutfalli úrgangs sem fer til endurvinnslu í samræmi við heimsmarkmið 11.6 (11.6.1).
- Fylgst verður með mælingum á svifryki í samræmi við heimsmarkmið 11.6 (11.6.2).
- Fylgst verður með magni úrgangs á íbúa í samræmi við heimsmarkmið 12.5. (12.5.1).“

Kafli 4.1.1.1 Loftslag

„MARKMIÐ

- Horft sé til mögulegra áhrifa loftslagsbreytinga á sveitarfélagið í samræmi við heimsmarkmið 13.2 um ráðstafanir vegna loftslagsbreytinga.
- Markvisst verður unnið að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda innan marka sveitarfélagsins og í rekstri þess í samræmi við heimsmarkmið 13.2 um ráðstafanir vegna loftslagsbreytinga“

„LEIÐIR

- Unnið verði áhættumat vegna áhrifa loftslagsbreytinga. Þar sem niðurstaða áhættumats er „veruleg neikvæð áhrif“ verði gripið til aðgerða í samræmi við heimsmarkmið 13.2 um ráðstafanir vegna loftslagsbreytinga.
- Haldið er loftslagsbókhald fyrir sveitarfélagið og losun frá rekstri þess kolefnisjöfnuð í samræmi við heimsmarkmið 13.2 um ráðstafanir vegna loftslagsbreytinga.
- Unnin verði stefna í loftslagsmálum þar sem áhersla er meðal annars lögð á breyttar ferðavenjur, fjölbreytta samgöngumáta, vistvænan ferðamáta, deilibílakerfi til að draga úr bílaeign, skipulag
- þjónustu, atvinnu, umhverfis og þéttingu byggðar í samræmi við heimsmarkmið 13.2 um ráðstafanir vegna loftslagsbreytinga.
- Við skipulag nýrra svæða sé markvisst horft til þéttingar og blöndunar byggðar, meðal annars með því markmiði að draga úr ferðaþörf og losun gróðurhúsalofttegunda í samræmi við heimsmarkmið 13.2 um ráðstafanir vegna loftslagsbreytinga.“

„MÆLIKVARÐAR

- Haldin verður skrá yfir þau hverfi Kópavogs þar sem áhættumat vegna áhrifa loftslagsbreytinga hefur farið fram í samræmi við heimsmarkmið 13.2.“

3.7.18 Athugasemd 9 – Mosfellsbær

Mosfellsbær, 14. maí 2021
erindi nr. 201903155/19.2 fdb

Efni: Afgreiðsla skipulagsnefndar vegna erindis yðar

Á 542. fundi skipulagsnefndar Mosfellsbæjar 14.5.2021, var neðangreint erindi tekið fyrir og svohljóðandi bókun gerð:

Nýtt Aðalskipulag Kópavogs 2019-2040 - endurskoðun

Borist hefur erindi frá Kópavogsbæ, dags. 03.05.2021, með tilkynningu um framlengdan kynningartíma tillögu nýs Aðalskipulags Kópavogs 2019-2040. Umsagnafrestur er til 27.05.2021.

Lagt fram og kynnt. Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við kynnt aðalskipulag Kópavogsbæjar.

Afgreiðsla skipulagsnefndar er gerð með fyrirvara um staðfestingu bæjarstjórnar

Skjal sótt af '0000000000' dags: 17.11.2026

Mosfellsbæjar og verður yður gert viðvart ef afgreiðsla erindisins verður á annan veg í bæjarstjórn en hér er tilkynnt.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,
f.h. skipulagsnefndar Mosfellsbæjar
Kristinn Pálsson,
Skipulagsfulltrúi

Erindið má finna í viðauka greinargerðar (pdf útgáfu) „Viðauki 1: Umsagnir, athugasemdir og ábendingar".

3.7.19 Umsögn við athugasemd 9, Mosfellsbær

Umsögn um athugasemd nr. 9.

Þakkað er fyrir umsögnina.

3.7.20 Athugasemd 10 – Reiðvegnefnd Spretts (sjá einnig 15, 16, (17), 20)

Kjóavöllum 20. maí 2021

Efni: *Aðalskipulag Kópavogs 2019 – 2040, tillaga*

Í tillögum að Aðalskipulagi Kópavogs 2019–2040 er í greinargerð kafla 5.1.3 fjallað um göngu-, hjóla og reiðstíga. Eðli máls samkvæmt er fjallað um öryggi hjóla- og göngustíga, það er vel. Í þessum hluta greinargerðarinnar er lítið getið reiðstíga, aðeins þetta:

Á svæði hestamanna á Kjóavöllum verður áhersla lögð á reiðleiðatengingu við útivistarsvæðin við Elliðavatn,Vatnsendahlíð, reiðstígakerfi Reykjavíkur og Garðabæjar en eldri reiðstígum um Linda- og Salahverfi verður breytt í göngu- og hjólreiðastíga.

Í kaflanum Bæjarhluti 5 Vatnsendi bls. 193 er getið tveggja nýrra reiðleiða annars vegar liður 12 sem mun vera reiðstígur meðfram akvegi í Dimmuhvarfi og hins vegar liður 15 reiðstígur á sprungusvæði austan til í Vatnsendahlíð milli Stóra-Bás og Vatnsendavatns. Meira má til í skiptum fyrir reiðstíga um Linda- og Salahverfi. Þá vantar tengingu frá reiðstíg við Dimmuhvarf vestanvert að reiðstígakerfi Fáks í Víðidal, með t.d. nýrri reiðbrú yfir Elliðaár ofan við Heyvað.

Reiðveganefndin getur fallist á að reiðstígar í Linda- og Salahverfum falli út af skipulagstillögum, en krafa er gerð um að aðrir reiðstígar tengdir Kjóavallasvæðinu komi í þeirra stað Reiðveganefndin horfir einkum til Vatnsendaheiði í þeim efnum.

(Í meðfylgjandi fylgiskjali eru tillögur Reiðveganefndar um fjölgun reiðstíga á Vatnsendaheiði).

Á sveitarfélagsuppdrætti vantar allar núverandi reiðleiðir í skipulagstillögurnar þ.e. hjá Gunnarshólma og Geirlandi, með fram Suðurlandsvegi og áfram austur um Sandskeið að reiðleiðum við Bolöldu. Einnig vantar reiðleiðatengingar við reiðleiðir í Mosfellsbæ og Reykjavík þ.e. við Hólmsá, Hraunslóð og Elliðakot. Áform eru um að breikka Suðurlandsveg á þessum kafla nú á næstu misserum og árum og því afar brýnt að reiðvegir séu á staðfestu skipulagi viðkomandi sveitarfélaga. **Að öðrum kosti eru viðhorf Vegagerðarinnar þau að sé reiðvegur ekki á skipulagi viðkomandi svæðis þá beri Vegagerðinni engar skyldur til að greiða fyrir ríðandi umferð um það svæði**. Í Frummatsskýrslu Suðurlandsvegar frá Hólmsá að Hveragerði frá febrúar 2009 eru m.a. getið og sýnt á kortum reiðleiðir og reiðgöng undir Suðurlandsveg við Lækjarbotna (sjá meðfylgjandi kort nr. 1 og nr. 12 úr Frummatsskýrslunni). Í kafla 3.7 hjóla, göngu- og reiðleið á bls. 28 í Frummatsskýrslunni er er sagt frá umræðu og hugmyndum um að reiðleiðin austur fyrir fjall færðist frá Suðurlandsvegi að Hellisheiðaræð.

Reiðveganefnd Spretts og hestamenn almennt eru sammála þeim skoðunum skipulagsyfirvalda Kópavogsað af öryggissjónarmiðum sé óæskilegt að ríðandi umferð sé meðfram umferðarmiklum þjóðvegum eins og Suðurlandsvegi. Ekki dugar að benda á hugsanlegar aðrar lausnir, gjörðir og fjármagn þarf að fylgja til að þær lausnir geti orðið að veruleika, á meðan svo er ekki beri skipulagsyfirvöldum að staðfesta reiðvegi á skipulag viðkomandi svæðis.

(Á meðfylgjandi fylgiskjali, kortmynd úr kortasjá Landssambands hestamannafélaga eru ofangreindar reiðleiðir sýndar www.map.is/lh).

Við sunnanvert Elliðavatn er skipulagi frestað, í greinargerð er þó getið útivistarstíga við Elliðavatn.

Reiðleið sunnan Elliðavatns frá Vatnsendahlíð við Vatnsendavatn að áningum við Vatnsvík er ekki sýnd á tillögu að aðalskipulaginu, það er ekki ásættanlegt. Reiðleið umhverfis Elliðavatn er ein vinsælasta og fjölfarnasta reiðleið á höfuðborgarsvæðinu á innistöðutímabili hrossa. Hestamenn eru eini aðilinn sem hefur viðhaldið vegslóða (reiðleið) við sunnanvert Elliðavatn undanfarna tvo áratugi, hestamenn í hmf. Spretti og Fáki eru notendur að þessari reiðleið og tryggja verður að svo geti verið áfram.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 17.11.2026

Allir reiðstígar þurfa að vera sjálfstæðir og með ákveðið öryggissvæði gagnvart annari umferð, bæði akandi, hjólandi og gangandi o.þ.h. Skipulagðir reiðstígar þurfa að vera merktir sem slíkir og að þeir séu ekki ætlaðir annari umferð, til eru þó stígar með blandaðri umferð (útivistarstígar) þar sem vegfarendur taka tillit til hvers annars og víkja eftir sem við á.

Reiðveganefnd Spretts kallar eftir að samráð sé haft við hestamenn um skipulag og uppbyggingu reiðstíga og öryggismála þeim tengd, en skort hefur á það við gerð aðalskipulagstillagnana Kópavogs 2019-2040.

Reiðveganefnd Spretts hefur áhyggjur af og gerir athugasemdir við áætlanir um mikla og þétta íbúðabyggð í Vatnsendahlíð ÍB-7 þar sem áform eru um allt að 12 hæða fjölbýlishús auk svæðis fyrir skóla og leikskóla. Áhyggjur eru af nánd byggðar við reiðstíg um Vatnsendahlíð og nándar íbúðabyggðar við hesthús og athafnasvæði hestamanna á Kjóavöllum. Sérstaklega er þó mótmælt íbúðabyggð í hlíð og á brún hæðar ofan við hesthúsin við Landsenda. Færa má t.d. akveg að Guðmundarlundi (Leiðarenda) lítillega til vesturs nær brún og hafa enga byggð vestan vegarinns þ.e. í hlíð og á brún ofan við hesthúsin við Landsenda.

Virðingarfyllst
f.h. Reiðveganefndar Spretts
Jón Magnússon, form.

Fylgiskjöl:
Kort með reiðleiðum í upplöndum Kópavogs úr kortasjá LH og kort með tillögum að nýjum reiðstígum á Vatnsendaheiði, grænar línur, gul lína er stígur með blandaðri umferð, rauðar línur núverandi reiðleiðir á Vatnsendaheiði.
Kort nr.1 og 12 ásamt grein um hjóla-, göngu- og reiðleið úr Frummatsskýrslu Suðurlandsvegar frá í febrúar 2009.

Erindið auk fylgiskjala má finna í viðauka greinargerðar (pdf útgáfu) „Viðauki 1: Umsagnir, athugasemdir og ábendingar".

3.7.21 Umsögn við athugasemd 10, reiðveganefnd Spretts (15, 16, (17), 20)

Umsögn um athugasemd nr. 10.

Þakkað er fyrir ábendingar og athugasemdir.

10.1

Í tillögum að Aðalskipulagi Kópavogs 2019–2040 er í greinargerð kafla 5.1.3 fjallað um göngu-, hjóla og reiðstíga. Eðli máls samkvæmt er fjallað um öryggi hjóla- og göngustíga, það er vel. Í þessum hluta greinargerðarinnar er lítið getið reiðstíga, aðeins þetta: Á svæði hestamanna á Kjóavöllum verður áhersla lögð á reiðleiðatengingu við útivistarsvæðin við Elliðavatn,Vatnsendahlíð, reiðstígakerfi Reykjavíkur og Garðabæjar en eldri reiðstígum um Linda- og Salahverfi verður breytt í göngu- og hjólreiðastíga.

Umsögn – 10.1:

Í kafla 5.1.3 í greinagerð aðalskipulagsins er fjallað um göngu-, hjóla og reiðstíga. Þar kemur m.a. fram það markmið að áfram verðir unnið að uppbyggingu reiðleiðakerfisins innan bæjarlandsins og það tengt við samsvarandi leiðir nágrannasveitarfélags Kópavogs. Þá er í greinargerð aðalskipulagsins jafnframt tilgreint að á athafnasvæði hestamanna á Kjóavöllum verði áhersla lögð á að tengja reiðleiðir hverfisins við útivistarsvæðin við Elliðavatn, Vatnsendahlíð og reiðstígakerfi Reykjavíkur og Garðabæjar. Þá er bent á að eldri reiðleiðir í Linda- og Salahverfum verði breytt í göngu- og hjólreiðastíga.

Í aðalskipulagi bæjarins til ársins 2040 er því lögð áhersla á áframhaldandi lagningu nýrra reiðleiða út frá Kjóavöllum og tengingar við reiðleiðir í nágranna sveitarfélögunum. Þessar áherslur eru skýrar.

Minnt skal á að aðalskipulag er stefna sem sett er fram í greinargerð og á þéttbýlisuppdrætti í mælikvarða 1:10.000 og á sveitarfélagsuppdrætti sem er í mælikvarða 1:50.000. Þessir uppdrættir báðir sýna því megin línur. Stefnan er síðan nánar útfærð ítarlegar í deiliskipulagi svo sem hvar núverandi reiðleiðir eru og hvar þær eru fyrirhugaðar.

Ekki hefur enn verið unnið að endurskoðuðu deiliskipulagi fyrir Vatnsendahlíð þ.e. á svæðinu austur af Kjóavöllum og sunnan Þingahverfis að Vatnsendaheiði. Lagt er til að það verði gert m.a. í samráði við hmf. Sprett.

10.2

Í kaflanum Bæjarhluti 5 Vatnsendi bls. 193 er getið tveggja nýrra reiðleiða annars vegar liður 12 sem mun vera reiðstígur meðfram akvegi í Dimmuhvarfi og hins vegar liður 15 reiðstígur á sprungusvæði austan til í Vatnsendahlíð milli Stóra-Bás og Vatnsendavatns. Meira má til í skiptum fyrir reiðstíga um Linda- og Salahverfi. Þá vantar tengingu frá reiðstíg við Dimmuhvarf vestanvert að reiðstígakerfi Fáks í Víðidal, með t.d. nýrri reiðbrú yfir Elliðaár ofan við Heyvað. Reiðveganefndin getur fallist á að reiðstígar í Linda- og Salahverfum falli út af skipulagstillögum, en krafa er gerð um að aðrir reiðstígar tengdir Kjóavallasvæðinu komi í þeirra stað Reiðveganefndin horfir einkum til Vatnsendaheiði í þeim efnum. (Í meðfylgjandi fylgiskjali eru tillögur Reiðveganefndar um fjölgun reiðstíga á Vatnsendaheiði).

Skjal sótt af '0000000000' dags: 17.11.2026

Umsögn – 10.2:

Rétt er að í greinargerð aðalskipulagsins er getið tveggja nýrra reiðleiða í nýju aðalskipulagi. Önnur við Dimmuhvarf og hin austan Vatnsendahlíðar milli Stóra-Báss og Vatnsendavatns. Á þéttbýlisuppdrætti aðalskipulagsins sem koma fleiri reiðleiðirnar fram bæði eins og þær eru í gildandi aðalskipulagi staðfest 24. febrúar 2014 og nú í nýrri tillögu. Ljóst er að töluverður munur er á þessum tveimur uppdráttum hvað varðar fyrirkomulag reiðleið sérstaklega á Vatnsendaheiði þar sem reiðleiðum hefur verið bætt við í því aðalskipulagi sem hér um ræðir. Þar er nú verið að fastsetja í skipulagi þá slóða og götur (gamla akvegi) sem eru á svæðinu og nýttir (-ar) eru m.a. af hestamönnum til útreiða.

Stígakerfið á Vatnsendaheiðinni er ljómandi gott. Það tengir m.a. Kjóavallasvæðið vel við útmörkina, yfir í Garðabæ og Heiðmörk og margar leiðanna eru hringleiðir sem er kostur. Leiðirnar eru vel merktar á samræmdan hátt á höfuðborgarsvæðinu sem er til fyrirmyndar.

Með tilvísan í framkomnar athugasemdir og ábendingar Reiðveganefndar um reiðleiðir á Vatnsendaheiði er hér lagt til að á þéttbýlisuppdrátt nýs aðalskipulags verði bætt við leiðum suðaustast í heimalandinu frá Stóra-Bás að Vatnsendabotnum og í átt að Arnarbæli. Þessar tengingar ná Hjallaleiðinni sem og leiðinni inn í Grunnuvötnum í Garðabæ. *Sjá skýringarmyndir hér á eftir.*



10.2: Breytingar frá auglýstri tillögu



10.2: Tillögur að reiðleiðum með vísan til ábendinga

10.3

Á sveitarfélagsuppdrætti vantar allar núverandi reiðleiðir í skipulagstillögurnar þ.e. hjá Gunnarshólma og Geirlandi, með fram Suðurlandsvegi og áfram austur um Sandskeið að reiðleiðum við Bolöldu. Einnig vantar reiðleiðatengingar við reiðleiðir í Mosfellsbæ og Reykjavík þ.e. við Hólmsá, Hraunslóð og Elliðakot. Áform eru um að breikka Suðurlandsveg á þessum kafla nú á næstu misserum og árum og því afar brýnt að reiðvegir séu á staðfestu skipulagi viðkomandi sveitarfélaga. Að öðrum kosti eru viðhorf Vegagerðarinnar þau að sé reiðvegur ekki á skipulagi viðkomandi svæðis þá beri Vegagerðinni engar skyldur til að greiða fyrir ríðandi umferð um það svæði. Í Frummatsskýrslu Suðurlandsvegar frá Hólmsá að Hveragerði frá febrúar 2009 eru m.a. getið og sýnt á kortum reiðleiðir og reiðgöng undir Suðurlandsveg við Lækjarbotna (sjá meðfylgjandi kort nr. 1 og nr. 12 úr Frummatsskýrslunni). Í kafla 3.7 hjóla, göngu- og reiðleið á bls. 28 í Frummatsskýrslunni er er sagt frá umræðu og hugmyndum um að reiðleiðin austur fyrir fjall færðist frá Suðurlandsvegi að Hellisheiðaræð.

Reiðveganefnd Spretts og hestamenn almennt eru sammála þeim skoðunum skipulagsyfirvalda Kópavogs að af öryggissjónarmiðum sé óæskilegt að ríðandi umferð sé meðfram umferðarmiklum þjóðvegum eins og Suðurlandsvegi. Ekki dugar að benda á hugsanlegar aðrar lausnir, gjörðir og fjármagn þarf að fylgja til að þær lausnir geti orðið að veruleika, á meðan svo er ekki beri skipulagsyfirvöldum að staðfesta reiðvegi á skipulag viðkomandi svæðis. (Á meðfylgjandi fylgiskjali, kortmynd úr kortasjá Landssambands hestamannafélaga eru ofangreindar reiðleiðir sýndar www.map.is/lh).

Skjal sótt af '0000000000' dags: 17.11.2026

Umsögn – 10.3:

Til er reiðleið meðfram Suðurlandsvegi allt frá Geithálsi og austur fyrir fjall (Ölfus og Þingvallasveit). Frá Geithálsi var riðið norðan vegarins, farið yfir vað á Hólmsá rétt ofan brúarinnar, meðfram girðingum við Gunnarshólma og Geirland. Fyrir neðan Lögberg var farið yfir Suðurlandsveginn og gamli vegurinn síðan riðinn að Lögbergsrétt og að Sandskeiði. Á Sandskeiði var oftast farið sunnan við flugvöllinn á leiðinni austur en einnig norðan við hann en sú leið var oft erfiðari yfirferðar vegna bleytu. Leiðin lá að Litlu Kaffistofunni og þá var Suðurlandsvegurinn krossaður á ný. Síðan var gamli vegurinn norðan við Kaffistofuna riðinn í gegnum Svínahraun að Kolviðarhól og áfram austur.

Vissulega hefði verið hægt að sýna þessa leið í aðalskipulagi bæjarins. En það er ábyrgðarhlutur m.v. óbreytt fyrirkomulag á Suðurlandsvegi þar sem leiðin er stórhættuleg vegna mikillar umferðar.

Þegar riðið er austur hefur hin síðari ár verið farið frá Almannadal í Reykjavík norður fyrir Geithals og línuvegirnir teknir (Sandskeiðslína 2 og Búrfellslína 3). Síðan farið norðan við Lyklafell. Þessi reiðleið er sýnd á sveitarfélagsuppdrætti aðalskipulags Mosfellsbæjar.

Eins og fram kemur í ofangreindri athugasemd þá hefur Vegagerðin nú hafið undirbúning að breikkun Suðurlandsvegar m.a. í lögsögu Kópavogs. Hafa skipulagsyfirvöld bæjarins og Vegagerðin fundað um þær fyrirhuguðu breytingar á veginum. Hönnunargögn Vegagerðarinnar sýna m.a. reiðleið meðfram Suðurlandsvegi að norðanverðu og reiðgöng undir veginn rétt neðan við Lögbergsbrekkuna þ.e. milli stöðva 10.200 og 10.300 (sbr. yfirlitsuppdrátt). Fyrirhuguð undirgöng tengjast síðan gömlu þjóðleiðinni austur.

***Hér er því lagt til að umrædd reiðleið verði færð inn á sveitarfélagsuppdrátt Aðalskipulags Kópavogs 2019-2040.** Sjá skýringarmyndir hér á eftir.*



10.3: Reiðleið í upplandi og undirgöng

10.4

Við sunnanvert Elliðavatn er skipulagi frestað, í greinargerð er þó getið útivistarstíga við Elliðavatn. Reiðleið sunnan Elliðavatns frá Vatnsendahlíð við Vatnsendavatn að áningum við Vatnsvík er ekki sýnd á tillögu að aðalskipulaginu, það er ekki ásættanlegt. Reiðleið umhverfis Elliðavatn er ein vinsælasta og fjölfarnasta reiðleið á höfuðborgarsvæðinu á innistöðutímabili hrossa. Hestamenn eru eini aðilinn sem hefur viðhaldið vegslóða (reiðleið) við sunnanvert Elliðavatn undanfarna tvo áratugi, hestamenn í hmf. Spretti og Fáki eru notendur að þessari reiðleið og tryggja verður að svo geti verið áfram.

Umsögn – 10.4:

Samkvæmt nýju aðalskipulag bæjarins, Aðalskipulag Kópavogs 2019-2040, er lögð til áframhaldandi frestun á skipulagi á svæði sunnan Vatnsvíkur í landi jarðarinnar Vatnsenda. Nánar tiltekið liggur svæðið austan

Skjal sótt af '0000000000' dags: 17.11 2026

Vatnsendahlíðar, sunnan Elliðavatns og vestan Heiðmerkur og norðan lögsögumarka Garðabæjar og Kópavogsbæjar.

Frestun skipulagsins á umræddu svæði er gerð með tilvísan til 33. gr. skipulagslaga þar sem segir að fresta megi gerð aðalskipulagsáætlunar fyrir ákveðið landsvæði í allt að fjögur ár í senn þar sem óvissa eða ágreiningur ríkir um atriði sem geta haft veruleg áhrif á framkvæmd skipulagsins.

Svæðið er á þeim hluta Vatnsendalands þar sem miklar deilur standa um. Þær deilur eru nú fyrir dómstólum. Því er skipulagi frestað á svæðinu. Á það einnig við um legu reiðleiða á svæðinu.

Tekið er undir mikilvægi reiðleiðar á svæðinu sunnan Elliðavatns.

10.5

Allir reiðstígar þurfa að vera sjálfstæðir og með ákveðið öryggissvæði gagnvart annarri umferð, bæði akandi, hjólandi og gangandi o.þ.h. Skipulagðir reiðstígar þurfa að vera merktir sem slíkir og að þeir séu ekki ætlaðir annarri umferð, til eru þó stígar með blandaðri umferð (útivistarstígar) þar sem vegfarendur taka tillit til hvers annars og víkja eftir sem við á. Reiðveganefnd Spretts kallar eftir að samráð sé haft við hestamenn um skipulag og uppbyggingu reiðstíga og öryggismála þeim tengd, en skort hefur á það við gerð aðalskipulagstillagnanna Kópavogs 2019-2040.

Umsögn 10.5:

Tekið er undir ofangreindar ábendingar um útfærslu stígakerfisins í bæjarlandinu. Minnt skal á að þar sem reiðleið er innan þéttbýlisins í bæjarlandinu eins og leiðin úr Víðidal að Kjóavöllum þ.e. í gegnum Hvörfin og Þingin þá er reiðleiðin „sjálfstæð" og sérstaklega merkt sem slík.

10.6

Reiðveganefnd Spretts hefur áhyggjur af og gerir athugasemdir við áætlanir um mikla og þétta íbúðabyggð í Vatnsendahlíð ÍB-7 þar sem áform eru um allt að 12 hæða fjölbýlishús auk svæðis fyrir skóla og leikskóla. Áhyggjur eru af nánd byggðar við reiðstíg um Vatnsendahlíð og nándar íbúðabyggðar við hesthús og athafnasvæði hestamanna á Kjóavöllum. Sérstaklega er þó mótmælt íbúðabyggð í hlíð og á brún hæðar ofan við hesthúsin við Landsenda. Færa má t.d. akveg að Guðmundarlundi (Leiðarenda) lítillega til vesturs nær brún og hafa enga byggð vestan vegarins þ.e. í hlíð og á brún ofan við hesthúsin við Landsenda.

Umsögn 10.6:

*Sjá umsögn í lið **16.1** (athugasemd merkt nr. 16).*

3.7.22 Athugasemd 11 – Vegagerðin, Vg

Efni: Tillaga að nýju Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040.

Vegagerðin hefur mótttekið og yfirfarið eftirfarandi gögn skv. beiðni dags. 9. 3. 2021:

- Skipulagsuppdrættir; þéttbýlisuppdráttur og sveitarfélagsuppdráttur, dags. 24. nóv. 2020, uppf. febrúar 2021.
- Greinargerð, dags. 24. nóv. 2020, uppf. febrúar 2021, ásamt umhverfisskýrslu og öðrum viðaukum.
- Vegaskrá, dags. í nóvember 2020, uppfærð í febrúar 2021.

Gangandi og hjólandi umferð.
Vegagerðin bendir á að eftirfarandi framkvæmdir eru ekki á samgönguáætlun til ársins 2034.

- Brú/undirgöng fyrir óvarða vegfarendur í Fossvogsdal
- Brú/undirgögn fyrir óvarða vegfarendur við Arnarnes á móts við Fífu

Mikilvægt er að skoða staðsetningu þeirra sérstaklega m.t.t. fyrirhugaðra framkvæmda vegna Borgarlínu.

Aðalskipulagáætlanir, sem og deiliskipulag, gera ráð fyrir undirgöngum fyrir óvarða vegfarendur til að þvera Arnarnesveg á móts við Lindarveg. Vegagerðin bendir á að landslag í og við vegstæðið gerir slíkan kost erfiðan úrlausnar.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 17.11.2026

Vegagerðin gerir athugasemd við texta undir mynd 5.15 í tillögu að aðalskipulagi og bendir á að stofnstíganetið á höfuðborgarsvæðinu er aðeins að hluta til kostað af Samgöngusáttmála ríkis- og sveitarfélaga. Vegagerðin stýrir þeim hluta uppbyggingu stofnstígakerfisins sem snýr að Samgöngu-sáttmála í samstarfi við viðkomandi sveitarfélag.

Almenningssamgöngur.
Vegagerðin mælir með að tákn fyrir legu Borgarlínu verði að svo stöddu sýnt á miðlínu götu/vegar. Nákvæmari útfærsla komi fram á deiliskipulagsstigi. Vegagerðin telur rétt að kjarnastöðvarnar tvær, sem fyrirhugaðar eru í Hamraborg og Smáralind, verði auðkenndar með tákni. Tákn verði unnið í samvinnu við Skipulagsstofnun en eftirfarandi tillaga að tákni hefur þegar komið fram:

Stofnbrautir í umsjá Vegagerðarinnar.
Á Reykjanesbraut við Smáralind hafa áætlanir Vegagerðarinnar miðað við að ein tenging verði undir eða yfir brautina fyrir akandi, gangandi og hjólandi. Hugmyndir í aðalskipulagi eru töluvert umfangsmeiri og því þarf að hafa sérstakt samráð við Vegagerðina um útfærslu og tryggja samræmi við vegalög og reglugerðir sem á þeim eru byggðar ásamt markmið Vegagerðarinnar um öryggi, greiðfærni og hagkvæmni.

Vegagerðin hefur látið vinna, og kynnt fyrir fulltrúum sveitarfélagsins, hugmyndir að mögulegri breikkun Reykjanesbrautar í gegnum Kópavog. Þær áætlanir miða við að mögulegt verði að koma fyrir þriðju akrein í hvora akstursstefnu á Reykjanesbraut fyrir almennan akstur ásamt sérrein í hvora átt fyrir almenningssamgöngur. Þó slíkar framkvæmdir séu ekki á döfinni telur Vegagerðin að umfjöllun ætti að vera um slíkar hugmyndir í aðalskipulagsáætlunum. Vegagerðin hefur lýst yfir áhuga á þátttöku við að veghelgunarsvæði Reykjanesbrautar verði deiliskipulagt.
Vegagerðin óskar eftir að aðalskipulag geri ráð fyrir að mislæg vegamót verði á Suðurlandsvegi við Bláfjallaveg.

Aðrir vegir í umsjá Vegagerðarinnar.
Bláfjallavegur er í tillögu merktur sem lokaður vegur. Ákvörðun um lokun vegarins var tekin á vettvangi SSH. Vegagerðin vísar til svæðisskipulags og aðalskipulags annara sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu varðandi framtíðaráform um veginn.

Annað.
Skoða þarf samræmi í áætlunum um ofanbyggðaveg á vettvangi SSH og við aðalskipulög annar sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Mikilvægt er að sveitarfélög sem eiga hlut að máli komist að sameiginlegri niðurstöðu með Vegagerðinni um framtíðarfyrirkomulag vega ofan byggðar.

Virðingarfyllst
f.h. Vegagerðarinnar
Erna Bára Hreinsdóttir
forstöðumaður Skipulagsdeildar

Erindið má finna í viðauka greinargerðar (pdf útgáfu) „Viðauki 1: Umsagnir, athugasemdir og ábendingar“.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 17.11 2026

3.7.23 Umsögn við athugasemd 11, Vg

Umsögn um athugasemd nr. 11.

Þakkað er fyrir ábendingar og athugasemdir.

Gangandi og hjólandi umferð.

Brú/undirgöng fyrir óvarða vegfarendur í Fossvogsdal.

Umrædd undirgöng/brú eru einnig sýnd í gildandi aðalskipulagi Kópavogs (2012-2024). Þau eru hluti af stíg (göngu- og hjólaleið) sem sýndur er á þéttbýlisuppdrættinum – stíg sem tengir Fossvogsdalinn við fjöruna í Fossvogi.

Talið er mikilvægt að hafa þverun fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur á þessum stað (leiðbeinandi staðsetning). Útfærsla og nánari staðsetning verði ákveðin í samráði við Vegagerðina.

Brú/undirgögn fyrir óvarða vegfarendur við Arnarnes á móts við Fífu.

Umrædd undirgöng/brú eru einnig sýnd í gildandi aðalskipulagi Kópavogs (2012-2024). Þau tengja saman stíg (göngu- og hjólaleið). Talið er mikilvægt að hafa þverun fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur á þessum stað (leiðbeinandi staðsetning). Útfærsla og nánari staðsetning verði ákveðin í samráði við Vegagerðina og Garðabæ.

Undirgöng/brú fyrir óvarða vegfarendur til að þvera Arnarnesveg á móts við Lindarveg.

Umrædd undirgöng/brú eru einnig sýnd í gildandi aðalskipulagi Kópavogs (2012-2024). Talið er mikilvægt að hafa þverun fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur á þessum stað (leiðbeinandi staðsetning). Útfærsla og nánari staðsetning verði ákveðin í samráði við Vegagerðina og Garðabæ.

Borgarlína, útskýringar o.fl.

Tekið er undir ábendingar Vegargerðarinnar að mikilvægt sé að skoða staðsetningu undirganga/brúa sérstaklega m.t.t. fyrirhugaðra framkvæmda vegna Borgarlínu.

Tekið er fram á skipulagsuppdrætti og kafla 5.1.3 í greinargerð að staðsetning á táknum sé til hliðsjónar/leiðbeinandi.

Lagt er til að eftirfarandi setningu (nýr texti undirstrikaður) verði bætt við kafla 5.1.3 Göngu-, hjóla- og reiðstígar (aftarlega í kaflanum).

> **Þéttbýlis- sveitarfélagsuppdráttur - göng/brýr/leiðir(stígar).** Á þéttbýlis- og sveitarfélagsuppdrætti má sjá leiðbeinandi legu helstu göngu- og hjólaleiða, reiðleiða og leiðbeinandi legu(r) brúa/undirganga fyrir gangandi, hjólandi og/eða ríðandi fólk eftir því sem við á. Varðandi útfærslu undirganga/brúa stíga o.fl. á mörkum sveitarfélaga verði haft samráð við Vegagerðina, Garðabæ og Reykjavík – Mosfellsbæ og Ölfus - eftir því sem við á. Skoða þarf staðsetningu undirganga/göngubrúa sérstaklega m.t.t. fyrirhugaðra framkvæmda vegna Borgarlínu.

Texti undir mynd 5-15

Mynd 5-15: *Í samræmi við ábendingu Vegagerðarinnar hefur texti undir mynd verið lagfærður og er þá svona (nýr texti undirstrikaður):*

„Mynd 3-1. Stofnstíganet hjólreiða í Kópavogi. Heimild Kópavogsbær."

„Stofnstíganetið er að hluta til kostað af samgöngusáttmála ríkis og sveitarfélaga. Stofnstígar eru alla jafna samgöngustígar í Kópavogi, þ.e. aðgreindir göngu- og hjólastígar. Vegagerðin stýrir þeim hluta uppbyggingar stofnstígakerfisins sem snýr að samgöngusáttmála í samstarfi við viðkomandi sveitarfélag.

Stofnstígar tengja saman sveitarfélög og hverfishluta á meðan tengistígar tengja saman almenna stígakerfið og stofnstígakerfið."

Almenningssamgöngur

Í samræmi við ábendingu Vegagerðarinnar verður tákn fyrir legu Borgarlínu að svo stöddu sýnt á miðlínu götu vegar. Einnig verða kjarnastöðvar Borgarlínu sem fyrirhugaðar eru í Hamraborg og Smáralind sýndar með tákni. Tekið verður fram að endanleg staðsetning og lega stöðvanna verði skilgreind nánar í rammahluta og/eða deiliskipulagi þegar þar að kemur.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 17.11.2026

Bent er á að í eftirfarandi köflum greinargerðar aðalskipulagsins er einnig fjallað um Borgarlínu „2.2.2 Samgöngumiðað skipulag, samgöngumiðuð svæði/þróunarsvæði, Borgarlína“ og „5.1.4 Almenningssamgöngur, Strætó og Borgarlína“

Stofnbrautir í umsjá Vegagerðarinnar – Reykjanesbraut, tenging milli Glaðheima og Smára

Tekið er undir með Vegagerðinni um mikilvægi þess að hafa gott samráð. Bent er á að í kafla „5.1.2 Gatnakerfi og áætluð þróun umferðar“ er einmitt fjallað um þessar hugmyndir og samráð við Vegagerðina. Þar stendur:

„Í fyrra aðalskipulagi (2012-2024) var þróunarsvæðið (ÞR-6) skilgreint á miðsvæði við Reykjanesbraut í Smára, Glaðheimum og Lindum að hluta. Uppbygging er þegar hafin bæði í Glaðheimum og Smára. Stefnt er að því að tengja Glaðheima og Smárasvæðin betur með:

- **Tengibraut undir Reykjanesbraut** síðar. Þetta er í samræmi við fyrra aðalskipulag (2012-2024).
- **Yfirbyggingu (loki) yfir Reykjanesbraut** með góðum göngu- og hjólastígum ásamt bílaumferð. Þetta er breyting frá fyrra aðalskipulagi (2012-2024).

Þessar þveranir og yfirbyggingar eru um margt óútfærðar en verða unnar nánar í samráði við Vegagerðina. Í þeirri vinnu verður m.a. litið til greiðfærni, hagkvæmni og umferðaröryggis. Framkvæmdir þessar eru háðar mati á umhverfisáhrifum framkvæmda.“

Stofnbrautir í umsjá Vegagerðarinnar – Reykjanesbraut, áætlanir/hugmyndir Vegagerðarinnar og Kópavogs

Í samræmi við ábendingu Vegagerðarinnar er lagt til að eftirfarandi texti verður settur inn aftast í kafla „5.1.2 Gatnakerfi og áætluð þróun umferðar“

Aðrar hugmyndir sem ekki hefur verið tekin ákvörðun um:

Vegagerðin hefur látið vinna, og kynnt fyrir fulltrúum sveitarfélagsins, hugmyndir að mögulegri breikkun Reykjanesbrautar í gegnum Kópavog. Þær áætlanir miða við að mögulegt verði að koma fyrir þriðju akrein í hvora akstursstefnu á Reykjanesbraut fyrir almennan akstur ásamt sérrein í hvora átt fyrir almenningssamgöngur. Ljóst er að slíkar hugmyndir þarf að ræða og skoða nánar í samráði við Vegagerðina og önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu. Jafnframt myndi slíkt kalla á breytingar á aðalskipulagi Kópavogs og aðliggjandi sveitarfélaga svo/og breytingar á fleiri skipulagsáætlunum.

Hugmyndasamkeppni

Bæjarstjórn Kópavogs hefur samþykkt að haldin verði hugmyndasamkeppni um tengingar milli miðsvæða í Glaðheimum, Lindum, Smára og Smáratorgs allt frá Skógarlind í norðri og að Arnarnesvegi í suðri. Í hugmyndasamkeppninni skal taka tillit til allra ferðamáta, bættrar hljóðvistar og hvort mögulegt sé að þétta byggð við Reykjanesbraut og yfir henni með stokkalausn og án þess að skerða umferðarflæði við verslun og þjónustu á svæðinu (svæðiskjarnanum). Kallað verði jafnframt eftir hugmyndum um göngu- og hjólaleiðir, mögulegar vegtengingar lok og/eða göng yfir/undir Reykjanesbraut milli Glaðheima og Smára. Samkeppnin verði unnin í samstarfi við fagfélög. Við undirbúning verði jafnframt haft samráð við Vegagerðina, fagfélög og hagsmunaaðila.

Stofnbrautir í umsjá Vegagerðarinnar - Suðurlandsvegur

Í samræmi við ábendingu Vegagerðarinnar verður gert ráð fyrir mislægum gatnamótum á Suðurlandsvegi við Bláfjallaveg. Það komi fram á sveitarfélagsuppdrætti og í greinargerð í kafla„5.1.2 Gatnakerfi og áætluð þróun umferðar“.

Aðrir vegir í umsjá Vegagerðarinnar

Greinargerð kafli „5.1.2 Gatnakerfi og áætluð þróun umferðar“, undirkafi AÐRIR VEGIR Í UPPLANDI
Umfjöllun um Bláfjallaveg til vesturs úr Bláfjöllum og lokun hans svona (nýr texti er undirstrikaður).

- Bláfjallavegur er á skipulagsuppdrætti merktur sem lokaður vegur vegna vatnsverndarsjónarmiða samanber eftirfarandi:

  „Bláfjallavegur frá Bláfjöllum til vesturs í átt að Hafnarfirði sbr. mynd 5-9: Afgreiðsla Kópavogs (ONE 1901656). Frá fundi skipulagsráðs 2. september 2019: *„Skipulagsráð fellst á að syðri hluti Bláfjallavegar nr. 417-02 verði lokað fyrir umferð bíla frá stöð 11.600 í vestri (við hellinn Leiðarenda) að vegamótum við Bláfjallaleið. Lokunin er liður í aðgerðum og úrbótum á Bláfjallavegi (þjóðvegur) innan vatnsverndarsvæðisins sem taldar eru æskilegar til að lágmarka áhættu af umferð innan þess. Skipulagsráð tekur undir með bæjaryfirvöldum í Hafnarfirði að þörf sé á frekara umhverfis- og áhættumati á umræddum vegkafla og að það liggi fyrir eigi síðar en í árslok 2021. Að því loknu verði teknar ákvarðanir um framtíð vegarins. Vísað til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar.*

  Á fundi bæjarstjórnar 10. september 2019 er afgreiðsla skipulagsráðs staðfest.“

Annað

Ofanbyggðarvegur. Tekið er undir með Vegagerðinni að mikilvægt sé að ræða áætlanir um ofanbyggðarveg á vettvangi SSH og Vegagerðarinnar.

Ekki er fjallað um ofanbyggðarveg í aðalskipulagstillögunni.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 17.11.2026

3.7.24 Athugasemd 12 – Heilbrigðisnefnd/Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis, HHK

Þétting byggðar

Nýju aðalskipulagi fylgir umbreytingartími í sumum hverfum Kópavogs. Byggð þéttist, skilgreiningar á iðnaðar- og athafnasvæðu breytast, breytingar verða á fólksflutningum á höfuðborgarsvæðinu öllu með tilkomu borgarlínu. Breytingarnar verða víða og munu dreifast og taka tíma en mikilvægt er að þeim verði stýrt á þann hátt að þær valdi sem minnstu ónæði og vari í eins stuttan tíma á hverju stað og kostur er.

Borgarlína og blönduð byggð

Huga þarf vel að svæðum meðfram væntanlegri borgarlínu. Að hljóðvist þar og í aðliggjandi húsum verði góð, öryggi fólks tryggt og að umferð, gangandi og hjólandi verði greið og trygg. Þá verði rík áhersla lögð á að tryggja að atvinnurekstur í húsum með blandaða nýtingu valdi ekki ónæði innan bygginga eða á næstu húsum sökum hávaða, titrings, lyktar, umferðar eða vegna úrgangsmála.

Gámastöð

Það er mat eftirlits að það gangi illa upp að hvergi sé hægt að koma fyrir gámastöð. Að íbúum næst fjölmennasta bæjarfélags landsins sé ætlað að fara í önnur bæjarfélög til að losa sig við drasl og flokkuð úrgangsefni. Þetta er atriði sem þarf að laga.

Elliðavatn

Í umfjöllun um vatnasvæði er fjallað um Elliðavatn. Þar er torskiljanlegt orðalag: *„Elliðavatn er eina vatnið sem hefur verið flokkað í samræmi við reglugerðina (nr. 796/1999 m.s.br. um varnir gegn mengun vats) og var það gert árið 2001-2002.“* Vissulega er þessi skýrsla unnin og kostuð af Reykjavíkurborg. Það er rétt að ekki er annað stöðuvatn í landi Kópavogs sem hefur verið flokkað með þessum hætti enda þau torfundin. Flest önnur vötn á höfuðborgarsvæðinu hafa fengið hliðstæða flokkun. Lagt er til að fundið verði annað orðalag.

Vatnsvernd

Fjallað er afmarkað um vatnsverndina í sérstökum kafla 4.1.10, næst á eftir Minjavernd 4.1.9 en á undan kafla 4.1.11 um verndarsvæði vegna strandmengunar í ám og vötnum. Heilbrigðisnefnd telur að tengja þurfi vatnsverndina skýrar við aðra þætti þegar fjallað er um upplandið.

Efnistaka og efnislosun

Í kafla 3.2.6 er fjallað um efnistökusvæði og efnislosunarsvæði. Þar kemur fram að áætlað er að byrja að fylla í þann hluta Bolöldunámunnar, sem er innan lögsögumarka Kópavogs, á árinu 2026. Tekið er fram að framkvæmdir innan vatnsverndarsvæðisins eru háðar heimild heilbrigðisnefndar. Losun úrgangsefna eins og fram fer í Bolöldu er skilgreind sem mengandi starfsemi og telst óheimils innan vatnsverndarsvæðisins. Það er ekki raunhæft að ætla að þetta svæði verði losunarstaður frá árinu 2026.

Þríhnúkagígur

Í kafla 3.2.7 um afþreyingar- og ferðamannasvæði er m.a. fjallað um Þríhnúkagíg. Fram kemur í umfjölluninni að stefnt sé að opna Þríhnúkagíg fyrir almenningi. Það er eilítið villandi orðalag. Gígurinn er þegar opinn almenningi.

Aðilar sem hafa rekið ferðaþjónustufyrirtæki í kringum skoðunarferðir í hellinn höfðu áform um að bæta aðgengi. Annars vegar með því að koma hellinum í einhverskonar vegasamband, þ.e. að bifreiðar geti ekið með fólk að hellinum og eins fyrir þjónustu- og öryggisbifreiðar. Hins vegar að opna inn á möguleika að gera göng inn í hellinn með það fyrir augum að fjölga gestum. Þessi áform fóru í umhverfimat og lagðist Skipulagsstofnun ekki gegn fyrrnefndum áformum að uppfylltum tilteknum skilyrðum er vörðuðu m.a. endurskoðun á Svæðisskipulagi og síðan Aðalskipulagi Kópavogs. Af texta má ráð að farið verði í allar ofangreindar framkvæmdir en það er alls óvíst. Ljóst er að þó skipulagsyfirvöld hafi fallist á ofangreindar framkvæmdir þá gætu þær verið ógn við öryggi neysluvatnsöflunar. Engar ákvarðanir liggja fyrir t.d. um að opna hellinn og áhugi á þeim er kannski ekki eins ríkur og hann var. Umsóknir um slíkt verða einnig að fá ítarlega umfjöllun vegna neysluvatnshagsmuna. Heilbrigðiseftirlitið leggur til að textinn varðandi Þríhnúka verði ekki hafður jafn afdráttarlaus. Hafa sem möguleika en ekki sem ákvörðun.

Í þessum kafla ætti að koma skýrt fram með vísan til heilbrigðissamþykktar 555/2015 að allar framkvæmdir á svæðinu verða að vera á forsendum vatnsverndar og þeir sem áforma framkvæmdir þurfa að leggja fram ítarlegt áhættumat og fá til þess starfsleyfi heilbrigðisnefndar áður en framkvæmdir geta hafist.

Flugvöllur á Sandskeiði

Á Sandskeiði, viðkvæmu svæði á verndarsvæðinu, er rekinn flugvöllur fyrir svifflug. Hann hefur einnig verið nýttur til æfinga á snertilendingum smáflugvéla. Heilbrigðissamþykktin heimilar ekki byggingu aðstöðu s.s. flugskýla fyrir véldrifnar flugvélar. Flugvöllurinn er samkvæmt mengunarvarnarreglugerðum skilgreindur sem flugvöllur án eldsneytisaðstöðu. Eldsneytis sala til vélfluga ótengd rekstri svifflugvallar er óheimil. Aukin umsvif vélflugs, einnig í formi snertilendinga er áhætta fyrir öryggi

Skjal sótt af '0000000000' dags: 17.11.2026

vatnsverndar, er ekki á forsendum vatnsverndar og því ekki æskilegt að hvetja til aukinna umsvifa þar. Það þarf að koma fram að um er að ræða flugvöll án eldsneytisaðstöðu.

Erindið má finna í viðauka greinargerðar (pdf útgáfu) „Viðauki 1: Umsagnir, athugasemdir og ábendingar".

3.7.25 Umsögn við athugasemd 12 - Heilbrigðisnefnd/Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis, HHK

Umsögn um athugasemd nr. 12.

Þakkað er fyrir ábendingar og athugasemdir.

Sjá einnig umsögn við ábendingum Umhverfisstofnunar (athugasemd nr. 4 í kafla 3.6.9) og Náttúrufræðistofnunar Íslands (athugasemd nr. 24 í kafla 3.6.49).

Þétting byggðar

Tekið er undir ábendingar heilbrigðiseftirlits sem kalla þó ekki á breytingar á greinargerð.
Bent er m.a. á markmið og leiðir í kafla „2. Byggð" (2.1, 2.1.1.1 og 2.2), markmið hverfa í kafla „7. Rammahluti aðalskipulags" um hverfin (7.3.1, 7.4.1, 7.5.1, 7.6.1 og 7.7.1). Á þróunarsvæðum eru m.a. markmið og viðmið skilgreind í töflu 2-14 Yfirlit yfir þróunarsvæði. Alla jafna eru ákvæði um að þegar deiliskipulag er unnið á þróunarsvæðum (reitum á þróunarsvæðum) í mótaðri byggð er lögð áhersla á að gerð verði framkvæmdaáætlun um uppbyggingu reita(r). Auk þess er stefnt að því að gera leiðbeiningar (viðmið) um gæði byggðar sem hafðar verði til hliðsjónar við gerð skipulags.

Borgarlína og blönduð byggð

Tekið er undir ábendingar heilbrigðiseftirlits sem kalla þó ekki á breytingar á greinargerð. Bent er á að uppbygging borgarlínu er háð mati á umhverfisáhrifum sem og deiliskipulagsgerð þar sem fjallað verður nánar um hljóðvist, öryggi og áhrif (jákvæð sem neikvæð) sem verða samfara uppbyggingu þess.

Auk þess er gert ráð fyrir að áfangar (lotur) Borgarlínu verða kynntir/auglýstir í sérstökum rammahluta aðalskipulags.

Gámastöð

Starfshópur sem skipaður var af samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu lagði fram í september 2017 tillögur þess efnis að fækka ætti endurvinnslustöðvunum/móttökustöðvunum og gera þær stærri. Í rekstrar- og fjárfestingaráætlun Sorpu 2019-2023 er gert ráð fyrir að stöðin í Jafnaseli verði stækkuð og aðstaða bætt. Að stöðin á Sævarhöfða og í Mosfellsbæ verði lokað og byggð ný og stór stöð við Lambhagaveg. Að byggð verði ný stöð í stað stöðvarinnar við Dalveg eða sú stöð stækkuð.

Málefni endurvinnslustöðva eru tekin fyrir á samráðsvettvangi Sorpu og sveitarfélaganna en ákvörðun um að úthluta lóð fyrir slíka stöð er eingöngu á höndum viðkomandi sveitarfélaga.

Í kafla „3.2.5 Iðnaðarsvæði" og kemur enn fram að starfsemi Sorpu á Dalvegi 1 hætti eða verði flutt á skipulagstímabilinu.
Í kafla 5.1.16 Sorp stendur m.a. að „Kópavogsbær er aðili að Sorpu bs. sem er byggðarsamlag í eigu sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Sér hún um meðhöndlun á sorpi fyrir þau. Unnið er samkvæmt „Sameiginlegri svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2009-2020".

Elliðavatn

Umfjöllun um stöðu vatnamála er í kafla „4.1.11 Verndarsvæði vegna strandmengunar og mengunar í ám og vötnum" í greinargerð. Þar kemur eftirfarandi fram:

„Í samræmi við vatnatilskipun og lög um stjórn vatnamála skal flokka yfirborðs- og grunnvatn í svokölluð vatnshlot og eiginleiki og ástand þeirra metið með það að markmiði að tryggja sem best verndun vatns innan sveitarfélagsins, sbr. Reglugerð 935/2011 um stjórn vatnamála."

Skjal sótt af '0000000000' dags: 17.11 2026

Lagt er til að eftirfarandi texta verði bætt við í greinargerðina:

Í reglugerð 935/2011 er m.a. fjallað um hlutverk sveitarfélaga sbr. eftirfarandi „5. gr. Hlutverk sveitarfélaga.

Sveitarfélög og heilbrigðisnefndir sveitarfélaga eru Umhverfisstofnun til aðstoðar við undirbúning tillögu að vatnaáætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun og endurskoðun þeirra. Sveitarfélög skulu, í samvinnu við heilbrigðisnefndir sveitarfélaga og innan marka netlaga, framfylgja kröfum sem fram koma í aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun í samræmi við ákvæði laga um stjórn vatnamála og reglugerða á sviði vatnsverndar.“

Sjá einnig umsögn um ábendingar Umhverfisstofnunar (númer 4 í kafla 3.6.9) m.a. um vatnshlot.

Vatnsvernd

Tekið er undir mikilvægi vatnsverndar og hefur verið leitast við að koma þeim skilaboðum áleiðis í greinargerð og uppdráttum aðalskipulagsins.

Vatnsverndarmál : Bláfjöll og Þríhnúkagígur

Kópavogsbær leggur mikla áherslu á að framkvæmdir sem eru á vatnsverndarsvæði mengi ekki grunnvatn. Til að fylgja þeim áherslum eftir hefur sveitarfélagið sett fram ítarlegar verklagsreglur og sniðmát fyrir áhættumat framkvæmda. Allir sem huga að framkvæmdum innan fólkvangsins skulu að lágmarki fylgja kröfum sem koma fram verklagsreglunum. Við framkvæmdir innan vatnsverndarsvæðis gilda strangar reglur um athafnir, sérstaklega varðandi meðferð á olíu og öðrum hættulegum efnum.

***Vatnsvernd hefur víða verið fléttuð inn í ítarlega umfjöllun í greinargerð og uppdráttum**. Sjá eftirfarandi.*

Í greinargerð er fjallað um vatnsvernd í sér kafla „4.1.10 Vatnsvernd“

-Þar er m.a. fjallað um skilgreiningu á takmörkun á landnotkun skv. skipulagsreglugerð, markmið og leiðir, vatnsból Kópavogs, vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu, flokkun verndarsvæðisins, skilgreiningar á flokkun verndarsvæðisins (grannsvæði, fjarsvæði, öryggissvæði) o.fl. Auk þess er mynd af „4-25. Vatnsverndarsvæðum á höfuðborgarsvæðinu“.

Vatnsverndarkort (þemakort) er sýnt í köflum

- „3.2.7 Afþreyingar- og ferðamannasvæði“, mynd „3-10. Vatnsvernd“ og
- „4.1.10 Vatnsvernd“, mynd „4-25. Vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu“.

Skipulagsuppdráttur

- *Vatnsvernd er sýnd á þéttbýlis- og sveitarfélagsuppdrætti (skilgreind hluti af verndarsvæðum)*

Í greinargerð er víða fjallað um vatnsvernd m.a. bent á að framkvæmdir innan vatnsverndarsvæða eru háðar samþykki heilbrigðiseftirlits og að framkvæmdir eigi að vera á forsendum vatnsverndar.

Kafli 3.2.6 Efnistökusvæði og efnislosunarsvæði. Tekið er fram í töflu „3-9. Yfirlit yfir efnislosunarsvæði/endurheimt lands.“

- Endurheimt lands. Efnislosun fyrir óvirk jarðefni í efnisnámu þar sem efnistöku er hætt.
- .....
- Svæðið er á mörkum fjarsvæðis vatnsverndar. Allar framkvæmdir innan vatnsverndarsvæðis eru háðar samþykki heilbrigðiseftirlitsins.

Í greinargerð kemur fram á eftirfarandi stöðum að framkvæmdir eigi að vera á forsendum vatnsverndar.

Kafli „3.2.7 Afþreyingar- og ferðamannasvæði“
„Skilmálar sem Kópavogsbær setur áður en kemur að frekari uppbyggingu eru m.a.:
Hér hefur verið bætt við tilvísun í myndir og kafla (undirritað hér á eftir).

.....

- Uppfylla skal öll skilyrði vatnsverndar, sjá einnig mynd „3-10 Vatnsvernd“ og kafla „4.1.10 Vatnsvernd“. Allar framkvæmdir og öll starfsemi á vatnsverndarsvæðum skal vera á forsendum vatnsverndar. Við gerð deiliskipulags skal jafnframt leita umsagnar heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis.“ .....
- .....

Helstu gögn: Vísað er m.a. í áhættumat vega starfsemi á sk

- „Áhættumat vegna starfsemi á skíðasvæði í Bláfjöllum og fyrirhugaðrar starfsemi við Þríhnúkagíg gagnvart vatnsvernd og grunnvatnsmálum. Greinargerð starfshóps Kópavogsbæjar, febrúar 2018.“

Kafli „4.1.10 Vatnsvernd“

-Þar er m.a. fjallað um skilgreiningu á takmörkun á landnotkun skv. skipulagsreglugerð, markmið og leiðir, vatnsból Kópavogs, vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu, flokkun verndarsvæðisins, skilgreiningar á flokkun verndarsvæðisins (grannsvæði, fjarsvæði, öryggissvæði) o.fl.

Kafli 4.1.12 Skógrækt og uppgræðsla, undirkafli ,,SKÓGRÆKT: ALMENNT UM SKILYRÐI OG TAKMARKANIR“. Þar stendur m.a.:

Skjal sótt af '0000000000' dags: 17.11.2026

- .....
- "Samkvæmt samþykkt nr. 555/2015 um verndarsvæði vatnsbóla höfuðborgarsvæðisins skulu allar framkvæmdir og mannvirkjagerð á fjarsvæðum vera í samræmi við skipulagsáætlanir. Rekstraraðili áformaðrar framkvæmdar verður að sýna fram á að starfseminni verði ekki fundinn annar staður vegna eðlis hennar eða að framkvæmdin styðji við þá starfsemi sem fyrir er á svæðinu og að engin hætta sé á mengun grunnvatns vegna framkvæmdar eða reksturs. Mannvirkjagerð vegna slíkrar starfsemi þarf starfsleyfi heilbrigðisnefndar áður en framkvæmdir hefjast."
- .....

Í töflu „4-14. Yfirlit yfir skógræktarsvæði" er í umfjöllun um skógræktarsvæðin vísað í undirkaflann framan við umrædda töflu;
- ,,SKÓGRÆKT: ALMENNT UM SKILYRÐI OG TAKMARKANIR

Kafli „5.1.2 Gatnakerfi og áætluð þróun umferðar"
„Aðrar áætlaðar breytingar/framkvæmdir á vegakerfi þar sem framkvæmdartími er óákveðinn:"
- Í umfjöllun um Þríhnúkaveg er m.a. tekið fram að öll starfsemi á á vatnsverndarsvæði eigi að vera á forsendum vatnsverndar.

Í kafla „5.1.2.1 Vegir í náttúru Íslands" er vísað í að lokun Bláfjallavegar sé sökum vatnsverndar og vísað í umfjöllun í kafla 5.1.2.

Kafli „5.1.6 Flugvellir"
Í texta á eftir markmiðum og leiðum - á undan töflu 5-1 er m.a. þessi texti.

„.....Flugvöllurinn er innan vatnsverndarsvæðis sbr. samkomulag sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu frá 1997. Í reglum með samkomulaginu eru nokkur ákvæði sem varða atvinnurekstur og framkvæmdir og ber að hlíta þeim við skipulag og uppbyggingu við flugvöllinn."
.....
„Deiliskipulag svæðis skal vinna í samvinnu við Kópavogsbæ og Isvaia. Jafnframt skal leita umsagnar heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis.
„Uppfylla skal öll skilyrði vatnsverndar. Allar framkvæmdir og öll starfsemi á vatnsverndarsvæðum skal vera á forsendum vatnsverndar."

Í töflu „5-1. Yfirlit yfir flugvelli" stendur m.a.
..... „Uppfylla skal öll skilyrði vatnsverndar og leita skal umsagnar heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis."

Kafli „5.1.13 Fráveita"
Í undirkafla ,,Rotþrær og siturleiðslur" stendur m.a.
..... „Uppfylla skal öll skilyrði vatnsverndar. Allar framkvæmdir og öll starfsemi á vatnsverndarsvæðum skal vera á forsendum vatnsverndar."

Kafli „6.2 Íþróttamál, íþróttasvæði"
Í töflu „6-1. Yfirlit yfir íþróttasvæði" stendur m.a.
..... „Uppfylla skal öll skilyrði vatnsverndar. Allar framkvæmdir og öll starfsemi á vatnsverndarsvæðum skal vera á forsendum vatnsverndar."

Efnistaka og efnislosun

Sjá einnig umsögn um athugasemd Umhverfisstofnunar (nr. 4) í kafla 3.6.11

Tekið er fram að lögð er áhersla á ***efnislosun í Bolaöldu í lögsögu Kópavogs fyrir óvirk jarðefni****.*

Lagt er til að byrjað verði að fylla í svæðið ***2021/2022*** *(ekki 2026).*

Eftirfarandi er tekið fram í kafla „3.2.6 Efnistökusvæði og efnislosunarsvæði".
Nýr texti er undirstrikaður *(í ljósi ábendingar Umhverfisstofnunar, nr. 4)*

„Ekkert efnistökusvæði er skilgreint innan marka Kópavogsbæjar eins og fram kemur í kafla 4.1.2 um uppland Kópavogs.

Við vestanvert Vífilsfell og Bláfjallaveg var töluvert jarðrask vegna malarnáms. Eina eiginlega náman í Kópavogi er í Bolaöldu í norðanverðu Vífilsfelli og er stór hluti hennar í lögsögu Ölfuss. Efnistöku í þessari námu innan lögsögu Kópavogs er nú lokið en námuvinnsla er enn í lögsögu Ölfuss.

Stefnt er að endurheimt lands í námunni sem er innan lögsögu Kópavogs. Lögð er áhersla á að þar verði aðeins losuð **óvirk jarðefni.** Sjá einnig ákvæði í kafla 1.8.3 Þjóðlendur.

Kafli 3.2.6 Efnistökusvæði og efnislosunarsvæði. Tekið er fram í töflu „3-9. Yfirlit yfir efnislosunarsvæði/endurheimt lands."
- Endurheimt lands. Efnislosun í Bolaöldu í lögsögu Kópavogs fyrir **óvirk jarðefni** í efnisnámu þar sem efnistöku er hætt.
- .....
- Svæðið er á mörkum fjarsvæðis vatnsverndar. Allar framkvæmdir innan vatnsverndarsvæðis eru háðar samþykki heilbrigðiseftirlitsins.

Kafli 3.2.6 Efnistökusvæði og efnislosunarsvæði.
Tafla „3-9. Yfirlit yfir efnislosunarsvæði /endurheimt lands". (undirstrikaður texti er nýr)

Skjal sótt af '0000000000' dags: 17.11.2026

Nr	Heiti	Lýsing
E-1	Bolaalda	Endurheimt lands. Efnislosun í lögsögu Kópavogs fyrir **óvirk jarðefni** í efnisnámu þar sem efnistöku er hætt. Áætlað er að gamla náman í Bolaöldu sé um 4,5 – 5 ha og taki við **óvirkum jarðefnum** sem nemur 1,5 – 2 miljón m^3. Árið 2018 komu á svæðið um 550.000 m^3 (í lögsögu Sveitarfélagsins Ölfuss). Gert er ráð fyrir að hægt verði að endurheimta landið með landfyllingu á 4 – 5 árum. Bent er á að enn er verið að fylla í námusvæðið í lögsögu Sveitarfélagsins Ölfuss. Áætlað er að byrjað verði að fylla í lögsögu Kópavogs um 2021/2022. Stefnt er að því að móta svæðið í samræmi við fyrra útlit. Svæðið er á mörkum fjarsvæðis vatnsverndar. Allar framkvæmdir innan vatnsverndarsvæðis eru háðar samþykki heilbrigðiseftirlitsins. Sjá einnig ákvæði í kafla 1.8.3 Þjóðlendur. Stærð: Sjá ofar.

Þríhnúkagígur

Bláfjallafólkvangur er, í samræmi við náttúruverndarlög, landsvæði til útivistar og almenningsnota sem fólkvang. Skal verndun svæðisins miða að því að auðvelda almenningi aðgang að náttúru og tengdum menningarminjum í nánd við þéttbýli til útivistar, náttúruskoðunar og fræðslu. Um mjög viðfeðmt svæði er að ræða, sem er að stórum hluta innan Kópavogs. Til að styðja við markmið fólkvangsins er m.a. gert ráð fyrir ákveðinni uppbyggingu innan hans. Þar má helst nefna skíðasvæðið í Bláfjöllum og að gera Þríhnúkagíg aðgengilegri.

Land á skíðasvæði Bláfjalla hefur nú þegar orðið fyrir töluverðu raski við framkvæmdir á svæðinu síðustu áratugina en mjög takmarkað við Þríhnúkagíg. Aðgengi að Þríhnúkagíg raskar jarðmyndunum sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga. Kópavogsbær hefur skoðað ólíkar leiðir til að gera gíginn aðgengilegri, s.s. með jarðgöngum og lyftumannvirkjum. Einnig hafa verið skoðaðar mismunandi leiðir að gígnum sjálfum, frá Bláfjallavegi.

Kópavogsbær hefur skoðað valkosti við að gera Þríhnúkagíg aðgengilegri. Auk þess hefur sveitarfélagið sett skýra skilmála fyrir því að unnt verði að ráðast í framkvæmdir, sbr. kafla 3.2.7. Kópavogsbær hefur því lagt áherslu á að draga sem kostur er úr raski og neikvæðum áhrifum á umhverfið og þar með talið á jarðmyndanir.

Orðalagi í markmiðum og leiðum í kafla „3.2.7 Afþreyingar- og ferðamannasvæði" m.t.t. Þríhnúkagígs hefur verið breytt skv. ábendingum heilbrigðiseftirlits. Í texta stendur nú- að gera Þríhnúkagíg aðgengilegri (í stað aðgengilegan) og stefnt verði að frekari opnun (í stað stefnt að opnun). Gígurinn er opinn almenningi á sumrin eins og fram kemur í greinargerðinni. Orðalag lagfært í markmiðum og leiðum verði:

Kópavogsbær stefnir að því að heimila bætt aðgengi að Þríhnúkagíg með þeim skilmálum sem settir eru fram í kafla „3.2.7 Afþreyingar- og ferðamannasvæði":

Orðalag lagfært í markmiðum og leiðum (nýr texti er undirstrikaður):

MARKMIÐ

- .....
- Þríhnúkagígur verði áfram aðgengilegur almenningi og að þar verði byggð upp aðstaða til fræðslu og þjónustu ferðamanna í Bláfjallafólkvangi.

LEIÐIR

- .....
- Þríhnúkagígur verði áfram opinn almenningi. Áform eru um aðkomuveg að gígnum, móttökuaðstöðu og jarðgöng í gígginn. Fyrirhugaður aðkomuvegur að Þríhnúkagíg yrði frá Bláfjallaleið og 2,7 km langur. Hann er sýndur á sveitarfélagsuppdrættinum. Meta þarf öll áform um uppbyggingu með hliðsjón af umfjöllun í kafla þessum 3.2.7.

„Þríhnúkagígur hefur verið aðgengilegur á sumrin á vegum þjónustuaðila. Aðgengi er takmarkað þar sem fyrirkomulag er þannig að þeir sem skoða gíginn ganga frá Bláfjallavegi um stíg að gígnum.

Vakin er athygli á skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins í Bláfjöllum, sjá kafla 6.2 Íþróttamál, íþróttasvæði, töflu 6-1 yfirlit yfir íþróttasvæði, ÍÞ-10, Bláfjöll, skíðasvæði.

Uppbygging á ferðamannasvæði við Þríhnúka er í samræmi við stefnumörkun um að byggja upp ferðaþjónustu í sveitarfélaginu. Sjá einnig ákvæði í kafla 1.8.3 Þjóðlendur.

Áður en að frekari uppbyggingu kemur þarf að uppfylla ýmsa **skilmála sem Kópavogsbær setur** og byggja þeir á upplýsingum um möguleg umhverfisáhrif og leiðir til að draga úr eða koma í veg fyrir þau við framkvæmd aðalskipulagsins.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 17.11 2026

Vísað er til markmiða í kafla 4.1.3 Óbyggð svæði en þar stendur m.a. „Óbyggð svæði verði metin með tilliti til aukinnar verndunar og metin með hliðsjón af greinum náttúruverndarlaga sem fjalla um sérstaka vernd tiltekinna vistkerfa og jarðminja (61.gr.) og landslagsverndarsvæði (50.gr.).“ Sjá einnig kafla 4.1.1.2 Landslag. Sjá einnig kafla 4.1.7 Önnur náttúruvernd en þar er m.a. fjallað um sérstaka vernd samkvæmt 61. grein náttúruverndarlaga.

Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar og náttúruverndarnefnda (s.s. umhverfis- og samgöngunefndar Kópavogs) áður en veitt er framkvæmda- eða byggingarleyfi til framkvæmda sem hafa í för með sér rask á landslagsgerðum.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að stofnunin veitti umsögn til Skipulagsstofnunar varðandi frummatsskýrslu framkvæmda við Þríhnúkagíg dags. 4. september 2012. Í niðurstöðunum segir: „Að mati Umhverfisstofnunar koma ofangreindar framkvæmdir til með að hafa varanleg óafturkræf áhrif á Þríhnúkagíg og umhverfi. Að mati Umhverfisstofnunar munu framkvæmdirnar hafa umtalsverð umhverfisáhrif á jarðmyndanir sem eru einstakar á heimsvísu.“

Í skilmálum sem Kópavogsbær setur, áður en kemur að frekari uppbyggingu, er einnig vísað í mynd 3-10 um vatnsvernd (sem sýnir vatnsverndarkortið) og kafla 4.1.10 um vatnsvernd.

„Skilmálar sem Kópavogsbær setur áður en kemur að frekari uppbyggingu eru m.a.:

Ráðast þarf í endurbætur á Bláfjallavegi og Bláfjallaleið til að auka umferðaröryggi og draga úr hættu á mengun vatns, ef óhöpp verða. Framkvæmdir eru á ábyrgð Vegagerðarinnar. Þessi aðgerð er óháð hugmyndum um Þríhnúkagíg.

Uppfylla skal öll skilyrði vatnsverndar, sjá einnig mynd 3-10 Vatnsvernd og kafla 4.1.10 Vatnsvernd. Allar framkvæmdir og öll starfsemi á vatnsverndarsvæðum skal vera á forsendum vatnsverndar. Við gerð deiliskipulags skal jafnframt leita umsagnar heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis.

Vinna skal deiliskipulag af svæðinu.

Í deiliskipulagi framkvæmda þarf að huga að fyrirkomulagi göngustíga, bílastæða, aðkomu, móttökuaðstöðu/þjónustuhúss, fráveitu og aðkomuvegar. Jafnframt þarf að gera grein fyrir framkvæmd neðanjarðar, aðkomugöngum að gígnum og öllu fyrirkomulagi þar. Við útfærslu á fyrirkomulagi þessara mannvirkja þarf að huga að umhverfisáhrifum og ásýnd þeirra.

Fyrirhugaðan aðkomuveg skal fella og hanna inn í landslag svæðisins. Miðað var við að umferðarhraði gæti orðið að hámarki 60-70 km/klst.

Kannaðir verði möguleikar á öðrum samgöngumátum inn á svæðið, s.s. takmörkun á einkabíl og að einungis verði leyfðar hópferðir til að takmarka umferð eins og kostur er.

Áður en vinna við deiliskipulag hefst skal gera samning við Kópavogsbæ um verkefnið. Þar komi fram lýsing verkefnis, tímaáætlun og áfangaskipting framkvæmdar. Lýsing og skilmálar verkefnis verði nánar skilgreindir m.a. með hliðsjón af umhverfismati frá nóv. 2012, áliti Skipulagsstofnunar 28.12.2012, gildandi vatnsvernd, náttúruverndarlögum o.fl.

Bent er á mikilvægi þess að forðast ber að raska hrauni við Þríhnúka og umhverfi og á aðkomuleið(um) þangað nema brýna nauðsyn beri til með vísan til 61. gr. laga um náttúruvernd. Sjá nánar umfjöllun í kafla 4.1.7 Önnur náttúruvernd.

Niðurstöður og skilyrði í áliti Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum aðkomuvegar, aðstöðu til skoðunar þjónustubyggginga, dags. 28. desember 2012, skal setja fram sem skipulagsákvæði fyrir svæðið. Þar kemur m.a. fram að við framkvæmdaleyfisveitingu verði sett skilyrði varðandi hámarks umferðarhraða 60-70 km/klst á aðkomuvegi. Þá kemur jafnframt fram í álitinu að mikilvægt er að meðal mótvægisaðgerða verði markvissar aðgerðir sem miða að því að lágmarka áhrif á yfirborð Þríhnúkagígs, gróður og jarðmyndanir, með því að koma í veg fyrir átroðning gangandi fólks. Hefjist framkvæmdir ekki innan tíu ára frá því álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum lá fyrir, eða í árslok 2022, mun Kópsvogsbær óska ákvörðunar Skipulagsstofnunar um hvort endurskoða þurfi að hluta eða í heild matsskýrslu framkvæmdaraðila áður en leyfi til framkvæmda er veitt í samræmi við 1. mgr. 12. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum.“

Sjá einnig umsögn við ábendingum Umhverfisstofnunar (athugasemd nr. 4) og Náttúrufræðistofnunar Íslands (athugasemd nr. 24).

Bent er á að í greinargerðinni er einnig vísað í gögn sem liggja fyrir um málið og er áhættumat starfseminnar hluti þeirra gagna. Einnig er í skilmálum sem Kópavogur setur (sjá ofar) að framkvæmdir á svæðinu skuli vera á forsendum vatnsverndar.

Flugvöllur á Sandskeiði

*Bent er á að í greinargerð og uppdrætti er tekið fram að flugvöllur sé **án eldsneytisafreiðslu**:*

Bent er á að í kafla „5.1.6 Flugvellir“,

- *Töflu „5-1. Yfirlit yfir flugvelli“ kemur fram að flugvöllur á Sandskeiði sé **án eldsneytisafgreiðslu.***
- *Er tekið fram í texta að leita skuli* „umsagnar heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis“.
- *Á skipulagsuppdrætti er einnig tekið fram að sé **án eldsneytisafgreiðslu** sbr.* „flugvöllur án eldsneytisafgreiðslu“.

Með hliðsjón af ábendingum er heilbrigðisefndar er tillaga að nýjum og/eða breyttum texta sbr. eftirfarandi.

Texta í kafla 5.1.6 Flugvellir hefur verið umraðað (texti í upphafi kaflans) og lítur svona út, nýr texti er undirstrikaður.

„Á Sandskeiði er aðstaða fyrir Sviflugfélag Íslands. Byggir starfsemin á leyfi hreppsnefndar Seltjarnarneshrepps frá 1938 og samþykki bæjarráðs Kópavogs um stækkun athafnasvæðis árið 1993. Með árunum hefur félagið byggt upp aðstöðu sína þar í formi

Skjal sótt af '0000000000' dags: 17.11.2026

flugvallar, vélageymslu, flugskýlis og annars sem félagið hefur þörf á. Flugvöllurinn er innan vatnsverndarsvæðis sbr. samkomulag sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu frá 1997. Í reglum með samkomulaginu eru nokkur ákvæði sem varða atvinnurekstur og framkvæmdir og ber að hlíta þeim við skipulag og uppbyggingu við flugvöllinn.

Deiliskipulag svæðis skal vinna í samvinnu rekstraraðila og Kópavogsbæjar. Jafnframt skal leita umsagnar heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis.

Uppfylla skal öll skilyrði vatnsverndar. Allar framkvæmdir og öll starfsemi á vatnsverndarsvæðum skal vera á forsendum vatnsverndar.

Sjá einnig ákvæði í kafla 1.8.3 Þjóðlendur.

Innanlandsflug er á Reykjavíkurflugvelli.

Aðflugslínur tveggja flugbrauta eru yfir byggð í Kópavogi, á Kársnesi og í Fossvogsdal sem hafa áhrif á útfærslu byggðarinnar. Aðflugslínur eru sýndar í deiliskipulagi viðkomandi svæða.

Fylgja skal skipulagsreglum fyrir Reykjavíkurflugvöll sem tóku í gildi 7. ágúst 2009. Vakin er athygli á mynd 5-22 sem sýnir „II Yfirlitsuppdrátt skilgreindra hindranasvæða" en sá uppdráttur fylgir umræddum skipulagsreglum."

Tafla 5-1. Yfirlit yfir flugvelli.

*Setning um að „*hugmyndir varðandi byggingar vestan til á svæðinu hafi verið kynntar" *hefur verið tekin út.*

Lagt er til að ábendingar heilbrigðisnefndar verði færðar inn í töflu 5-1. Yfirlit yfir flugvelli. Texti verður þá:

„Gert er ráð fyrir að Sandskeiðsflugvöllur verði áfram miðstöð æfinga-, svif- og vélflugs á höfuðborgarsvæðinu og skilgreina á hann sem flugvöll án eldsneytisafgreiðslu. Vinna þarf deiliskipulag af svæðinu. Bent er á að deiliskipulag svæðisins skal vinna í samvinnu rekstraraðila flugvallarins og Kópavogsbæjar. Uppfylla skal öll skilyrði vatnsverndar og leita skal umsagnar heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis. Sjá einnig ákvæði í kafla 1.8.3 Þjóðlendur.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis , dagsett 25.05.2021, kemur m.a. fram að „Heilbrigðissamþykktin heimilar ekki byggingu aðstöðu s.s. flugskýla fyrir véldrifnar flugvélar. Flugvöllurinn er samkvæmt mengunarvarnarreglugerðum skilgreindur sem flugvöllur án eldsneytisaðstöðu. Eldsneytissala til vélfluga ótengd rekstri svifflugvallar er óheimil. Aukin umsvif vélflugs, einnig í formi snertilendinga er áhætta fyrir öryggi vatnsverndar, er ekki á forsendum vatnsverndar og því ekki æskilegt að hvetja til aukinna umsvifa þar. Það þarf að koma fram að um er að ræða flugvöll án eldsneytisaðstöðu."

Stærð svæðis er um 56 ha."

Ofangreind umsögn er samhljóða umsögn við ábendingum Svifflugfélags Íslands (athugasemd nr. 26).

3.7.26 Athugasemd 13 – f.h. íbúa Þinghólsbraut 73, 75, 78, 80 og 82

Athugasemdir við tillögu að aðalskipulagi Kópavogs frá húseigendum Þinghólsbrautar 73, 75, 78, 80 og 82.

1. **Skýrt verði í yfirskrift aðalskipulagsins fyrir hvaða tímabil það gildir. Gildistími þess getur ekki hafist fyrr en eftir samþykkt sveitarstjórnar, staðfestingu Skipulagsstofnunar og birtingu í B-deild Stjórnartíðinda.**

Það er villandi að vísa til aðalskipulags 2019-2040 þegar réttaráhrif geta í fyrsta lagi miðast við árið 2021. Þetta hefur efnislega þýðingu því að allar heimildir til deiliskipulags verða að eiga sér stoð í gildandi aðalskipulagi. Má t.d. benda á nýlega afturköllun deiliskipulags í Glaðheimahverfi af því að bærinn fór í deiliskipulaginu út fyrir leyfilegan fjölda íbúða samkvæmt gildandi aðalskipulagi 2012-2024. Þetta á við um alla deiliskipulagsvinnu. Hún verður að eiga sér stoð og heimildir í aðalskipulaginu þegar hún er unnin. Lögum samkvæmt kallar deiliskipulagsvinna á samráð og samvinnu við íbúa, einkum og sér í lagi þegar byggt er inn í gróin hverfi. Réttaröryggi íbúa byggist m.a. á því að skýrt sé að tillögur og hugmyndir séu í samræmi við stefnu, heimildir og áherslur gildandi aðalskipulags á hverjum tíma. Þegar nýjar heimildir koma með nýju aðalskipulagi þarf því að hefja deiliskipulagsferli á ný.

2. **Skýrt sé og aðgengilegt í lóðabókhaldi bæjarins hversu mörgum heimildum til fjölgunar íbúða samkvæmt aðalskipulagi hefur verið ráðstafað á hverjum tíma.**

Óhjákvæmilegt er að óska eftir betri og gagnsærri framsetningu á áætlunum um uppbyggingu íbúða en sjá má í kafla 7. Engan veginn er unnt að átta sig á því hversu miklu af heimildum gildandi aðalskipulags 2012-2024 hefur verið ráðstafað með deiliskipulagi á þróunarsvæðinu á Kársnesi nú þegar. Viðmiðið 2019 í tillögu að aðalskipulagi er vægast sagt ruglandi. Bæjaryfirvöld hljóta að búa yfir upplýsingum um stöðuna þegar nýtt aðalskipulag tekur gildi og við væntum þess að réttar og lýsandi tölur komi fram þegar aðalskipulagið hlýtur endanlega staðfestingu. Gagnsæi og réttaröryggi bæði íbúa og húsbyggjenda gerir tilkall til skýrra upplýsinga um þennan grundvallarþátt í stjórnun uppbyggingar.

3. **Með tillögu að deiliskipulagsvinnu á einstökum svæðum eða reitum fylgi ætíð greinargerð skipulagsyfirvalda um hvernig deiliskipulagshugmynd samræmist lögum og reglugerðum og stefnu gildandi aðalskipulags.**

Skipulagsráð og bæjarfulltrúar hljóta að gera tilkall til að slík greining fylgi hverju sinni þegar jafnafdrifaríkt verkefni og deiliskipulag á reit eða svæði er í undirbúningi. Fyrir íbúa bæjarins skiptir líka meginmáli að eiga aðgang að slíkri greiningu og geta kynnt sér hana í upphafi samráðs.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 17.11 2026

4. **Hugað sé að áherslum aðalskipulags varðandi almannagæði og opin svæði áður en einstakir reitir eru deiliskipulagðir til íbúðabyggðar eða atvinnuuppbyggingar**.

Strandlengja Kársness er skilgreind sem mikilvægur hlekkur í keðju opinna svæða í Kópavogi og göngustígurinn þar er sennilega fjölsóttasta útivistarsvæði bæjarins. Markmið bæjarins samkvæmt aðalskipulagstillögunni er að skapa umhverfi sem hvetur til aukinnar hreyfingar og útivistar í samræmi við lýðheilsustefnu Kópavogsbæjar og heimsmarkmið 3.4 um aðgerðir sem stuðla að geðheilbrigði og vellíðan. Á hafnarsvæðinu er gert ráð fyrir útivistarhöfn (geðprýðishöfn), fiskihöfn og höfn fyrir ferðatengda þjónustu, þar sem m.a. komi safn/stofnun/menningarstarfsemi og/eða önnur verslunar- eða þjónusta. Við leggjum eindregið til að hafnarsvæðið verði skipulagt sérstaklega sem opið almannarými. Hafnarsvæðið hefur geysilega möguleika og getur orðið helsta perla Kópavogsbæjar ef rétt er að verki staðið. Eðlilegt er að kalla eftir almennu samráði við íbúa um deiliskipulag og starfsemi á þessu dýrmæta svæði.

Ágætu skipulagsyfirvöld

Þegar kemur að deiliskipulagi einstakra svæða eða reita og samráði við íbúa reynir á aðalskipulagið, réttan skilning á því og rétta framkvæmd í samræmi við það. Við treystum því að ábendingar okkar verði til gagns varðandi framtíðarviðfangsefni.

Kópavogi 26. maí 2021, Fyrir hönd íbúa á Þinghólsbraut 73, 75, 78, 80 og 82 - Eggert Matthíasson

Erindið má finna í viðauka greinargerðar (pdf útgáfu) „Viðauki 1: Umsagnir, athugasemdir og ábendingar“.

3.7.27 Umsögn við athugasemd 13, íbúar Þinghólsbraut

Umsögn um athugasemd nr. 13.

Þakkað er fyrir ábendingar og athugasemdir.

13.1.Skýrt verði í yfirskrift aðalskipulagsins fyrir hvaða tímabil það gildir. Gildistími þess getur ekki hafist fyrr en eftir samþykkt sveitarstjórnar, staðfestingu Skipulagsstofnunar og birtingu í B-deild Stjórnartíðinda.

Það er villandi að vísa til aðalskipulags 2019-2040 þegar réttaráhrif geta í fyrsta lagi miðast við árið 2021. Þetta hefur efnislega þýðingu því að allar heimildir til deiliskipulags verða að eiga sér stoð í gildandi aðalskipulagi. Má t.d. benda á nýlega afturköllun deiliskipulags í Glaðheimahverfi af því að bærinn fór í deiliskipulaginu út fyrir leyfilegan fjölda íbúða samkvæmt gildandi aðalskipulagi 2012-2024. Þetta á við um alla deiliskipulagsvinnu. Hún verður að eiga sér stoð og heimildir í aðalskipulaginu þegar hún er unnin. Lögum samkvæmt kallar deiliskipulagsvinna á samráð og samvinnu við íbúa, einkum og sér í lagi þegar byggt er inn í gróin hverfi. Réttaröryggi íbúa byggist m.a. á því að skýrt sé að tillögur og hugmyndir séu í samræmi við stefnu, heimildir og áherslur gildandi aðalskipulags á hverjum tíma. Þegar nýjar heimildir koma með nýju aðalskipulagi þarf því að hefja deiliskipulagsferli á ný.

Umsögn – 13.1:

Aðalskipulag er skipulagsáætlun fyrir sveitarfélag þar sem fram kemur stefna sveitarstjórnar um þróun sveitarfélagsins varðandi landnotkun, byggðaþróun, byggðamynstur, samgöngu- og þjónustukerfi og umhverfismál í sveitarfélaginu. Áætlunin er sett fram fyrir sveitarfélagið í heild, bæjarhlutana fimm og upplandið en ekki einstök svæði.

Grunnár tillögunnar er 2019 og miðast áætlunin við tölur úr þjóðskrá frá hausti þess árs. Gildistími nýs aðalskipulags hefst ekki fyrr en við staðfestingu Skipulagsstofnunar og birtingu í B-deild Stjórnartíðinda og þá fellur Aðalskipulag Kópavogs 2012-2024 úr gildi.

Deiliskipulagsáætlanir skulu vera í samræmi við gildandi aðalskipulag en gildistaka nýs aðalskipulags ógildir ekki þegar samþykktar deiliskipulagsáætlanir.

13.2.Skýrt sé og aðgengilegt í lóðabókhaldi bæjarins hversu mörgum heimildum til fjölgunar íbúða samkvæmt aðalskipulagi hefur verið ráðstafað á hverjum tíma.

Óhjákvæmilegt er að óska eftir betri og gagnsærri framsetningu á áætlunum um uppbyggingu íbúða en sjá má í kafla 7. Engan veginn er unnt að átta sig á því hversu miklu af heimildum gildandi aðalskipulags 2012-2024 hefur verið ráðstafað með deiliskipulagi á þróunarsvæðinu á Kársnesi nú þegar. Viðmiðið 2019 í tillögu að aðalskipulagi er vægast sagt ruglandi. Bæjaryfirvöld hljóta að búa yfir upplýsingum um stöðuna þegar nýtt aðalskipulag tekur gildi og við væntum þess að réttar og lýsandi tölur komi fram þegar aðalskipulagið hlýtur endanlega staðfestingu. Gagnsæi og réttaröryggi bæði íbúa og húsbyggjenda gerir tilkall til skýrra upplýsinga um þennan grundvallarþátt í stjórnun uppbyggingar.

Umsögn -13.2:

Í töflu 7-1. er að finna áætlun uppbyggingar íbúða á Kársnesi. Í greindri töflu er búið að taka tillit til fyrri áætlana í aðalskipulagi og gert er ráð fyrir að aukning á íbúðum verði um 1400 frá því sem nú er þegar byggt á svæðinu og samkvæmt þeim skipulagsáætlunum sem hafa verið samþykktar í deiliskipulagi. Í aðalskipulagi er settur grundvöllur fyrir gerð deiliskipulags, sbr. 2. mgr. 28. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Er því í aðalskipulagi settur

Skjal sótt af '0000000000' dags: 17.11.2026

rammi m.a. er varðar áætlaðan hámarksfjölda íbúða á tilteknu skipulagssvæði. Við gerð deiliskipulags þarf að gæta innbyrðis samræmis skipulagsáætlana, sbr. 7. mgr. 12. gr. skipulagslaga og ber því að gæta að því að forsendur og áherslur nýrra deiliskipulagsáætlana séu í samræmi við aðalskipulag, þ.á.m. fjölda íbúða. Er því m.a. óheimilt að samþykkja fleiri íbúðir en kveðið er á um í aðalskipulagi nema til aðalskipulagsbreytinga komi.

13.3.Með tillögu að deiliskipulagsvinnu á einstökum svæðum eða reitum fylgi ætíð greinargerð skipulagsyfirvalda um hvernig deiliskipulagshugmynd samræmist lögum og reglugerðum og stefnu gildandi aðalskipulags.

Skipulagsráð og bæjarfulltrúar hljóta að gera tilkall til að slík greining fylgi hverju sinni þegar jafnafdrifaríkt verkefni og deiliskipulag á reit eða svæði er í undirbúningi. Fyrir íbúa bæjarins skiptir líka meginmáli að eiga aðgang að slíkri greiningu og geta kynnt sér hana í upphafi samráðs.

Umsögn – 13.3:

Í skipulagslögum nr. 123/2010 og skipulagsreglugerð nr. 90/2013 kemur fram að við gerð deiliskipulags skuli byggt á stefnu aðalskipulags og hún útfærð fyrir viðkomandi svæði eða reit. Í greinargerð deiliskipulags skal gera grein fyrir samræmi þess við stefnu aðalskipulags og samræmi við aðrar áætlanir eftir atvikum.

13.4.Hugað sé að áherslum aðalskipulags varðandi almannagæði og opin svæði áður en einstakir reitir eru deiliskipulagðir til íbúðabyggðar eða atvinnuuppbyggingar.

Strandlengja Kársness er skilgreind sem mikilvægur hlekkur í keðju opinna svæða í Kópavogi og göngustígurinn þar er sennilega fjölsóttasta útivistarsvæði bæjarins. Markmið bæjarins samkvæmt aðalskipulagstillögunni er að skapa umhverfi sem hvetur til aukinnar hreyfingar og útivistar í samræmi við lýðheilsustefnu Kópavogsbæjar og heimsmarkmið 3.4 um aðgerðir sem stuðla að geðheilbrigði og vellíðan. Á hafnarsvæðinu er gert ráð fyrir útivistarhöfn (geðprýðishöfn), fiskihöfn og höfn fyrir ferðatengda þjónustu, þar sem m.a. komi safn/stofnun/menningarstarfsemi og/eða önnur verslunar- eða þjónusta. Við leggjum eindregið til að hafnarsvæðið verði skipulagt sérstaklega sem opið almannarými. Hafnarsvæðið hefur geysilega möguleika og getur orðið helsta perla Kópavogsbæjar ef rétt er að verki staðið. Eðlilegt er að kalla eftir almennu samráði við íbúa um deiliskipulag og starfsemi á þessu dýrmæta svæði.

Umsögn – 13.4:

Tekið er undir ofangreind sjónarmið varðandi mikilvægi opinna svæða og möguleika hafnarsvæðisins á Kársnesi. Í tillögu að nýju aðalskipulagi er stefnu núgildandi aðalskipulags um þétta og vistvæna byggð með blandaðri landnotkun framhaldið og að Kópavogshöfn verði útivistarhöfn, fiskihöfn og höfn fyrir ferðatengda þjónustu.

Þá eru jafnframt settir fram möguleikar á stækkun hafnarinnar til suðurs og kynntar hugmyndir um húsbáta við höfnina.

Þá er einnig gert ráð fyrir göngu- og hjólaleið frá fyrirhugaðri Fossvogsbrú eftir Bakkabraut, meðfram hafnarkantinum og suðurströnd Kársnessins og er hjólaleiðin hluti af stofnstígakerfi höfuðborgarsvæðisins.

Erindið má finna í viðauka greinargerðar (pdf útgáfu) „Viðauki 1: Umsagnir, athugasemdir og ábendingar“.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 17.11.2026

3.7.28 Athugasemd 14 – f.h. lóðarhafa í ,,Nýrri Auðbrekku“

Reykjavík 26. maí 2021

Málefni: Athugasemdir við auglýst aðalskipulag 2019-2040
Með bréfi þessu vil ég, fh. lóðahafa ýmissa lóða í „Nýrri Auðbrekku“ benda á eftirfarandi:
ASK arkitektar urðu hlutskarpastir í hugmyndaleit árið 2014 um uppbyggingu á Auðbrekkusvæðinu, undir nafninu „Ný Auðbrekka“. Í forsendum þeirrar hugmyndaleitar var gert ráð fyrir ákveðinni skiptingu milli atvinnu- og íbúðarhúsnæðis, eða 60% atvinna og 40% íbúðir.
Nú höfum við síðustu árin, fh. ýmissa lóðarhafa, unnið nokkar tillögur að byggð á svæðinu og rekum okkur æ oftar á aukinn þrýsting á fjölgun íbúða. Það er kunnara en að frá þurfi að segja að erfiðlega gengur að fjármagna og byggja atvinnuhúsnæði á stór-Reykjavíkursvæðinu. Eftirspurn er eftir íbúðum og enginn skortur á atvinnuhúsnæði.
Það er af þessu orsökum sem við óskum eftir að aðalskipulagið taki tillit til þessara staðreynda og auki magn íbúðarhúsnæðis á kostnað atvinnuhúsnæðis. Mig langar að telja upp nokkur verkefni sem við höfum unnið að og viljum benda á mikilvægi þess að séð verði til þess að aukinn íbúðafjöldi rúmist innan í nýs aðalskipulags til að svara þeirri eftirspurn sem fyrir er.

Nýbýlavegur 4, 6 og 8.
Á þessum lóðum hefur ávallt verið gert ráð fyrir íbúðum á efri hæðum. Einhverra hluta vegna hefur svæðið, sem nú þegar er deiliskipulagt með ákveðnum fjölda íbúða, lent utan þróunarsvæðis í nýju aðalskipulagi. Við vonum að hægt verði að bregðast við því og leiðrétta. Þarna höum við gert ráð fyrir 64 íbúðum.
Skeljabrekka/Auðbrekka.
Um er að ræða tillögu að uppbyggingu/nýbyggingu á allt að 8 hæðum, með 84 íbúum og atvinnuhúsnæði á hluta fyrstu hæðar. Þessi lóð hefur verið til umræðu með ýmsa notkunarmöguleika síðustu misserin, m.a. hótels, en gerð var tillaga með áherslu á uppbyggingu íbúðahúsnæðis að stórum hluta. Heildarstærð íbúðahúsnæðis er 9.160 m² og atvinnuhúsnæðis 900 m². Bílageymsla er á 2 hæðum í kjallara með aðkomu frá Skeljabrekku.

Auðbrekka 3
Auðbrekka 3 er, eða getur verið, hluti af heildar uppbyggingu þessa svæðis. Samkvæmt tillögu okkar er húsið hækkað um tvær hæðir og gert ráð fyrir 14 íbúðum. Húsið er úr sér gengið og komið að endurbótum. Í ljósi uppbyggingar hverfisins væri best að endurbyggja húsið með íbúðum og atvinnuhúsnæði í samræmi við kynnt aðalskipulag sérstaklega þar sem engin vandræði verða á að uppfylla bílastæðakröfur. Ásýnd Auðbrekkunnar og hverfisins alls myndi batna stórlega ef húsið verður endurbyggt í glæsilegri mynd með íbúðum á efri hæðum og á norðurhlið sem snýr að inngarði að Skeljabrekku. Þannig fæst meiri samfella og samræmi í byggðina.

Auðbrekka 6-12.
Á þessum lóðum höfum við unnið tillögur að uppbyggingu. Þarna gerum við ráð fyrir 1.540 m² atvinnuhúsnæði og 83 íbúðum.

Auðbrekka 15
Að Auðbrekki 15 höfum við unnið tillögu að byggingu íbúðarhúss með lítilli verslun að Auðbrekku. Hér gerum við ráð fyrir 30 íbúðum.

Dalbrekka 4
Húsið er byggt nú þegar, en gert var ráð fyrir um 2.500 m² atvinnuhúsnæði sem ekki hefur tekist að selja eða leigja. Nú liggur fyrir ósk um að breyta þessu húsnæði í 30 litlar íbúðir, en það hefur ekki gengið vegna takmörkunar í gildandi aðalskipulagi.

Niðurstaða
Saman tekið er hér um að ræða um 300 íbúðir (um 27.000 m²) sem hafa verið á okkar borði og 16.500 m² atvinnuhúsnæði. Gangi þessi heildarmynd eftir, er hlutfall atvinnu og íbúða öfugt við það sem lagt var upp með, eða um 60% íbúðir og 40% atvinna. Þetta eru tölur sem eru kunnuglegar frá nýrri deiliskipulagsáætlunum blandaðra hverfa.
Við vonum að nýtt aðalskipulag taki mið af þessari eftirspurn og hægt verði að verða við óskum okkar um fjölgun íbúða.
Kveðja
Fh. ASK arkitekta, Páll Gunnlaugsson arkitekt FAÍ

Erindið má finna í viðauka greinargerðar (pdf útgáfu) „Viðauki 1: Umsagnir, athugasemdir og ábendingar“.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 17.11.2026

3.7.29 Umsögn við athugasemd 14, „ný Auðbrekka“

Umsögn um athugasemd nr. 15.

Þakkað er fyrir ábendingar og athugasemdir.

Lagt er til að málefni og mögulegar breytingar athafnasvæðis og þróunarsvæðisins í Auðbrekku verði skoðuð að loknu þessu ferli þ.e. eftir gildistöku nýs aðalskipulags.

Skoða þarf nánar, á síðari stigum, hvort grundvöllur sé til að þróa Auðbrekku í þá átt að fjölga íbúðum og fækka fermetrum í atvinnuhúsnæði. Huga þarf að innviðum s.s. skólum og leikskólum og þéttleika byggðar – og skoða viðmið og kröfur um gæði byggðar o.fl.

3.7.30 Athugasemd 15 – Reiðveganefnd Kjalarnesþings hins forna (sjá einnig nr. 10)

Mosfellsbær 26 maí 2021

Efni:
Aðalskipulag Kópavogs 2019 – 2040, tillaga

Í greingerð á bls 121 segir *„Unnið verði áfram að uppbyggingu reiðleiðkerfis innan bæjarlandsins og það tengt við samsvarandi leiðir“*. Í greinagerð á bls 122 er talað um lögð verði áhersla á reiðleiðatengingu við reiðstígakerfi Reykjavíkur og Garðabæjar en ekkert er minnst á tengingu reiðstígakerfis Kópavogs við reiðleiðir í Mosfellsbæ þó svo að bæjarlöndin liggja saman á svæðinu milli Gunnarshólma og austur fyrir Lyklafell.

Á sveitarfélagsuppdrætti vantar allar núverandi reiðleiðir í skipulagstillögurnar þ.e. hjá Gunnarshólma og Geirlandi, með fram Suðurlandsvegi og áfram austur um Sandskeið að reiðleiðum við Bolöldu. Einnig vantar reiðleiðatengingar við reiðleiðir í Mosfellsbæ og Reykjavík þ.e. við Hólmsá, Hraunslóð og Elliðakot. Allar þessar reiðleiðir koma fram á Kortasjá LH en þar koma fram allar reiðleiðir sem eru á aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags, sjá www.map.is/lh

Áform eru um að breikka Suðurlandsveg á þessum kafla nú á næstu misserum og árum og því afar brýnt að reiðvegir séu á staðfestu skipulagi viðkomandi sveitarfélaga. **Að öðrum kosti eru viðhorf Vegagerðarinnar þau að ef reiðvegur er ekki á skipulagi viðkomandi svæðis þá beri Vegagerðinni engar skyldur til að greiða fyrir ríðandi umferð um það svæði**. Í Frummatsskýrslu Suðurlandsvegar frá Hólmsá að Hveragerði frá febrúar 2009 eru m.a. getið og sýnt á kortum reiðleiðir og reiðgöng undir Suðurlandsveg við Lækjarbotna. Í kafla 3.7 hjóla, göngu- og reiðleið á bls. 28 í Frummatsskýrslunni er er sagt frá umræðu og hugmyndum um að reiðleiðin austur fyrir fjall færðist frá Suðurlandsvegi að Hellisheiðaræð.

Reiðveganefnd í Kjalarnesþingi hinu forna
Sæmundur Eiríksson formaður , klopp@simnet.is, gsm 699 7747

Erindið má finna í viðauka greinargerðar (pdf útgáfu) „Viðauki 1: Umsagnir, athugasemdir og ábendingar“.

3.7.31 Umsögn við athugasemd 15, reiðveganefnd Kjalarnesþings hins forna (sjá nr. 10)

Umsögn um athugasemd nr. 15.

Þakkað er fyrir ábendingar og athugasemdir.

15.1

Í greingerð á bls 121 segir „Unnið verði áfram að uppbyggingu reiðleiðkerfis innan bæjarlandsins og það tengt við samsvarandi leiðir“. Í greinagerð á bls 122 er talað um lögð verði áhersla á reiðleiðatengingu við reiðstígakerfi Reykjavíkur og Garðabæjar en ekkert er minnst á tengingu reiðstígakerfis Kópavogs við reiðleiðir í Mosfellsbæ þó svo að bæjarlöndin liggja saman á svæðinu milli Gunnarshólma og austur fyrir Lyklafell. Á sveitarfélagsuppdrætti vantar allar núverandi reiðleiðir í skipulagstillögurnar þ.e. hjá Gunnarshólma og Geirlandi, með fram Suðurlandsvegi og áfram austur um Sandskeið að reiðleiðum við Bolöldu. Einnig vantar reiðleiðatengingar við reiðleiðir í Mosfellsbæ og Reykjavík þ.e. við Hólmsá, Hraunslóð og Elliðakot. Allar þessar reiðleiðir koma fram á Kortasjá LH en þar koma fram allar reiðleiðir sem eru á aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags, sjá www.map.is/lh

Skjal sótt af '0000000000' dags: 17.11.2026

Umsögn – 15.1:

*Sjá umsögn í lið **10.3** (athugasemd nr. 10).*

15.2

Áform eru um að breikka Suðurlandsveg á þessum kafla nú á næstu misserum og árum og því afar brýnt að reiðvegir séu á staðfestu skipulagi viðkomandi sveitarfélaga. Að öðrum kosti eru viðhorf Vegagerðarinnar þau að ef reiðvegur er ekki á skipulagi viðkomandi svæðis þá beri Vegagerðinni engar skyldur til að greiða fyrir ríðandi umferð um það svæði. Í Frummatsskýrslu Suðurlandsvegar frá Hólmsá að Hveragerði frá febrúar 2009 eru m.a. getið og sýnt á kortum reiðleiðir og reiðgöng undir Suðurlandsveg við Lækjarbotna. Í kafla 3.7 hjóla, göngu- og reiðleið á bls. 28 í Frummatsskýrslunni er er sagt frá umræðu og hugmyndum um að reiðleiðin austur fyrir fjall færðist frá Suðurlandsvegi að Hellisheiðaræð.

Umsögn – 15.2:

*Sjá umsögn í lið **10.3** (athugasemd nr. 10).*

3.7.32 Athugasemd 16 – varðandi forsendur Kjóavalla (sjá einnig nr. 10)

Kópavog, 26.05.2022

Efni:

Aðalskipulag Kópavogs 2019 – 2040, tillaga

Undirritaður, Sveinbjörn Sveinbjörnsson, kt. 051052-2349, sem félagsmaður í hestamannafélaginu Spretti, eigandi að hesthúsi að Landsenda 1, hugmyndasmiður varðandi uppbyggingu aðstöðu fyrir hestamenn á Kjóavöllum og jafnframt samningamaður af hálfu hestamannafélagsins Gust varðandi flutning félagsins á Kjóavelli, gerir alvarlegar athugasemdir við ofangreinda tillögu, sem hér greinir.

Ein af forsendum þess að samingar náðust við hestamenn um uppbyggingu á Kjóavöllum í stað Glaðheima var að fyrir lá frumtillaga að skipulagi sem kynnt var á fjölmennum fundi í Glaðheimum nokkrum vikum eftir að undirritaður bar þá hugmynd undir skipulagsstjóra hvort ekki væri mögulegt að flytja starfssemi hestamannafélagins þangað „ef í harðbakkann slægi“. Á þessum fundi og æ síðar á meðan á samningaferlinu stóð var hestamönnum kynnt að tryggt yrði að íbúabyggð myndi ekki þrengja að svæðinu, var það grundvallar forsenda.

Þegar ofangreind tillaga að aðalskipulaginu er skoðuð verður ekki annað séð en þessi forsenda sem kynnt var hestamönnum árið 2006 hafi ekki verið höfð í huga varðandi byggð ofan Landsenda þar sem tillagan virðst gera ráð fyrir íbúðabyggð mjög nærri hesthúsum við þá götu. Svo nærri að með ólíkindum er. Hestamönnum mátti vissulega vera full kunnugt að íbúðabyggð kæmi í hlíðina þar fyrir ofan en að hún yrði sett nánast ofan í hesthúsalóðirnar er fjarri „gefnum loforðum“. Var hugsunin með uppbyggingu á Kjóavöllum sú að tryggt væri að sagan frá Glaðheimum endurtæki sig ekki. Hefur sú mikla uppbygging á Kjóavöllum(hesthús, reiðhöll, vellir, stígar etc), sem kann nú að vera nærri 5 milljörðum í krónum talið, tekið mið af því. Þá er og rétt að minna á að skipulag svæðisins gerir ráð fyrir mun meiri uppbyggingu þar.

Undirritaður væntir þess að tekið verði fullt tillit til þessara athugasemda og er tilbúinn til viðræðna til að útskýra ofangreind sjónarmið frekar.

Virðingarfyllst,

Sveinbjörn Sveinbjörnsson

Erindið má finna í viðauka greinargerðar (pdf útgáfu) „Viðauki 1: Umsagnir, athugasemdir og ábendingar“.

3.7.33 Umsögn við athugasemd 16, forsendur, Kjóavellir (sjá nr. 10)

Umsögn um athugasemd nr. 16.

Þakkað er fyrir ábendingar og athugasemdir.

Nr. 16.

16.1

Undirritaður, Sveinbjörn Sveinbjörnsson, kt. 051052-2349, sem félagsmaður í hestamannafélaginu Spretti, eigandi að hesthúsi að Landsenda 1, hugmyndasmiður varðandi uppbyggingu aðstöðu fyrir hestamenn á Kjóavöllum og jafnframt samningamaður af hálfu hestamannafélagsins Gust varðandi flutning félagsins á Kjóavelli, gerir alvarlegar athugasemdir við ofangreinda tillögu, sem hér greinir.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 17.11.2026

Ein af forsendum þess að samningar náðust við hestamenn um uppbyggingu á Kjóavöllum í stað Glaðheima var að fyrir lá frumtillaga að skipulagi sem kynnt var á fjölmennum fundi í Glaðheimum nokkrum vikum eftir að undirritaður bar þá hugmynd undir skipulagsstjóra hvort ekki væri mögulegt að flytja starfssemi hestamannafélagins þangað „ef í harðbakkann slægi". Á þessum fundi og æ síðar á meðan á samningaferlinu stóð var hestamönnum kynnt að tryggt yrði að íbúabyggð myndi ekki þrengja að svæðinu, var það grundvallar forsenda.

Þegar ofangreind tillaga að aðalskipulaginu er skoðuð verður ekki annað séð en þessi forsenda sem kynnt var hestamönnum árið 2006 hafi ekki verið höfð í huga varðandi byggð ofan Landsenda þar sem tillagan virðist gera ráð fyrir íbúðabyggð mjög nærri hesthúsum við þá götu. Svo nærri að með ólíkindum er. Hestamönnum mátti vissulega vera full kunnugt að íbúðabyggð kæmi í hlíðina þar fyrir ofan en að hún yrði sett nánast ofan í hesthúsalóðirnar er fjarri „gefnum loforðum". Var hugsunin með uppbyggingu á Kjóavöllum sú að tryggt væri að sagan frá Glaðheimum endurtæki sig ekki. Hefur sú mikla uppbygging á Kjóavöllum(hesthús, reiðhöll, vellir, stígar etc), sem kann nú að vera nærri 5 milljörðum í krónum talið, tekið mið af því. Þá er og rétt að minna á að skipulag svæðisins gerir ráð fyrir mun meiri uppbyggingu þar.

Undirritaður væntir þess að tekið verði fullt tillit til þessara athugasemda og er tilbúinn til viðræðna til að útskýra ofangreind sjónarmið frekar.

Umsögn – 16.1:

Línur að skipulagi athafnasvæðis hestamanna á Kjóavöllum og skipulagi íbúðarbyggðar í Vatnsendahlíð voru lagðar því sem næst á sama tíma og í góðu samstarfi félaga í Andvara og í Gusti svo og bæjaryfirvalda. Skipulag Kjóavalla var samþykkt í bæjarstjórnum Kópavogs og Garðabæjar miðsumars 2008 og skipulag Vatnsendahlíðar var samþykkt í bæjarstjórn Kópavogs 2009. Lóðarleigusamningar við hesthúsalóðirnar Landsenda 1-29, sem næstar verða fyrirhuguðu íbúðarhverfi í Vatnsendahlíð voru síðan samþykktir á árunum 2010 og 2016.

Rétt er að mörk fyrirhugaðrar íbúðarbyggðar vestast í Vatnsendahlíð eru ekki sett fram á sama hátt á þéttbýlisuppdrætti gildandi aðalskipulags og í kynntri tillögu að nýjum þéttbýlisuppdrætti (sjá myndir A og B. hér að neðan). Vesturmörk fyrirhugaðs íbúðarsvæðis eru nær hesthúsalóðum við Landsenda í kynntri tillögu að þéttbýlisuppdrætti nýs aðalskipulags en í gildandi aðalskipulagi þar sem verið er að „rétta úr þeim".

Með tilvísan í framkomna athugasemd er hér lagt til að vesturmörk fyrirhugaðs íbúðarsvæðis ofan hesthúsabyggðarinnar við Landsenda verði sett fram á sama hátt og er í gildandi aðalskipulagi 2012-2024 og því óbreytt.

Sjá skýringamyndir hér á eftir.



A. Gildandi þéttbýlisuppdráttur aðalskipulagsins

B. Kynnt tillaga að þéttbýlisuppdrætti aðalskipulagsins

Skjal sótt af '0000000000' dags: 17.11 2026



C. Deiliskipulag af vestasta hluta Vatnsendahlíðar frá 2009.



16-1: *Framsetning með vísan til ábendinga*

3.7.34 Athugasemd 17, Kjóavellir og nágrenni

Kópavogur 27.05.21

Varðandi aðalskipulag fyrir Vatnsendahlíð og nágrenni Kjóavalla

Við andmælum núverandi aðalskipulagi og því hversu nálæg byggð er skipuögð við hestushúshverfið Kjóavellir samkvæmt skipulags tillögu Kópavogsbæjar.

Það að setja byggðina svo nálægt núverandi hesthúsabyggð, varðar öryggismál hestamanna sem ríða um þetta svæði. Nú þegar er byggðin komin of nálægt svæðinu og farin að hafa veruleg áhrif á hestamenn sem nýta svæðið. Vaxandi aðsókn í sameiginleg svæði og þyngri umferð skapar hættu fyrir hestamenn og gerir þeim illkleift að ríða út um svæðið og stunda sína hestamennsku.

Til þess að hesthúsasvæðið Kjóavellir sem búið er að úthluta til hestamanna ásamt reiðleiðum nái að þjóna tilgangi sínum, verður að ákvarða stærra helgunarsvæði í kringum hesthúsahverfið og allar reiðleiðir. Afmarka verður heshúsahverfið betur frá íbúðarhverfi og takmarka þarf óviðkomandi bílaumferð í gegnum hesthúshverfið. Það að þétta byggðina svona ofan í hesthúsasvæðið er einnig til óþæginda fyrir væntanlega íbúa, það er of mikiil nálægð við hesthúsin með öllu sem þeim fylgja.

Það skal bent á að þetta svæði nýtur mikillra vinsældar í núverandi mynd meðal hestamanna og mikil aðsókn í þær lóðir sem hafa verið til sölu, nú er verið að úthluta Garðabæjar megin þannig að hverfið fer stækkandi, því verður að vanda til verka við skipulagið og gera ráð fyrir þeirri starfsemi sem er á Kjóavöllum og veita íþróttinni það heglunarsvæði sem þarf til, ef svæðið á að þjóna tilgangi sínum.

Við óskum eftir kynningu og betra samstarfi Kópavogsbæjar við eigendur hesthúsa á svæðinu.

Með kveðju

Nafn Snorri Freyr Garðarsson, Kt. 251172-4129, Húseignir: Heimsendi 16 B og Asparhvarf 17c

Erindið má finna í viðauka greinargerðar (pdf útgáfu) „Viðauki 1: Umsagnir, athugasemdir og ábendingar".

Skjal sótt af '0000000000' dags: 17.11 2026

3.7.35 Umsögn við athugasemd 17, Kjóavellir og nágrenni

Umsögn um athugasemd nr. 17 og 18.

Þakkað er fyrir ábendingar og athugasemdir.

Samhljóða erindi nr. 17 og 18.

Umsögn – 17 og 18:

Þegar unnið var að skipulagi hesthúsahverfisins á Kjóavöllum var á sama tíma verið að vinna að skipulagi fyrirhugaðs íbúðarsvæðis í Vatnsendahlíð. Í því sambandi er vert að minna á að í þeirri vinnu voru gerðar róttækar breytingar á skipulagi fyrirhugaðrar byggðar austan Kjóavallasvæðisins við Stóra-Bás (sjá meðfylgjandi skýringarmynd). Fólust þær breytingar m.a. í því að hætt var við fyrirhugað atvinnusvæði við Traðaþing sem átti samkvæmt skipulaginu að vera tæplega 20.000 m2 að flatarmáli. Austan atvinnusvæðisins stóð jafnframt til að byggja um 150 íbúðir í fjölbýli og sérbýli við Stapaþing. Fallið var frá þeim hugmyndum einnig.

Í samtalinu um framtíðarbyggð á svæðinu m.a. við hestamenn var fallið frá þessari byggð við Stóra-Bás fyrst og fremst til að auka hlut opinna svæða og tryggja öruggari og greiðari reiðleiðir frá hesthúsahverfinu á Kjóavöllum til austurs og suðurs (Vatnsendaheiði, Heiðmörk og að Grunnuvötnum).

Tekið er undir það sem fram kemur í ofangreindri ábendingu að tryggja þurfi hesthúsahverfi Spretts rými og mikilægi þess að gott samspil ríki á milli hverfisins og aðliggjandi byggðar. Reynt hefur verið að sjá til þess í uppbyggingu lands í Vatnsenda að svo sé.

Sjá einnig skýringarmynd hér á eftir.

*Sjá jafnframt **umsagnir** í liðum **10.5 og 16.1** (athugasemdir nr. 10 og nr.16).*



Skýringarmynd af skipulagi Vatnsendahlíðar frá 2008 sem sýna þau byggingarsvæði sem voru felld út.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 17.11 2026

3.7.36 Athugasemd 18, Kjóavellir og nágrenni (sjá nr. 17)

Kópavogur 27.05.21

Varðandi aðalskipulag fyrir Vatnsendahlíð og nágrenni Kjóavalla

Ég andmæli núverandi aðalskipulagi og því hversu nálægt íbúðabyggð er skipuögð við hesthúshverfið á Kjóavöllum samkvæmt skipulagstillögu Kópavogsbæjar.

Það að setja byggðina svo nálægt núverandi hesthúsabyggð, varðar öryggismál hestamanna sem ríða um þetta svæði. Nú þegar er byggðin komin of nálægt svæðinu og farin að hafa veruleg áhrif á hestamenn sem nýta svæðið. Vaxandi aðsókn í sameiginleg svæði og þyngri umferð skapar hættu fyrir hestamenn og gerir þeim illmögulegt að ríða út um svæðið og stunda sína hestamennsku.

Til þess að hesthúsasvæðið á Kjóavöllum sem búið er að úthluta til hestamanna ásamt reiðleiðum þar í kring nái að þjóna tilgangi sínum, verður að ákvarða stærra helgunarsvæði í kringum hverfið og allar reiðleiðir. Afmarka verður heshúsahverfið betur frá íbúðarhverfi og takmarka þarf óviðkomandi bílaumferð í gegnum hverfið. Það að þétta byggðina svona ofan í hesthúsasvæðið er einnig til óþæginda fyrir væntanlega íbúa, það er of mikill nálægð við hesthúsin með öllu sem þeim fylgir.

Það skal bent á að þetta svæði nýtur mikilla vinsælda í núverandi mynd meðal hestamanna og mikil aðsókn í þær hesthúsalóðir sem hafa verið til sölu. Nú er verið að úthluta Garðabæjar megin þannig að hverfið fer stækkandi, því verður að vanda til verka við skipulagið og gera ráð fyrir þeirri starfsemi sem er á Kjóavöllum og veita íþróttinni það heglunarsvæði sem þarf til, ef svæðið á að þjóna tilgangi sínum.

Ég óska eftir að Kópavogsbær kynni skipulagið betur fyrir félagsmönnum í Spretti og að þeir sem komi að skipulagsvinnunni þekki til hestamennsku í þéttbýli.

Með kveðju,

Kolfinna Guðmundsd.

Kolfinna Guðmundsdóttir

011265 5889

Félagi í Hestamannfélaginu Spretti.

Erindið má finna í viðauka greinargerðar (pdf útgáfu) „Viðauki 1: Umsagnir, athugasemdir og ábendingar".

3.7.37 Umsögn við athugasemd 18, Kjóavellir og nágrenni (sjá nr. 17)

Umsögn um athugasemd nr. 17 og 18.

Þakkað er fyrir ábendingar og athugasemdir.

Samhljóða erindi nr. 17 og 18.

Umsögn:

*Sjá umsögn við erindi nr. **17** (athugasemd merkt nr. 17).*

Skjal sótt af '0000000000' dags: 17.11.2026

3.7.38 Athugasemd 19 – f.h. lóðarhafa í Auðbrekku

Kópavogi 2021.05.27

Erindi:
Athugasemdir við tillögu að Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040

Fyrir hönd lóðarhafa Auðbrekku 16 og 22 vil ég óska eftir því að íbúðafjöldi á lóðunum Auðbrekku 16-32 verði þannig að heimilt verði að hafa 4 íbúðir á 1 og 2. hæð allra þessara raðhúsa með sömu aðkomu frá Löngubrekku.

Í dag er aðeins heimilt að hafa 3 íbúðir á 1. og 2. hæð húsa 20-32, en 16 oh 18 eru undanskilin.

Ég óska eftir því að í Þróunarsvæði 2 verði gert verði ráð fyrir 36 íbúðum á þessum deiliskipulagsreit í stað 21 íbúðir eins og það er í dag.



Með bestu kveðju.

Jakob E. Líndal
Arkitekt faí

Erindið má finna í viðauka greinargerðar (pdf útgáfu) „Viðauki 1: Umsagnir, athugasemdir og ábendingar".

3.7.39 Umsögn Kópavogsbæjar við athugasemd 19, Auðbrekka

Umsögn um athugasemd nr. 19.

Þakkað er fyrir ábendingar og athugasemdir.

*Sjá umsögn við athugasemd **nr. 14** (í kafla 3.6.29).*

3.7.40 Athugasemd 20, hmf Sprettur (sjá nr. 10)

Góðan dag.

Meðfylgjandi er bréf frá hmf Spretti og vísa ég í fylgiskjal Reiðveganefndar Spretts sem þegar hefur verið sent Kópavogsbæ með reiðleiðum í upplöndum Kópavogs og kort með tillögum að nýjum reiðstígum á Vatnsendaheiði, grænar línur, gul lína er stígur með blandaðri umferð, rauðar línur núverandi reiðleiðir á Vatnsendaheiði.

Fyrir hönd hmf Spretts, Lilja Sigurðardóttir.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 17.11.2026

Hestheimum 26. maí 2021

Efni:

Aðalskipulag Kópavogs 2019 – 2040, tillaga

Hér að neðan fara athugasemdir hestamannafélagsins Spretts sem er félag hestamanna sem hafa aðstöðu í Kópavogi og Garðabæ á athafnasvæði sem liggur á mörkum þessara tveggja bæjarfélaga. Í félaginu eru 1664 félagar þar af 872 ungmenni undir 18 ára aldri. Stjórn hmf. Spretts setur þessar athugasemdir fram fyrir hönd félagsmanna.

Í tillögum að Aðalskipulagi Kópavogs 2019–2040 er í greinargerð kafla 5.1.3 fjallað um göngu-, hjóla og reiðstíga. Þar er eðli máls fjallað um öryggi hjóla- og göngustíga í samræmi við heimsmarkmið 11.2 um öruggar og sjálfbærar samgöngur, það er vel. Í þessum hluta greinargerðarinnar er lítið getið reiðstiga, aðeins þetta:

Á svæði hestamanna á Kjóavöllum verður áhersla lögð á reiðleiðatengingu við útivistarsvæðin við Elliðavatn, Vatnsendahlíð og reiðstígakerfi Reykjavíkur og Garðabæjar en eldri reiðleiðum um Linda- og Salahverfi verður breytt í göngu- og hjólreiðastíga.

Stjórn hmf. Spretts getur fallist á að reiðstígar í Linda- og Salahverfum falli út af skipulagstillögum, en krafa er gerð um að aðrir reiðstígar tengdir Kjóavallasvæðinu komi í staðin þá horfa Sprettarar einkum til Vatnsendaheiði. (Í meðfylgjandi fylgiskjali eru tillögur Spretts um fjölgun reiðstíga á Vatnsendaheiði).

Í kaflanum Bæjarhluti 5 Vatnsendi bls. 193 er getið tveggja nýrra reiðleiða annars vegar liður 12 sem mun vera u.þ.b. 1,5 mtr. breiður reiðstígur meðfram akvegi í Dimmuhvarfi og hins vegar liður 15 reiðstígur austan til í Vatnsendahlíð milli Stóra-Bás og Vatnsendavatns. Að mati félagsins eru þetta ekki góð skipti fyrir reiðstíga um Linda- og Salahverfi. Augljóst er að það sem kemur í stað þess sem taka á er mun lakara og hentar hestamönnum ver. Auk þess sem bent er á að trjágróður hindrar för um nýjan reiðstíg í Dimmuhvarfi.

Á sveitarfélagsuppdrætti vantar allar núverandi reiðleiðir í skipulagstillögurnar, t.d. hjá Gunnarshólma og Geirlandi, meðfram Suðurlandsvegi og áfram austur um Sandskeið að reiðleiðum við Bolöldu. Einnig vantar reiðleiðatengingar við reiðleiðir í Mosfellsbæ og Reykjavík þ.e. við Hólmsá, Hraunslóð og Elliðakot. Áform eru um að breikka Suðurlandsveg á þessum kafla nú á næstu misserum og árum og því afar brýnt að reiðvegir séu á staðfestu skipulagi viðkomandi sveitarfélaga. (Sjá meðfylgjandi fylgiskjal,

kortmynd úr kortasjá Landssambands hestamannafélaga þar sem ofangreindar reiðleiðir koma fram www.map.is/lh).

Við sunnanvert Elliðavatn er skipulagi frestað, í greinargerð er þó getið útivistarstíga við Elliðavatn. Reiðleið sunnan Elliðavatns frá Vatnsendahlíð við Vatnsendavatn að áningum við Vatnsvík er ekki sýndur á tillögu að aðalskipulaginu, það er ekki ásættanlegt. Reiðleið umhverfis Elliðavatn er ein vinsælasta og fjölmennesta reiðleið á höfuðborgarsvæðinu frá því í janúar ár hvert og fram eftir júní. Hestamenn er eini aðilinn sem hefur viðhaldið reiðleiðum við sunnanvert Elliðavatn undanfarna tvo áratugi, hestamenn í hmf. Spretti og Fáki eru notendur að þessari reiðleið og tryggja verður að svo geti verið áfram.

Tengingu vantar frá reiðstíg við Dimmuhvarf vestanvert við reiðstígakerfi Fáks í Víðidal, t.d. með nýrri reiðbrú yfir Elliðaár ofan við Heyvað.

Allir reiðstígar þurfa að vera sjálfstæðir og með ákveðið öryggissvæði gagnvart annari umferð, bæði akandi, hjólandi og gangandi o.þ.h. Reiðstígar þurfa að vera vandlega merktir sem slíkir og að þeir séu ekki ætlaðir annari umferð, til eru þó stígar með blandaðri umferð t.d. á Vatnsendaheiði, þar sem vegfarendur taka tillit til hvers annars og víkja eftir sem við á.

Hestamannafélagið Sprettur kallar eftir samráði við hestamenn um skipulag og uppbyggingu reiðstíga og öryggismála þeim tengd, en ekkert samráð hefur átt sér stað við hestamenn við gerð aðalskipulagstillagnana Kópavogs 2019-2040.

Þá gerir Hestamannafélagið Sprettur athugasemdir við áætlanir um mikla og þétta íbúðabyggð í Vatnsendahlíðhlíð ÍB-7 þar sem áform eru um allt að 12 hæða fjölbýlishús auk svæðis fyrir skóla og leikskóla. Sérstaklega er þó mótmælt íbúðabyggð í hlíð og á brún hæðar ofan við hesthúsin við Landsenda. Færa má akveg að Guðmundarlundi (Leiðarenda) lítillega til vesturs nær brún og hafa enga byggð vestan vegarinns þ.e. í hlíð og á brún ofan við hesthúsin við Landsenda.

Hestamannafélagið Sprettur er fjölmennasta hestamannafélag landsins með tæplega 1700 félagsmenn, ótækt er að hafa uppi áform um að þrengja að félagssvæðinu eins og þessi áform aðalskipulagstillagna sýna.

Virðingarfyllst

f.h. Hestamannafélagsins Spretts

Sverrir Einarsson, form.

Fylgiskjöl:

Kort með reiðleiðum í upplöndum Kópavogs og kort með tillögum að nýjum reiðstígum á Vatnsendaheiði, grænar línur, gul lína er stígur með blandaðri umferð, rauðar línur núverandi reiðleiðir á Vatnsendaheiði.

Erindið auk fylgiskjala má finna í viðauka greinargerðar (pdf útgáfu) „Viðauki 1: Umsagnir, athugasemdir og ábendingar“.

Skjal sótt af '000000000000' dags: 17.11.2026

3.7.41 Umsögn við athugasemd 20, hmf Sprettur

Umsögn um athugasemd nr. 20.

Þakkað er fyrir ábendingar og athugasemdir.

Hér að neðan fara athugasemdir Sverris Einarssonar f.h. hestamannafélagsins Spretts sem er félag hestamanna sem hafa aðstöðu í Kópavogi og Garðabæ á athafnasvæði sem liggur á mörkum þessara tveggja bæjarfélaga.

Í félaginu eru 1664 félagar þar af 872 ungmenni undir 18 ára aldri. Stjórn hmf. Spretts setur þessar athugasemdir fram fyrir hönd félagsmanna.

20.1

